GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR

*Kaupir sér helst föt á ferðalögum utanlands*

tíska heimili heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




VINNUVÉLAR

*3.500 gámar á fleygiferð*

Sérblað um vinnuvélar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. febrúar 2008 — 58. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Ævintýri í smáheimum



Myndlistarmaðurinn Egill Sæbjörnsson opnar sýningu á nýjum myndbandsverkum í dag.

MENNING 67

### Ganga í margs konar störf

Félag dúklagninga- og veggfóðrarameistara fagnar því að 80 ár eru liðin síðan það var stofnað í Baðstofu iðnaðarmanna í Reykjavík.

TÍMAMÓT 34

### Slys í skíðaferð



Þórir Guðmundsson rifbeins- og viðbeinsbrotnaði í skíðaferð í ítölsku Ölpunum.

FÓLK 58

### Enn á ný í úrslitaleik



Guðríður Guðjónsdóttir stýrir liði sínu í bikarúrslitaleik í Höllinni á laugardaginn. Hún hefur sjálf unnið bikarinn tólf sinnum.

SPORT 52

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA ÉL** Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt til landsins en hvassara með ströndum einkum sunnan og austan til. Víða él en úrkomulítið fyrir austan síðar í dag. Frost 0-9 stig kaldast til landsins.

VEÐUR 4



**LOÐNAN KOMIN** Kátir voru karlar á Sighvati Bjarnasyni sem kom til hafnar í Vestmannaeyjum í gær en hann fékk um 1.100 tonn í einu kasti. Hér eru þeir Ingvar Þór Gylfason og Gunnar Ingi Gíslson með fullar hendur af loðnu. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

# Loðnuveiðar leyfðar eftir sex daga stopp

**Sjávarútvegsráðherra gaf út 100 þúsund tonna loðnukvóta í gær. Fiskifræðingum Hafrannsóknastofnunar tókst að mæla vestari gönguna sem talin er vera 470 þúsund tonn. Mokveiði er hjá skipunum sem taka risaköst uppi í fjöru.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það er alla vega búið að blása á þessar efasemdaraddir um ástand stofnsins, þetta undirstrikar það að við höfum verið að nýta stofninn með réttum hætti,“ segir Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar.

Loðnuveiðar voru leyfðar að nýju í gær á grundvelli ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra gaf út reglugerð þess efnis síðdegis og jafnframt var gefið út breytt heildaraflamark. Í hlut Íslendinga koma um 100 þúsund tonn í stað þeirra 121 þúsund tonna sem áður var búið að úthluta. Sjómenn segja mikið magn loðnu á ferðinni eða eins og best gerist á þessum tíma árs. Skip fá stór köst og rífa veiðarfærin.

Fiskifræðingum um borð í Árna Friðrikssyni tókst í fyrrakvöld að mæla loðnugönguna sem var undan Skógasandi, austan Vestmannaeyja. Mældist torfan um 470 þúsund tonn sem réttlætir veiði, en áður var talið að stærð veiðistofns væri aðeins 200-270 þúsund tonn. Stærð stofnsins var því mæld langt undir því sem gildandi aflaregla gerir ráð fyrir að skilið sé eftir til hrygningar, en það eru 400 þúsund tonn. Sjávarútvegsráðherra stöðvaði veiðar síðastliðinn fimmtudag eftir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, segir að skipverjar á Árna Friðrikssyni muni enn fylgjast með miðum á svæðinu sem er undan suðurströndinni milli Ingólfshöfða og Víkur, en einnig sé verið að leita fyrir austan land og vestan. Hann telur þó ekki tímabært að segja til um það hvort frekar verði bætt við heimildina.

Torfan er mjög þétt og fékk Sighvatur Bjarnason VE um 1.100 tonn í kasti sem er stærsta kast sem áhöfnin þar um borð man eftir. Svipað var uppi á teningnum hjá öðrum skipum, til dæmis rifnuðu veiðarfærin á Hugin VE undan aflanum. - shá/jse

Fundur um skipan dómara:

## Vandamálið er Björn Bjarnason

**STJÓRNSÝSLA** Þótt deila megi um aðferðafræði við skipan dómara hafa ráðherrar í gegnum tíðina almennt fylgt niðurstöðum matsnefndar og Hæstaréttar við skipan dómara, segir Hrafn Bragason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Þannig gekk þetta allt þar til Björn Bjarnason tók við embætti dómsmálaráðherra, segir hann. Vandamálið er ekki kerfið sjálft, „vandamálið að mínu mati er þessi ráðherra“, sagði Hrafn, þegar hann kvaddi sér hljóðs í málstofu um skipan dómara í Háskóla Íslands í gær. - bj / sjá síðu 6

Á stærð við þrjár Kringlur:

## Sjúkrahúsið rís við Hringbraut

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýtt háskólasjúkrahús mun rísa við Hringbraut. Samanlagt flatarmál þess verður um 150 þúsund fermetrar, eða um það bil þrjár Kringlur. Gangi undirbúningsvinna að óskum verður hægt að byrja á fyrsta áfanga árið 2009 eða 2010.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra og Inga Jóna Þórðardóttir, formaður nefndar um byggingu sjúkrahússins, kynntu stöðuna í gær. - sþs / sjá síðu 10

Árekstrar í Eyjafirði:

## Níu slösuðust

**LÖGREGLUMÁL** Níu slösuðust í tveimur umferðarslysum sem urðu um klukkan fjögur í gær á Svalbarðsstrandarvegi skammt utan Akureyrar.

Ökumaður missti stjórn á bíl sínum í hálkunni og lenti á bíl sem kom úr gagnstæði átt. Sjö slösuðust en enginn þó alvarlega, að sögn lögreglunnar á Akureyri.

Skömmu áður hafði jeppi runnið til og lent með hliðina aftan á skólarútu. Tveir menn voru í jeppanum og þurfti klippur til að ná þeim út. Þeir voru fluttir á slysadeild til frekari rannsóknar. - jse

Íslenskt fyrirtæki gerir fótboltaliði kleift að selja vörur á meðan leikur stendur:

## Selja trefla og treyjur United

**VIÐSKIPTI** Íslenska fyrirtækið Handpoint hefur sett upp handtölvulausn á Old Trafford, heimavelli Manchester United, sem gerir liðinu kleift að selja áhorfendum vörur á meðan leikur stendur.

„Það átti einn frá okkur að fara út og fylgjast með notkun kerfisins í fyrsta leiknum sem var gegn Arsenal. Við tókum auðvitað ekki annað í mál en að fá þá miða á leikinn og fórum allir út. Þetta var svakaleikur; fjögur-núll fyrir Manchester!“ segir Davíð Guðjónsson, framkvæmdastjóri Handpoint.

Fyrirtækið varð fyrst í heimi til að fá ákveðna greiðslukortavottun á handtölvur með aðstoð Tækniþróunarsjóðs og skaut þá sjálfu Apple-fyrirtækinu ref fyrir rass.

Síðan hefur verið unnið að því í fjögur ár að smíða hugbúnaðinn og koma honum á markað.

„Þetta er allt sem venjulegur búðarkassi getur gert í lítilli handgreiðslutölvu og er að ryðja sér til rúms víða. Manchester rekur stóra verslun sem veltir miklu en vandinn er sá að 75.550 manns koma á leikinn og þeir komast ekki allir í búðina í einu,“ segir Davíð.

Með þessu kerfi geti sölumenn til dæmis farið inn í básana í hita leiksins og selt áhorfendum. Um leið er gengið frá pöntuninni annars staðar á vellinum, án nokkurra tafa. - kóþ


TOP REITER

*Heldur ykkur heitum!*



TOP REITER

Ögurhvarfi 2 • s. 565 5151

topreiter@topreiter.is

Stóri BÓKAMARKAÐURINN Perlunni

28. febrúar til 9. mars

Opið 10–18 alla daga




MYLLAN

HEIMILIS BRAUÐ

Veldu ekta Myllu Heimilisbrauð

- brauðið sem allir á heimilinu velja

## SPURNING DAGSINS



*Beggi, sérðu fram á að fara aftur í skóla?*

„Ég sé enga ástæðu til annars. Ég er meira að segja búinn að kíkja á skólann.“

Nýjar blindraletursmerkingar í byggingum Háskóla Íslands hafa haft góð áhrif, og tveir blindir skráð sig í skólann í kjölfarið. Uppistandarinn Bergvin Oddsson, kallaður Beggi blindi, segist ánægður með breytingarnar.

Ætlumst til að okkur sé bæði sýnd virðing og veitt, segir framkvæmdastjóri Strætó:

# Vagnstjóri sneri niður unglingspilt

**SAMGÖNGUR** Bílstjóri strætisvagns veittist að þréttán ára dreng við Strandgötu í Hafnarfirði um klukkan hálf fimm í gær.

Að sögn Aðalbjargar Ágústsdóttur, móður drengsins, stóð hann ásamt vinum sínum við götuna með snjóbolta í hendi þegar vagninn stöðvaði skyndilega. Vagnstjórinn hafi stigið út og snúið drenginn, Sindra Snæ Guðmundsson, niður í götuna.

„Hann skellti honum niður og kallaði hann öllum illum nöfnum,“ segir hún. „Sonur minn kastaði ekki neinum snjóbolta í strætóinn, það voru mörg vitni að því.“

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó, segir aðra sögu af málinu. Piltarnir hafi verið að kasta snjóboltum í bílinn og vagnstjóranum brugðið við það. Hann hafi talið drengina vera þá sömu og brutu rúðu vagns sem hann ók í síðustu viku, stöðvað bílinn og farið út.

Þar hafi hann „hreytt einhverju í þá og kannski tuskað þá eitthvað til.“ Reynir segir að rætt verði betur við manninn í dag en hann var á vakt til miðnættis í gærkvöldi.

„Ef við höfum gert eitthvað rangt biðjumst við afsökunar á því,“ segir hann. „En við erum að þjónusta almenning og ætlumst til þess að virðing sé sýnd á báða bóga.“ **- sþs**



**AUMUR** Aðalbjörg Ágústsdóttir og sonur hennar Sindri Snær Guðmundsson. Hann kveðst aumur í bakinu eftir að vagnstjórinn sneri hann niður í götuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðalfundur SPRON í gær:

# Samþykkt að lækka þóknun

**VIÐSKIPTI** Samþykkt var tillaga Vilhjálms Bjarnasonar, framkvæmdastjóra Samtaka fjárfesta, á aðalfundi SPRON í gær að lækka þóknun til stjórnarmanna um allt að helming. Þóknun stjórnarformanns lækkar úr 400 þúsund krónum á mánuði í 200 þúsund. Aðrir stjórnarmenn fara úr 210 þúsundum á mánuði í 120 þúsund krónur. Ekki var sérstaklega kosið um tillöguna heldur sú fyrri dregin til baka.

Tveir nýir stjórnarmenn voru kjörnir í stjórn SPRON. Rannveig Rist og Margrét Guðmundsdóttir koma nýjar inn. Eru þá tvær konur í fimm manna stjórn. **- bg**

Ógagnsær opinber rekstur:

# Vill sjá uppgjör

**VIÐSKIPTI** Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Skipta, vill að Gagnaveitan, sem áður hét Lína net og er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, leggi fram ársuppgjör eins og Póst- og fjarskiptastofnun úrskurðaði að þeim bæri árið 2006. Sagði hann á aðalfundi Skipta í gær það skjóta skökku við að enn þurfi að búa við samkeppni frá opinberum aðila við rekstur fjarskiptaneta. **- bg**



**ÚR HEIMSÓKNINNI** Hjónin heilsa hér nemendum í samverustundinni í Hrafnagilsskóla í gær. MYND/HEIÐA.IS

Forsetahjónin:

# Heimsóttu Hrafnagilsskóla

**MENNTUN** Forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Mousaieff heimsóttu Hrafnagilsskóla í Eyjarfjarðarsveit í gærmorgun. Skólinn hlaut Íslensku menntaverðlaunin árið 2007 í flokki skóla sem sinnt hafa vel nýsköpun og farsælu samhengi í fræðslustarfi.

Fóru þau um kennslustofur og kynntu sér kennsluhætti og aðbúnað en svo voru þau við sérstaka samverustund í sal skólans. Þar ávarpaði forsetinn nemendur sem létu svo ekki á sér standa meðan þegar hann sat fyrir spurningum. Ekki sat hann þó aðeins undir spurningaflóði því nemendur fluttu honum tónlist og höfðu ofan af fyrir honum með öðrum atriðum. **- jse**

# Ströndin hopar hratt inn að Vík í Mýrdal

**Nær 400 metrar af ströndinni við Vík í Mýrdal eru horfnir vegna ágangs sjávar síðan 1970. Mikið hefur horfið í hafið í vetur. Gerð hundruð milljóna króna sjóvarnargarðs verður líklega flýtt. Kötlugos myndi leysa málið með aurburði.**

**UMHVERFISMÁL** Mýrdalshreppur vill að Siglingastofnun endurskoði fyrirliggjandi áætlanir með það í huga að flýta framkvæmdum til varnar ströndinni við Vík í Mýrdal.

„Um 1970 hófst landbrot af völdum sjávar á ströndinni framan við Vík. Síðan hafa 300-400 metrar horfið af ströndinni og þar með umfangsmiklar landgræðsluaðgerðir sem unnið hefur verið að á síðastliðnum sextíu árum,“ segir um þróun og stöðu málsins í fundargerð sveitarstjórnarinnar.

Eftir rannsóknir á landbrotinu á árunum eftir 1990 voru lagðar fram tillögur um aðgerðir til að verja ströndina og hefur verið unnið eftir þeim frá árinu 1994. Í siglingamálaáætlun er gert ráð fyrir því að verja tíu milljónum króna á næsta ári til að undirbúa varnaraðgerðir og 30 milljónum til að hefja framkvæmdir á árinu 2010. Heimamenn telja að þessu þurfi hugsanlega að flýta.



**SVEINN RUNÓLFSSON**

Sigurður Áss Grétarsson, forstöðumaður hafnarsviðs Siglingastofnunar, segir að óvenju mikill lægðagangur í vetur hafi brotið svo mikið af ströndinni niður að líklega þurfi að hraða framkvæmdunum. Hann segir áætlun frá 2006 gera ráð fyrir að verja alls 500 milljónum króna í sjóvarnir við Vík, þar af séu 160 milljónir vegna þess sem sé bráðnauðsynlegt vestan við Víkurá.

„Við höfum verið að draga þessa framkvæmd í lengstu lög vegna þess að um leið og Kötluhlaup verður, og ef hlaupið fer hefðbundinn farveg, þá fyllist víkin af sandi og garðarnir verða langt inni í landi og óþarfir,“ segir Sigurður. Eftir Kötlugosið 1918 færðist ströndin fram um 500 til 600 metra.

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri segir uppgræðslu á sandinum neðan við Vík hafa hafist þegar byggðin þar fór að aukast upp úr 1950.

„Sjórinn hefur unnið jafnt og þétt á okkar sandfoksvörnum og nú er svo stutt bil að syðstu húsunum að það er orðið mjög lítið pláss til að koma sandvörnum við,“ segir Sveinn sem telur að betra hefði verið að bregðast fyrr við.

„Við höfum varað við því að ef menn ætluðu á annað borð að fara þarna í sjóvarnaraðgerðir væri afskaplega slæmt að hafa svona mjótt bil milli fjöru og byggðar.“

gar@frettabladid.is



**VÍKURFJARA Á ÞRIÐJUDAG** Hafið færist stöðugt nær byggðinni í Vík í Mýrdal. Varnargarður sem áður var með bökkum Víkurár er nú grjóthrúga niðri í fjöru. MYND/SIGURÐUR HJÁLMARSSON



**CLINTON** Vafðist heldur betur tunga um tönn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kappræður Demókrata:

# Hillary vafðist tunga um tönn

**BANDARÍKIN** Sjónvarpskappræður sem keppinautarnir um forsetaframboðsútnefningu Demókrataflokksins vestra, Hillary Clinton og Barack Obama, áttu í Cleveland í Ohio í fyrrakvöld, virðast ekki hafa veitt Clinton þann meðbyr sem hún þurfti á að halda.

Fátt kom á óvart í hinum á köflum snörpu orðasennum þar til kom að umræðu um utanríkismál. Þegar Clinton var beðin að nefna væntanlegan arftaka Vladimírs Pútíns Rússlandsforseta vafðist henni tunga um tönn. „Ee - Med - e - Meddevedde, Neverdever, eitthvað,“ sagði hún er hún reyndi að bera fram nafn Dmítrí Medvedevs

Þetta mismæli þótti gjaldfella þá áherslu sem Clinton hefur lagt á yfirgripsmikla þekkingu og reynslu sína á vettvangi alþjóðastjórnmála. **- aa**

Umferðarslys á Reykjanesi:

# Fótbrotnaði í hörðum árekstri

**LÖGREGLUMÁL** Árekstur tveggja bíla varð á Reykjanesbraut skammt frá Vogum klukkan rúmlega sex í gærkvöldi. Einn maður var í hvorum bíl og fótbrotnaði annar þeirra en hinn fór heim eftir læknisskoðun. Beita þurfti klippum til að ná öðrum bílstjóranum úr bílnum.

Bílarnir eru taldir gjörónýtir og voru þeir fjarlægðir með kranabílum. **- jse**




Sjómönnum og útgerðarmönnum er létt:

# Loðnan sprengir veiðarfærin

**SJÁVARÚTVEGUR** Áhafnir á fjórum loðnuskipum sem tóku þátt í rannsóknum með Hafrannsóknastofnun fylltu nætur sínar af loðnu. Torfan er mjög þétt og rifnuðu veiðafærin á Hugin VE þegar kastað var á miðunum við Reynisdýpi.

Sighvatur Bjarnason VE fékk um 1100 tonn í einu kasti og segist Helgi Valdimarsson skipsstjóri ekki muna eftir öðru eins. Hann var að vonum himinlifandi með að veiðibanninu skyldi aflétt.

Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar segir þetta sýna að stofnin hafi verið rétt nýttur og menn hafi ekki farið offörum við veiðar. Hann segir þetta einnig sýna fram á mikilvægi þess að auka rannsóknir en forsvarsmenn Síldarvinnslunnar hafa greint frá áformum sínum um að taka beinan þátt í þeim.

Þegar bannið var sett á bentu rannsóknir til þess að um 200 til 270 þúsund tonn af loðnu væru á miðunum. „Það er náttúrulega óþægilegt að búa við þetta óöryggi,“ segir Gunnþór. „Í upphafi áttum við von á 300 þúsund tonna heildarkvóta, svo var ákveðið að hann yrði ekki nema 121 þúsund tonn og svo kom veiðistöðvun og nú er hún blásinn af. En ég tel ekki loku fyrir það skotið að kvótinn verði aukinn ennfremur.“ **- jse**



**RÁÐHERRANN FESTIR LANDFESTAR** Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra tekur á móti Hugin í Vestmannaeyjahöfn. Reyndar var þetta ekki ferð til fjár hjá áhöfninni því gat kom á veiðarfærin og varð því aflinn mun minni efni stóðu til. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

# STÓR OG STERKUR

NÝJA EURO IV COMMONRAIL 184 HESTAFLA DÍSILVÉLIN FULLKOMNAR EINN STERKASTA JEPPA SEM FYRIRFINNST. KOMDU OG PRÓFAÐU.






## Nissan Patrol

**SE** SJÁLFSKIPTUR

KOSTAR AÐEINS

**4.990.000 kr.**

**Staðalbúnaður** er m.a: Hátt og lágt drif, 100% driflæsing að aftan, ABS hemlar, loftpúðar fyrir ökumann og farþega í framsæti, NATS ræsivörn með gaumljósi, hraðastillir (cruise control), loftræsting, hiti í sætum, öll bílbelti 3ja punkta, framsæti með mjóhryggsstuðningi og hæðarstillingu, hitastokkar í afturrými, rafdrifnar rúður og útispeglar, útvarp og 6 diska geislaspilari, 6 hátalarar, 6 glasahaldarar, 12v raftengi, leðurklætt stýri, gír- og drifstangir, viðarklæðning í mælaborði, samlæsingar, litað gler, kastarar í stuðara, 17" álfelgur.

ENNEMM / SÍA / NM31939



## Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

IH INGVAR HELGASON

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

## GENGIÐ 27.02.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,21 | 65,53 |
| Sterlingspund | 129,6 | 130,24 |
| Evra | 98,13 | 98,67 |
| Dönsk króna | 13,16 | 13,238 |
| Norsk króna | 12,493 | 12,567 |
| Sænsk króna | 10,505 | 10,567 |
| Japanskt jen | 0,6126 | 0,6162 |
| SDR | 104,38 | 105 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

128,5887

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fulltrúi F-lista í umhverfis- og samgönguráði Reykjavíkur:

# Nágrannarnir í vegi Strætós

**SAMGÖNGUR** Fulltrúi F-lista í umhverfis og samgönguráði Reykjavíkurborgar, Ásta Þorleifsdóttir, neitar því ekki að til greina komi að endurskoða núverandi samstarf sveitarfélaga um rekstur strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu.

Ástæðuna fyrir ýmsum vandræðum og töfum við afnám gjaldskyldu og endurreisn strætisvagnakerfisins megi að miklu leyti skrifa á þetta fyrirkomulag og afstöðu hinna sveitarfélaganna í stjórn Strætós bs.

Gagnrýni, sem birst hefur nýlega í Fréttablaðinu á málefni



**SUM BÖRN FÁ FRÍTT EN ÖNNUR EKKI** Elínrós Birta vill fá ókeypis í strætó eins og eldri börnin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Strætós, megi svara í þessu ljósi.

„Við erum öll af vilja gerð, en Strætó er byggðasamlag og Reykvíkingar eiga þar einn stjórnarmann. Við getum ekki boðið upp á þjónustuna sem við vildum, því við erum háð sveitarfélögum sem hafa engan áhuga á að efla almenningssamgöngur,“ segir Ásta.

Borgin beri um sjötíu prósent af kostnaði Strætós og ætti því að hafa meiri áhrif á stefnuna. F-listinn og Sjálfstæðisflokkur vilji til dæmis að öll börn, öryrkjar og aldraðir fái ókeypis í strætó.

„En hendur okkar eru bundnar á meðan þetta er svona,“ segir hún.

Ásta tekur fram að hún viðri aðeins hugmyndir, borgarmeirihlutinn hafi enga nýja ákvörðun tekið um Strætó enn. **- kóþ**

Dæmdur fyrir fíkniefnabrot:

# Með skammta af LSD í bílnum

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í gær dæmdur í átján mánaða fangelsi, skilorðsbundið til þriggja ára, fyrir fíkniefnabrot. Lögreglan fann þrjátíu skammta af LSD-fíkniefnum í bifreið mannsins við Dalshraun í Hafnarfirði.

Maðurinn játaði brot sitt skýlaust. Á nokkurra mánaða tímabili árið 2006 fann lögregla fíkniefni í fórum mannsins. Auk LSD fundust e-pillur og hass. Maðurinn hefur oft komið við sögu lögreglu og hefur hann verið í mikilli óreglu frá tólf ára aldri. Hann hefur haldið sig frá fíkniefnum í eitt ár núna og tók refsingin mið af því. **- mh**

Dagur B. vill ræða skýrsluna:

# Breiðavík fari fyrir borgarráð

**REYKJAVÍK Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, hefur óskað eftir því að Breiðavíkurskýrslan verði tekin til umfjöllunar í borgarráði í dag.**

**Dagur vill að gert verði yfirlit yfir það í skýrslunni sem snúi að barnaverndarnefnd Reykjavíkur og borginni.**

**Athyglisvert sé að ekki hafi verið gert ráð fyrir kynningu hennar í borgarráði, því samkvæmt henni kunni vafi að leika á lagagrundvelli fyrir ákvörðunum barnaverndarnefndar.**

**Eðlilegt sé að borgarráð kynni sér þessar niðurstöður og rök til hugsanlegrar skaðabótaskyldu borgarinnar og afsökunarbeiðni hennar. - kóþ**

Vopnalög endurskoðuð:

# Tíu ára lög krufin til mergjar

**STJÓRNSÝSLA** Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, hefur skipað nefnd til að vinna að endurskoðun vopnalaga og þeirra reglugerða og reglna sem settar hafa verið á grundvelli laganna. Tíu ár eru liðin frá setningu gildandi vopnalaga. Síðan hefur reynt á ýmis atriði við túlkun þeirra, tækni hefur fleygt fram og þjóðfélagið tekið breytingum. Jafnframt hefur alþjóðlegt samstarf á þessu sviði aukist. Af þessum sökum telur ráðherra tímabært að endurskoða vopnalögin.

Pétur Guðgeirsson héraðsdómari hefur verið skipaður formaður nefndarinnar en einnig eru tilnefndir nefndarmenn frá ríkislögreglustjóraembættinu, Lögreglustjórafélagi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Skotveiðifélagi Íslands, og Skotíþróttasambandi Íslands. **- shá**

# Meiðyrðamál vegna brigsla um Rússagull

**Landsbankinn og Björgólfur Guðmundsson vilja að Kristján S. Guðmundsson, fyrrverandi skipstjóri hjá Eimskip, verði dæmdur fyrir meiðyrði vegna blaðagreinar sem hann skrifaði í haust um lífeyrismál fyrrum starfsmanna Eimskips.**

**DÓMSMÁL** „Þetta er spurningin um það hvort auðvaldið sé æðra lögunum,“ segir Kristján S. Guðmundsson, fyrrverandi skipstjóri hjá Eimskipafélaginu. Landsbankinn og Björgólfur Guðmundsson hafa hvor fyrir sig stefnt Kristjáni fyrir meiðyrði.

Kristján skrifaði harðorða grein í Morgunblaðið í lok október um kaup Björgólfs Guðmundssonar á Eimskipafélagi Íslands og umsýslu Landsbankans á fjármunum lífeyrissjóðs starfsmanna Eimskips. Komu þar fyrir orð eins og „rússagull“, „glæpsamlegt“ og „hefnd“.

„Það sem vakir fyrir Björgólfi Guðmundssyni er eingöngu að fá það staðfest hvað sé rétt í þessu máli og að meiðandi ummæli séu dæmd dauð og ómerk. Það er engin krafa gerð um bætur,“ segir Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfs Guðmundssonar.

Kristján og fleiri félagar í Lífeyrissjóði Eimskipafélags Íslands hafa verið gagnrýnir á rekstur sjóðsins undanfarin ár. Ásgeir segir að málefni sjóðsins hafi ítrekað verið útskýrð á aðalfundum Eimskips. Eftir ákveðna uppstokkun á félögum tengdum Eimskip á árunum 2003 og 2004 hafi stjórn lífeyrissjóðsins ákveðið að bjóða út rekstur hans. „Tilboð Landsbankans var hagstæðast og því var tekið. Sjóðurinn hefur skilað fínni ávöxtun á þessum tíma,“ segir Ásgeir.

Ólafur Björnsson, lögmaður Landsbanka Íslands, vill ekkert láta hafa eftir sér um málið að svo stöddu.

Kristján hefur ekki ráðið sér lögmann heldur hyggst verja sig sjálfur fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Hann kveðst hvergi banginn. Hvert orð í grein sinni sé sannleikanum samkvæmt. Þeim sem stefndu honum fyrir dóm hafi hins vegar einfaldlega sárnað að framferði þeirra væri opinberað.

„Þarna er um að ræða baráttuna milli laganna og milli auðvaldsins og ég óttast ekkert,“ segir Kristján sem boðar að lögð verði fyrir dóminn greinargerð sem ekki aðeins styrki það sem fram komi í blaðagreininni heldur svipti einnig hulunni af ýmsu öðru.

„Þetta koma til með að verða ein skrautlegustu endalok á svona máli þegar framkoma þeirra sem þarna eiga hlut að máli verður birt opinberlega,“ segir Kristján S. Guðmundsson. **gar@frettabladid.is**



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON OG LANDSBANKASTJÓRAR** Aðaleigandi Landsbanka Íslands með bankastjórunum Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR


Eimskip, óskabarn þjóðarinnar

**MORGUNBLAÐIÐ** „Ég óttast ekkert,“ segir fyrrverandi skipstjóri hjá Eimskipafélaginu sem bar Björgólf Guðmundsson og Landsbankann þungum sökum í Morgunblaðsgrein 29. október síðastliðinn.

## Ummæli sem stefnt er fyrir

**Björgólfur Guðmundsson:**
„Fyrrum ráðamaður í félaginu Hafskip hf. og sögulegum endalokum þess tekst með tilkomu Rússagulls að ná yfirhöndinni í hlutabréfaeign Hf. Eimskipafélags Íslands og leggja fyrirtækið síðan niður með yfirtöku dótturfélags Hf. Eimskipafélags Íslands, þ.e. Burðaráss ehf.
Því hefur vaknað sú spurning hvort um hafi verið að ræða sykursæta hefndaraðgerð af hálfu fyrrverandi ráðamanns í Hafskip hf. að leggja vondan keppinaut niður til að sýna hver hefur valdið.“

**Björgólfur og Landsbankinn:**
„Eftir yfirtöku á Hf. Eimskipafélagi Íslands svo og Landsbankanum réðust ráðamenn þar í að sölsa undir sig umræddan lífeyrissjóð með slíkri ósvífni að glæpsamlegt yrði talið í siðmenntuðum heimi.“

**Landsbanki Íslands:**
„Þegar yfirtöku á lífeyrissjóðnum af hálfu Landsbankans hafði náðst þar sem reglugerð sjóðsins var margbrotin hefur framkoma ráðamanna Landsbankans gagnvart eigendum sjóðsins verið með eindæmum. Ósvífni og yfirgangur af hálfu ráðandi afla í Landsbankanum að hunsa alla viðleitni eigenda sjóðsins (eigendurnir eru sjóðfélagar) til að hafa afskipti af rekstri hans er í þá veru að einræðisöfl í Rússlandi eru sem hvítvoðungar í samanburði við það framferði sem sýnt hefur verið af hálfu ráðamanna Landsbankans.“
„Í sambandi við meðferð Landsbankans á Lífeyrissjóði Hf. Eimskipafélags Íslands vaknar sú spurning hvort ekki hafi verið næg hefnd að leggja félagið niður sem slíkt eða breyta um nafn. Varð að fullkomna hefndina með því að eyðileggja Lífeyrissjóð Hf. Eimskipafélags Íslands einnig svo að ekkert minnti á það sem á gekk fyrir um tuttugu árum og láta hefndina ná yfir þá sem störfuðu á þeim tíma fyrir óskabarn þjóðarinnar?“
„Eftir fyrirspurn til stjórnar lífeyrissjóðsins á ársfundi sjóðsins um hvort ekki væri orðið tímabært að eigendur sjóðsins tækju við stjórn hans alfarið risu valdagráðugir menn upp á afturlappirnar og ákváðu að kveða í eitt skipti fyrir öll niður allt tal um afskipti hinna einu og sönnu eigenda að sjóðnum og sölsa undir Landsbankann framtíðar ráðstöfunarrétt yfir því mikla fjármagni sem í sjóðnum er.“

*Ummæli Kristjáns S. Guðmundssonar eru úr Morgunblaðinu 29. október 2007.*

HEIMSENDINGARAPÓTEKIÐ

LYFJAVER APÓTEK

Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005

Eina apótekið á Íslandi með Apostore 3000 róbóta:

Fljótari afgreiðsla
Meira vöruúrval
Meira öryggi
Lægra verð

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI: 533 6100 • BRÉFSÍMI: 533 6102
NETFANG: LYFJAVER@LYFJAVER.IS
WWW.LYFJAVER.IS

HUGTAK FEB 08

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

**LÆGÐIR OG LÆGÐIR**

Núna með morgninum eru tvær lægðir að störfum. Önnur við austurströndina sem fjarlægist, hin undan Vesturlandi. Með morgninum verður því víða snjókoma eða él en eftir hádegi dregur úr úrkomu, einkum austan til þar sem smám saman léttir til í dag.



Á MORGUN
5-15 m/s, hvassast með ströndum.

LAUGARDAGUR
Fremur hæg, breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Billund | 7° |
| Ósló | -3° |
| Stokkhólmur | 2° |
| Gautaborg | 5° |
| London | 7° |
| París | 7° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Berlín | 7° |
| Alicante | 18° |
| Mallorca | 17° |
| Basel | 12° |
| Eindhoven | 6° |
| Las Palmas | 22° |
| New York | -1° |
| Orlando | 16° |
| San Francisco | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Við höfum trú á framtíðinni
Það þarf ekki kraftaverk
Við breytum 5.000 kr. í 7.000 kr.
Fátt er mikilvægara en að tryggja æsku landsins örugga og bjarta framtíð. Ef þú gefur fermingarbarni 5.000 kr. gjafabréf í Framtíðarsjóð bætir Sparisjóðurinn 2.000 kr. við gjöfina. Við höfum trú á framtíðinni.
Líttu við á spar.is og kynntu þér kosti Framtíðarsjóðsins
Há raunávöxtun
Verðtryggður reikningur
Hægt að semja um reglubundinn sparnað
Hægt að leggja inn hvenær sem er
SPARISJÓÐURINN
spar.is
Fíton/SÍA

## KJÖRKASSINN



*Á að auglýsa allar ríkiseignir sem á að selja?*

| | |
|---|---|
| Já | 92,6% |
| Nei | 7,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú hlutverk Íslendinga í Afganistan mikilvægt?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Synjun Reykjavíkurborgar um byggingarleyfi fyrir bílskúr á Laufásvegi felld úr gildi af úrskurðarnefnd:

# Öryggi gesta forsetans ekki haldbær rök

**SKIPULAGSMÁL** Öryggiskröfur við gestabústað forseta Íslands á Laufásvegi 72 duga ekki til að synja nágranna hans um byggingarleyfi fyrir breytingu á húsi sínu. Þetta segir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Eigandi Laufásvegar 73, sem stendur andspænis gestabústaðnum, er Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Vífilfells. Þorsteinn vildi fá að rífa bílskúr og reisa í staðinn tvöfaldan bílskúr annars staðar á lóð sinni. Einnig stækka kjallara og anddyri, byggja jarðhýsi, útbúa svalir og verönd og bæta við tveimur kvistum.



ÞORSTEINN JÓNSSON

Embætti forsetans lýsti sig andvígt framkvæmdunum og vísaði til álits ríkislögreglustjóra um öryggi gesta í húsi embættisins. Á þeirri forsendu synjuðu bogaryfirvöld í fyrrasumar Þorsteini um leyfið.

Í kæru Þorsteins til úrskurðarnefndarinnar sagði að ríkisvaldið ætti ekki að geta stöðvað alla framþróun í íbúðarhverfi vegna þess eins að þar sé hús, sem ríkið noti endrum og sinnum fyrir stórmenni sem þurfi hámarksöryggisgæslu. Gengið væri á stjórnarskrárvarinn eignarétt hans auk þess sem jafnræðisregla væri brotin með því að aðrir við Laufásveg hefðu fengið ýmsar framkvæmdir samþykktar.



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Úrskurðarnefndin segir afstöðu borgaryfirvalda einungis reista á öryggishagsmunum eins nágranna Þorsteins. „Slíkir sértækir hagsmunir eins fasteignareiganda, þótt mikilvægir kunni að vera, verða ekki taldir viðhlítandi stoð fyrir takmörkun á venjulegri nýtingu fasteignar á skilgreindu íbúðarsvæði," segir nefndin. Synjunin á leyfinu til Þorsteins væri þannig „ekki studd haldbærum rökum" og því felld úr gildi. **- gar**


**LÚXUS** Glæsilegt úrval lúxusbíla

Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

**BMW 335I Coupe**

Nýskr: 06/2007, 3000cc, 2 dyra,
Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 10.000.

**Verð: 6.850.000**

Opið virka daga frá kl. 10 til 18
og á laugardögum frá kl. 12 til 16

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík
575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar

**bilaland.is 575 1230**



Fræðslufundur um málefni fólks með

**Alzheimerssjúkdóminn**

Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 28. febrúar kl. 20:00. Opnar kl. 19:30.

**Eru tímamót framundan með nýrri greiningu Alzheimerssjúkdómsins?**

Dagskrá fundarins:
Ný greiningaraðferð á Alzheimerssjúkdómnum;
Ásgeir Pétursson frá Mentis Cura* kynnir árangur nýrrar tækni fyrirtækisins.

**Allir velkomnir**

*Mentis Cura er íslenskt frumkvöðlafyrirtæki og hafa félagsmenn FAAS lagt sitt af mörkum við þróunarvinnu þess.
Kostir við áreiðanlega og tímanlega greiningu eru margir m.a. með tilliti til lyfjagjafar. Sjúklingur svarar lyfjagjöf betur ef hún á sér stað snemma á sjúkdómsferlinu og læknir er síður hikandi við að ávísa á lyf ef hann getur verið viss í sinni sök og sér hvernig sjúklingur svarar lyfjagjöf. Niðurstöður benda til að aðferðin geti t.d. greint áhrif Alzheimerslyfja á fólk með sjúkdóminn.

www.alzheimer.is

FAAS

Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma



Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið


# Dómarar verði skipaðir að dönskum sið

**Stjórnvöld ættu að líta til Danmerkur eftir leiðum til að skipa dómara að mati lagaprófessors. Hann leggur til íslenskt afbrigði af dönsku aðferðinni. Gæti verið málamiðlun til að víðtæk sátt náist um aðferð við skipan dómara hér á landi.**

**STJÓRNSÝSLA** Líta ætti til aðferða sem dönsk stjórnvöld viðhafa við skipan á dómurum hér á landi, segir Eiríkur Tómasson, lagaprófessor við Háskóla Íslands. Rætt var um skipan dómara á málstofu lagadeildar Háskóla Íslands í hádeginu í gær.

Eiríkur gagnrýndi þar harðlega þær aðferðir sem notaðar eru við skipan dómara hér á landi, þar sem dómsmálaráðherra einn ákveður hver skuli skipaður.



EIRÍKUR TÓMASSON

Hann benti á að í þeim Evrópulöndum sem Ísland vilji bera sig saman við fari ráðherrar nær undantekningarlaust eftir tillögum nefnda sem fjalli um umsækjendur. Hér sé hins vegar þróunin að verða sú að það sé ekki lengur meginreglan að dómsmálaráðherra fari að tillögu matsnefndar.



RÓBERT R. SPANÓ

Íslenska fyrirkomulagið getur ekki verið heppilegt, að mati Eiríks. Þar skipi pólitískur ráðherra dómara, sem svo sé ætlað að hafa taumhald á ráðherranum og stjórnvöldum í heild.

Hann rakti hvernig málum er háttað í Danmörku. Þar metur sex manna nefnd umsækjendur og gerir tillögu um hvern skuli skipa. Í nefndinni eiga sæti þrír dómarar, lögmaður og tveir fulltrúar almennings. Ráðherra skipar svo í stöðuna en hann er bundinn af tillögu nefndarinnar.

Eiríkur reifaði því næst tillögu að nýju kerfi við skipan dómara hér á landi, sem tók mjög mið af danska kerfinu. Eins og þar myndi þá sex manna dómnefnd fjalla um umsækjendurna, og gera tillögu til forsætisráðherra.

Ráðherra hafi hins vegar möguleika á að ganga gegn vali nefndarinnar, ólíkt dönskum kollega, og skipa annan hæfan umsækjanda. Þá verði að bera ákvörðun hans undir Alþingi, þar sem þrír fjórðu hlutar þingmanna verði að samþykkja skipan ráðherra. Samþykki Alþingi ekki verði að skipa þann sem nefndin lagði til.

Stærsti kosturinn við þessa hugmynd er að hún ætti að tryggja betur en ýmsar aðrar hugmyndir, svo ekki sé talað um núverandi skipan, sjálfstæði íslenskra dómstóla, sagði Eiríkur.

„Auk þess tel ég að í henni felist málamiðlun sem samstaða ætti fremur að geta náðst um meðal stjórnmálamanna, dómara, lögmanna og alls almennings heldur en ýmsar aðrar tillögur sem fram hafa komið," sagði hann.

Róbert R. Spanó, sem var fundarstjóri á málstofunni, sagði málamiðlunartillögu eins og Eiríkur hafi nú sett fram mjög ákjósanlegan kost. Tillagan sé afar vel útfærð og þingmenn ættu að huga vel að henni í framhaldinu.

**brjann@frettabladid.is**



**HÚSFYLLIR** Fullt var út úr dyrum á málstofu lagadeildar Háskóla Íslands í gær þar sem rætt var hvernig standa skuli að skipun dómara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## DÓMNEFND BINDI HENDUR RÁÐHERRA

**Eiríkur Tómasson leggur til eftirfarandi aðferðafræði við skipan dómara:**

- Sett verði á fót dómnefnd sem fjalli um skipan allra nýrra dómara, bæði í héraðsdóm og Hæstarétt.
- Í dómnefndinni eigi sæti tveir hæstaréttardómarar, einn héraðsdómari, einn lögmaður og tveir fulltrúar almennings. Fulltrúar almennings yrðu kjörnir á Alþingi en yrðu þó ekki þingmenn. Formaður nefndarinnar yrði hæstaréttardómari, og myndi atkvæði hans ráða úrslitum náist ekki meirihluti.
- Dómnefndin fjalli um umsækjendur og leggi til við ráðherra hvaða umsækjanda skuli ráða.
- Forsætisráðherra skipi dómara, en verði því sem næst bundinn af tillögu dómnefndar. Vilji hann ganga gegn henni og ráða annan hæfan umsækjanda fjalli Alþingi um málið. Þrír af hverjum fjórum þingmönnum þurfi að samþykkja ráðninguna, ella verði farið að tillögu dómnefndar.

## VANDAMÁLIÐ VIÐ SKIPAN DÓMARA ER ÞESSI RÁÐHERRA

Ráðherrar hafa að mestu fylgt niðurstöðum matsnefndar sem fjallar um umsækjendur um embætti dómara, sem og áliti Hæstaréttar á umsækjendum, segir Hrafn Bragason, sem lét af embætti hæstaréttardómara síðastliðið haust.

Hrafn kvaddi sér hljóðs í umræðum á málstofunni í gær eftir erindi framsögumanna. Hann hefur komið að skipan dómara í gegnum tíðina, og bæði átt sæti í matsnefnd og metið hæfi umsækjenda sem hæstaréttardómari. Hann sagði skipulagið í raun hafa virkað vel í gegnum tíðina.

„Menn geta deilt um hvort [þessi aðferðafræði] sé rétt, og hvort þessar nefndir hafi skilað sínu verki," sagði Hrafn. Hann benti þó á að ráðherrar hafi þó að mestu fylgt niðurstöðum nefndarinnar og Hæstaréttar, „allt þar til núverandi dómsmálaráðherra, [Björn Bjarnason] tók við," sagði Hrafn.

„Vandamálið að mínu mati er þessi ráðherra," sagði Hrafn að lokum.

Hrafn lét af embætti hæstaréttardómara síðasta haust vegna aldurs. Hann benti á það á málstofunni í gær að hann hafi verið síðasti dómarinn við réttinn sem ekki var skipaður af ráðherra úr röðum Sjálfstæðisflokks. Flokkurinn hafi haft dómsmálaráðuneytið svo lengi að allir núverandi dómarar séu skipaðir af sjálfstæðismönnum.

# Vinsælar fermingargjafir
## í Hagkaupum

Mesta úrvalið í Hagkaupum Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum



7.990 kr
GOTT VERÐ

### Philips útvarpsvekjari með veðurstöð AJ210
- Sýnir veðurspá með myndum
- Inni hitamælir
- Sýnir með litum hvernig veðri má búast við
- Stafrænt útvarp með stöðvaminni
- Tveir vekjarar
- Stór skjár með baklýsingu
- Stærð í cm (bxhxd): 16,9x10,5x4,3



19.990 kr
GOTT VERÐ

### Philips DVD ferðaspilari PET716
- Fjölkerfa DVD spilari
- 7" LCD breiðtjaldsskjár með 480x234 pixela upplausn
- Hristivörn
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG og DivX
- Dolby Digital
- AV út og heyrnartólstengi
- Hleðslurafhlaða fylgir sem endist í allt að 2 klukkutíma
- Spennir fyrir 110-240V - 50/60Hz og tengi í bíl fylgja
- Fjarstýring fylgir



14.990 kr
V.Á. 16.990

### Dantax DVD ferðaspilari DVDP7
- Fjölkerfa DVD spilari - Silfurlitaður
- 7" LCD breiðtjaldsskjár
- Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Dolby Digital
- Heyrnartólstengi
- Coaxal útgangur
- Hleðslurafhlaða fylgir
- Spennubreytir fylgir
- Taska og fjarstýring fylgja



4.690 kr
V.Á. 4.990

### Creative Zen mp3 spilari STONE1GBBK
- 1GB Zen Stone MP3 spilari • Uppfæranlegur
- Spilar MP3 og WMA • Geymir allt að 500 lög
- Endist í allt að 10 tíma á einni hleðslu
- USB kapall og heyrnartól fylgja
- Þyngd aðeins 18.5gr. • Litur: Svartur



4.990 kr
GOTT VERÐ

### Philips ferðatæki AZ1022
- Útvarp FM/MB
- Dynamic Bass Boost
- Vandaður geislaspilari
- Spilar CD, CD-R/RW
- Segulband
- Góðir hátalarar



3.990 kr
GOTT VERÐ

### Lenco ferðatæki SCD24
- FM Útvarp
- Vandaður Geislaspilari
- Spilar CD, CD-R/RW
- Góðir hátalarar



17.990 kr
V.Á. 18.990

### Philips sambyggður DVD spilari DVP3350V
- Fjölkerfa DivX DVD spilari og myndbandstæki
- Spilar öll kerfi • Progressive Scan
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD, MPEG4, DivX 3.11/4.x/5.x
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby Digital • Nicam Stereó myndbandstæki
- Hægt að horfa á DVD meðan tekið er upp á myndband
- Longplay og NTSC afspilun • RCA tengi að framan
- 2 scart með RGB og SVHS tengi • RCA Audio útgangur
- Optical og Coaxial tengi • Fjarstýring



7.990 kr
V.Á. 8.490

### Philips DVD spilari DVP3142
- Fjölkerfa DVD DivX spilari - Silfurlitaður
- Spilar öll kerfi • Progressive Scan
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby Digital • Scart (með RGB), Component og CVBS tengi
- Digital Coaxial tengi • Fjarstýring

Gildir til 6. mars eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð








# Vegagerðin þurfti að rukka skuldina

**Vegagerðin lækkaði skuld Sæferða við fjármálaráðuneytið um tvær milljónir eftir 15 mánaða drátt á greiðslum. Engir dráttavextir voru innheimtir. Sæferðir munu hafa krafist þess að til frádráttar kæmi kostnaður vegna siglinga sem ekki urðu.**

**RÍKISFJÁRMÁL** Fjármálaráðuneytið fól Vegagerðinni að innheimta skuld Sæferða ehf. við ráðuneytið vegna söluhagnaðar af ferjunni Baldri. Vegagerðinni reyndist tímafrekt að afla allra gagna í málinu, enda ekki vön innheimtu af þessum toga, að sögn Kristínar H. Sigurbjörnsdóttur, framkvæmdastjóra hjá Vegagerðinni.

„En þú verður að spyrja ráðuneytið hvers vegna það var gert. Vegagerðin gerði sitt besta. En þetta er ekki innheimtustofnun,“ segir hún.

Það mun hafa flækt málin enn frekar að Sæferðir sögðust eiga í samningaviðræðum við fjármálaráðuneytið um skuldina, á meðan Vegagerðin innheimti hana.

Af þessum sökum drógust greiðslur Sæferða til fjármálaráðuneytisins um fimmtán mánaða skeið. Síðast en ekki síst kröfðust Sæferðir þess að kostnaður vegna undirbúnings siglinga til Vestmannaeyja, sem aldrei urðu að veruleika, yrði metinn fyrirtækinu til frádráttar.

„Þeir töldu sig hafa vilyrði fyrir samningum um Vestmannaeyjaferðir,“ segir Kristín, sem telur að Eyjasiglingarnar hafi verið ræddar þegar samið var um söluna á Baldri, en Vegagerðin sá ekki um þann samning.

„Og við biðum bara eftir því að þeir [Sæferðir og fjármálaráðuneytið] ræddu þessi mál sín á milli. En þessu var síðan vísað aftur til okkar,“ segir hún.

Vegagerðin viðurkenndi kröfu Sæferða enda þótti sýnt að fyrirtækið hefði þurft að bera kostnað, meðal annars vegna leyfisveitingar frá Siglingastofnun.

Þegar loks var samið, 7. júní 2007, hafði upphæðin verið lækkuð úr 19.052.760 niður í 17.052.760. Hálf milljón var greidd út í hönd en verðtryggt skuldabréf með fimm prósent vöxtum gefið út fyrir eftirstöðvunum. Engir vextir voru greiddir fyrir þá fimmtán mánuði sem greiðsla af hagnaðinum dróst, heldur voru þeir reiknaðir frá og með 1. ágúst 2007.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu seldi fjármálaráðuneytið ferjuna um miðjan febrúar 2006 fram hjá Ríkiskaupum samkvæmt undanþágu í lögum sem vísar til „sérstakra aðstæðna“.

Sæferðir högnuðust nokkuð á kaupum og endursölu á ferjunni, en hingað til hefur ekki komið fram að fyrirtækið bar sex milljóna sölukostnað, sem rann til norskra skipasala.



**ÚR SÍÐUSTU SIGLINGU GAMLA BALDURS** Þessi ríkiseign var seld Sæferðum af fjármálaráðuneytinu en ekki Vegagerðinni. Hún þurfti hins vegar að sjá um innheimtuna fyrir ráðuneytið. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

**klemens@frettabladid.is**


AÐALFUNDUR EXISTA HF.
28. FEBRÚAR 2008

EXISTA

Aðalfundur Exista hf. verður haldinn í dag, fimmtudaginn 28. febrúar 2008, á Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2 og hefst fundurinn kl. 17:00

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2007.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2007 ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar vegna ársins 2007.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
7. Tillaga stjórnar um að samþykkja starfskjarastefnu Exista hf.
8. Tillaga um að samþykkja heimild stjórnar til þess að breyta og gefa út hlutafé í evrum.
9. Tillögur til breytinga á samþykktum Exista hf.:
   a. Breyting á 2. mgr. 4. gr. um heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins um allt að 7.000.000.000 kr. að nafnverði eða samsvarandi fjárhæð í evrum með útgáfu nýrra hluta.
   b. Breyting á 1. mgr. 7. gr. um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis. Ennfremur er hægt að nálgast fundargögn á vefsíðu félagsins www.exista.com.

Aðalfundur Exista mun fara fram á ensku. Boðið verður upp á túlkun á íslensku.

**Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 16:00 á fundarstað að Hilton Reykjavík Nordica.**

EXISTA hf. ı Ármúla 3 ı 108 Reykjavík ı Sími 550 8600 www.exista.com


Hildur hætt í stjórn SPRON:

## Vildi sjá fleiri konur í stjórn

**VIÐSKIPTI** Hildur Petersen, fyrrum stjórnarformaður SPRON, segir jafnréttissjónarmið hafa ráðið því að hún ákvað að gefa ekki kost á sér í stjórn sparisjóðsins.

Hildur segist hafa verið ötull talsmaður þess að laða konur til stjórnarsetu í sparisjóðnum og hafi hún ákveðið að draga sig í hlé þegar þær Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma, og Rannveig Rist, forstjóri Alcan, ákváðu að gefa kost á sér í stjórnina.


HILDUR PETERSEN

„Eftir 16 ár í stjórn SPRON get ég gengið stolt frá þessu starfi og gefið öðrum tækifæri á að spreyta sig,“ segir hún. **- jab**

Álverspési á 650 þúsund:

## Bærinn borgar álverskynningu

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæklingurinn „Framsækið samfélag með álver á Bakka“ kostaði 650 þúsund krónur og var staðgreiddur úr sveitarsjóði Norðurþings. Þetta kemur fram í svari meirihluta sveitarstjórnar til bæjarfulltrúa Vinstri grænna sem óskaði eftir upplýsingum um tilgang bæklingsins, kostnað við hann og fjármögnun.

„Það er rétt að minna á að allir stjórnmálflokkar sem áttu fulltrúa í bæjarstjórn Húsavíkurbæjar, þar á meðal VG stóðu að því að fara með þetta verkefni af stað. Því er það fullkomlega eðlilegt að kynna verkefnið og afla því stuðnings innan sveitarfélagsins og á landsvísu,“ segir meðal annars í svari meirihlutans. **- gar**


ÍSLAND ER
EKKI ENN ORÐIÐ
SJÁLFBÆRT
Í ORKUMÁLUM
Tökum við námsumsóknum núna
www.hr.is
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



**VINDLATÓBAKSUPPSKERA** Verkamaður vinnur við tóbaksuppskeru á akri í Pinar del Rio-héraði á Kúbu. Þar fer nú fram 10. alþjóðlega vindlavinaráðstefnan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landvernd:

## Hæpið að álver rísi í Helguvík

**STÓRIÐJA** Landvernd telur ólíklegt að fyrirhugað álver Norðuráls verði byggt í Helguvík.

„Til þess að áform Norðuráls um orkuflutninga geti náð fram að ganga þurfa níu sveitarfélög að breyta skipulagsáætlunum sínum. Víða er rík andstaða við þá háspennulínuvæðingu sem til þarf og ljóst að skipulagsbreytingarnar verða torsóttar. Hæpið er að öll þessi sveitarfélög muni láta undan þrýstingi gegn vilja fjölmargra íbúa,“ segir á vefsíðu Landverndar þar sem einnig er vísað til fyrirvara um skipulagsmál, umhverfismat og orkuöflun sem Geir Haarde hafi lýst í Morgunblaðinu. - gar



**HÁSKÓLASJÚKRAHÚS** Hér má sjá líkan af sjúkrahúsinu, sem mun rísa við hlið Landspítalans við Hringbraut. Útlitið hefur þó ekki endanlega verið ákveðið, en það verður í megindráttum eins og líkanið. Hringurinn sýnir hvar aðalbygging Landspítalans er í dag.

# Háskólasjúkrahúsið rís við Hringbraut

**Nýja háskólasjúkrahúsinu hefur verið valinn byggingarstaður við Hringbraut. Frumáætlanir um byggingu liggja fyrir, næst verður farið í hönnunarsamkeppni. Flatarmál sjúkrahússins verður um 150 þúsund fermetrar, á við þrjár Kringlur.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýtt háskólasjúkrahús mun rísa við Hringbraut. Það verður alls um 150 þúsund fermetrar að flatarmáli, sem samsvarar um þremur Kringlum. Ef allt gengur eftir verður ráðist í fyrsta áfanga verkefnisins á næsta eða þarnæsta ári.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra og Inga Jóna Þórðardóttir, formaður nefndar um byggingu nýja háskólasjúkrahússins, kynntu starfsmönnum og fjölmiðlum stöðu mála varðandi sjúkrahúsið í gær.

Við stöðumat komu þrír staðir til greina; við Borgarspítalann í Fossvogi, á landi Vífilsstaða í Garðabæ og við Hringbraut þar sem Landspítalinn er staðsettur nú. Hringbraut varð fyrir valinu. Réði þar meðal annars umferðaraðgengi og nálægð við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

„Hringbraut er ekki bara kosturinn, Hringbraut er besti kosturinn,“ sagði Inga Jóna við kynninguna í gær. „Háskólasjúkrahús er vinnustaður vísindamanna og þar fer fram mjög mikil rannsóknarstarfsemi. Þetta samspil vísinda og fræða við heilbrigðisþjónustu er mjög mikilvægt þegar horft er á þessa hluti í heild.“

**NÝJA HÁSKÓLASJÚKRAHÚSIÐ**




Frumáætlanir um byggingu nýja spítalans liggja fyrir. Danska arkitektafyrirtækið C.F. Möller sá um þær. Síðan verður haldin hönnunarsamkeppni um endanlegt útlit spítalans. Farið verður í forval í þá samkeppni á næstu vikum og keppendum afhent samkeppnisgögn í júlí. Þeir hafa þá þrjá mánuði til að vinna tillögur sínar.

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir. Hún verður kynnt þegar endanleg hönnun og útlit eru tilbúin, sem verður að öllum líkindum í lok þessa árs eða byrjun þess næsta.

Gangi öll undirbúningsvinna að óskum verður hægt að hefja vinnu við fyrsta áfanga spítalans árið 2009 eða 2010, að sögn Ingu Jónu.

salvar@frettabladid.is






# Full þjónusta á sjálfsafgreiðsluverði*

## Komdu við á Select Bústaðavegi í dag.
## Frábær þjónusta á öllum dælum.

*Þjónustan er boði frá kl. 7:30 - 19:30

made to move





**SJÍA-PÍLAGRÍMAR** Pílagrímar taka þátt í helgiathöfn í tilefni af Arbaeen-hátíð sjía-múslima í Karbala í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SPRON-sjóðurinn ses. afhenti Krabbameinsfélagi Íslands styrk í gær:

# Styrkja kaup á stafrænum greiningartækjum

**HEILBRIGÐISMÁL** SPRON-sjóðurinn ses. veitti í gær Krabbameinsfélagi Íslands 42 milljóna króna styrk til kaupa á fimm stafrænum greiningartækjum sem röntgenlæknar nota til að lesa úr stafrænum brjóstamyndum. Stöðvarnar eru liður í umfangsmikilli tækjavæðingu á leitarsviði Krabbameinsfélagsins þar sem stafræn tækni er notuð við leit að brjóstakrabbameini.

Þessi nýja tækni auðveldar leit í þéttum brjóstvef auk þess sem hún auðveldar úrlestur gagna. Þá fylgja stafrænni tækni minni geislaskammtar, minni mengun og þá er leitarferlið filmulaust. Stafrænu vinnustöðvarnar tryggja auk þess að textar úr gagnagrunni og röntgenmyndir eru samtengd þannig að greining skráist á rétt nafn og kennitölu.

„Þessi tæki eru næmari við að greina myndir af þéttum brjóstum og reyndar líka af brjóstum yngri kvenna þannig að það er líklegra að það sé hægt að finna fleiri lítil krabbamein í brjóstum þeirra. Eitt af tækjunum verður fyrir norðan, eitt verður fartæki, eitt sérskoðunartæki og önnur tæki hér. Hægt er að lesa úr hvar sem er þannig að við getum lesið hér úr tækinu sem verður fyrir norðan ef þörf krefur,“ segir Guðrún. - ghs



**STYRKTARFÉÐ AFHENT** Um er að ræða dýrt verkefni með margvíslegum vél- og hugbúnaði fyrir tæplega 500 milljónir króna. Þegar hefur fengist fjárstuðningur sem nemur tveimur þriðja stofnkostnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þegar aðrir hætta, höldum við áfram!

Bíll sem ber merki um Bílaábyrgð Varðar er betri bíll vegna þess að hann er tryggður fyrir óvæntum bilunum og göllum þótt hann sé ekki lengur í verksmiðjuábyrgð.

Kynntu þér kosti Bílaábyrgðar í síma 514 1000 eða á vordur.is

vörður tryggingar hf.

Skopteikningadeilan:

## Þýskur ráðherra ver prentfrelsið

**ÞÝSKALAND, AP** Innanríkisráðherra Þýskalands vottar í nýju blaðaviðtali virðingu sína fyrir ákvörðun danskra ritstjórna að endurbirta eina af hinum umdeildu skopmyndum af Múhameð spámanni.



**WOLFGANG SCHÄUBLE**

„Reyndar ættu öll evrópsk dagblöð að prenta þessar skopteikningar, með útskýringunni: „Okkur finnst þær líka lélegar, en að nýta sér prentfrelsið er engin ástæða til að beita ofbeldi“,“ sagði Wolfgang Schäuble í vikublaðinu Die Zeit.

Dönsku blöðin endurbirtu teikningu Kurts Westergaard þegar upp komst að ráða átti hann af dögum. - aa



**GOTT SAMBAND** Geir H. Haarde og José Manuel Barroso sögðu samband Íslands og Evrópusambandsins mjög gott. Geir kvaðst hafa gefið hinum portúgalska Barroso svolítinn saltfisk, enda Portúgalir þekktir fyrir að vera sólgnir í slíkt fiskmeti. FRÉTTABLAÐIÐ/BÞS

Þú heyrir betur með ADRO™

Í fyrsta skipti er þægilegur hljómur og afburða talgreining sameinuð í einu tæki með hinni einstöku ADRO tækni. Hljóðið sem berst þér er ekki lengur þjappað og líflaust heldur vítt og breytilegt. Komdu og kynntu þér málið!

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Ókeypis heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

ATHUGIÐ! Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu heyrnartækja.

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Tímapantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is

# Gallar ESB aðildar fleiri en kostirnir

**Forsætisráðherra telur ekki ástæðu til að endurmeta afstöðu sína til Evrópusambandsaðildar þrátt fyrir að könnun sýni aukinn vilja landsmanna til að sækja um aðild. Einhliða upptaka evru er ómöguleg.**

**STJÓRNMÁL** Evra verður ekki gjaldmiðill Íslands nema landið gangi í Evrópusambandið. José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, segir upptöku evru aðeins á færi aðildarríkja.

„Ég hef fengið það staðfest hér af öllum að við lendum í verulegum pólitískum vandræðum ef við ætlum að taka evruna einhliða upp,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra. „Það er alveg skýrt og borðleggjandi.“ Þar átti hann við að Evrópusambandið gæti torveldað samstarf á sviði EES- og Schengen-samninganna.

Barroso og Geir ræddust við á hádegisverðarfundi í höfuðstöðvum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í Brussel í gær.

Þetta var fyrsti fundur íslensks forsætisráðherra með forseta framkvæmdastjórnarinnar í tæpan áratug.

Ýmis málefni voru á dagskrá fundarins; samband Íslands og Evrópusambandsins sem báðir lýstu mjög góðu, framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, fiskveiðistefna ESB og fleiri mál.

Hugsanleg aðild Íslands að Evrópusambandinu var ekki rædd, enda ekki á stefnuskrá íslenskra stjórnvalda.

Geir var spurður hvort ný skoðanakönnun Fréttablaðsins um stuðning við umsókn að ESB þýddi ekki að stjórnvöld þyrftu að endurmeta afstöðu sína til málsins. Könnunin sýnir að þeim fer fjölgandi sem vilja að sótt verði um aðild.

Hann svaraði því neitandi og sagði málið snúast um hagsmuni hvers ríkis fyrir sig. Trú hans væri að fleiri gallar en kostir fylgdu Evrópusambandsaðild fyrir Ísland.

Blaðamaðurinn sem spurði Geir út í skoðanakönnun Fréttablaðsins var frá Sviss, en þar í landi er grannt fylgst með umræðum um Evrópumál um alla álfuna.

Í gær ræddi Geir H. Haarde við fjóra aðra háttsetta embættismenn Evrópusambandsins. Á fundi með Javier Solana, utanríkismálastjóra ráðherraráðsins, var rætt um samskipti og ýmis alþjóðamál, þar á meðal aukin hernaðarumsvif Rússa á Norðurslóðum, Kosovo og Íran.

Geir hitti líka Benitu Ferrero-Waldner sem fer með utanríkismál framkvæmdastjórnarinnar, Joaquin Almunia, efnahagsmálastjóra sambandsins, og Olli Rehn sem stýrir stækkunarferli þess.

Í gærmorgun heimsótti Geir Guy Verhofstadt, belgískan starfsbróður sinn.

Tveggja daga heimsókn Geirs til Lúxemborgar og Belgíu lauk í gærkvöldi. bjorn@frettabladid.is

28. FEBRÚAR – 2. MARS

# TILBOÐ

## BETRI NOTAÐIR BÍLAR Á MÖGNUÐU AFSLÁTTARVERÐI

**Dagana 28. febrúar til 2. mars stendur yfir Tilboðstími hjá Toyota – Betri notuðum bílum á Nýbýlaveginum. Nú er þinn tími kominn til að tryggja þér magnaðan afslátt og einstök fjármögnunarkjör á Úrvalsbílum og Gæðabílum.**

+Frábært tilboðsverð
+Flugmiðar til Evrópu fyrir tvo fylgja fyrstu 100 bílunum*
+Allt að 100% fjármögnun
+Lengri afgreiðslutími dagana 28. feb. til 2. mars

**Hvað er Gæðabíll?**
Er ekki í verksmiðjuábyrgð. 3 mánaða viðbótarábyrgð:
- Vélbúnaðar
- Rafbúnaðar
- Drifbúnaðar
- Hemlakerfis
- Fjöðrunarbúnaðar
- Stýrisbúnaðar

**Hvað er Úrvalsbíll?**
Er í verksmiðjuábyrgð. 12 mánaða viðbótarábyrgð á ofangreindum atriðum.
- Ef bíllinn bilar sjáum við um að láta gera við hann
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- 14 daga skiptiréttur
- Umframábyrgð á bremsuhlutum (sliti)
- Neyðarsími 570 5000

**BNB - sölugreining**
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI >




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 41136 02/08

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

*Flugmiðar með Icelandair, gildir út árið 2008. Flugvallarskattur ekki innifalinn.


www.toyota.is
OSTÍMI
ÞEGAR ÞÚ VILT
ÚT ÁRIÐ 2008
EVRÓPU
TOYOTA
Betri notaðir bílar
YYC27670
29. FEB.
Opið frá: 9-20
01. MARS
Opið frá: 12-17
02. MARS
Opið frá: 12-17
BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA
ÚRVALSBÍLL
GÆÐABÍLL

## FRÉTTASKÝRING – FORSETAKOSNINGAR Í RÚSSLANDI

# Stígur fram úr skugganum

**Dimitrí Medvedev hefur ekki verið mjög áberandi í rússneskum stjórnmálum fyrr en nú, allra síðustu vikurnar. Hann þykir næsta öruggur um sigur í forsetakosningum á sunnudaginn.**

Fátt er vitað um manninn sem tekur við af Vladimir Pútín sem forseti Rússlands. Hann hefur verið lítt áberandi í fjölmiðlum þangað til í desember síðastliðnum. Hann virðist ekki hafa haft margt að segja um áform sín eða sérstöðu í stjórnmálum.

Meira að segja Hillary Clinton, sem sækir það stíft að verða forseti Bandaríkjanna, átti í mestu vandræðum í kappræðum á þriðjudag með að muna nafnið á næsta forseta Rússlands.

„Eða eitthvað,“ sagði hún vandræðaleg eftir að hafa gert nokkrar tilraunir til að bera nafnið fram.

### Skipting valda



Lítill vafi leikur á því að Dimitrí Medvedev verði kosinn forseti Rússlands á sunnudaginn, og í framhaldi af því verði Vladimir Pútín forsætisráðherra. Þótt Pútín hafi ítrekað sagt að hann ætli ekki að breyta valdahlutföllum forseta og forsætisráðherra reikna fréttaskýrendur flestir með því að vægi forsætisráðherra aukist á kostnað forseta.

**Völd forseta**

- Leiðtogi ríkisins og æðsti yfirmaður hersins. Ræður yfir kjarnorkuvopnum Rússlands.
- Ákveður stefnu í innanríkis- og utanríkismálum
- Skipar og hefur völd til að reka forsætisráðherra, að fengnu samþykki þingsins.
- Getur beitt neitunarvaldi á lög sem þingið hefur afgreitt. Þingið getur þó með auknum meirihluta afgreitt lögin þrátt fyrir neitun forseta.
- Stjórnar og skipar í öryggisráð ríkisins, sem hefur umsjón með varnar- og öryggismálum Rússlands.
- Getur lýst yfir neyðarástandi og sett herlög.

**Völd forsætisráðherra**

- Leiðtogi ríkisstjórnarinnar.
- Framkvæmir stefnu í innanríkis- og utanríkismálum. Framkvæmir einnig tilskipanir forseta.
- Samhæfir stefnu í efnahags- og fjármálum. Hefur umsjón með ríkiseignum.
- Ákveður verðlagningu á gasi, rafmagni og innanlandsflutningum.
- Stjórnar stefnunni í félags-, atvinnu-, innflytjenda- og fjölskyldumálum.
- Tekur við forsetavöldum ef forseti verður ófær um að sinna skyldum sínum.

Heimildir: Rússnesk stjórnvöld og alþjóðlegar fréttastofur.
Myndir: AP, Getty © GRAPHIC NEWS

### Áfram á sömu braut

Ekki er vitað til þess að Medvedev hafi neitt sérstakt á stefnuskrá sinni annað en að halda áfram á sömu braut og Pútín. Ýmislegt bendir til þess að hann ætli meira að segja að leyfa Pútín að ráða ferðinni í flestum efnum.

Síðast í gær ítrekaði Medvedev að hann ætli að „halda áfram á þeirri braut sem reynst hefur vel“, nefnilega á „braut Pútíns forseta“.

„Mér hefur alltaf þótt gott að starfa með forsetanum,“ sagði Medvedev.

Pútín hefur sjálfur tekið skýrt fram að hann ætli sér að setja mark sitt á rússnesk stjórnmál áfram þótt hann hætti sem forseti. Medvedev varð líka fljótur til að bjóða Pútín embætti forsætisráðherra í desember, þegar Pútín var búinn að lýsa yfir stuðningi sínum við Medvedev í forsetaframboðið og þar með nánast tryggja honum sigur. Pútín var sömuleiðis fljótur að þiggja það boð.

Forsætisráðherraembættið hefur hingað til verið töluvert veigaminna en embætti forsetans, og þótt Pútín hafi skýrt tekið fram að hann ætli sér ekki að breyta þeim valdahlutföllum virðist almennt reiknað með því að Pútín muni auka vægi forsætisráðherraembættisins á kostnað forsetaembættisins.



**DIMITRÍ MEDVEDEV** Arftaki Pútíns hefur síðustu árin stjórnað hinu valdamikla orkufyrirtæki Gazprom, sem á stóran þátt í því aukna vægi sem Rússland Pútíns hefur fengið á alþjóðavettvangi. NORDICPHOTOS/AFP

### Sameiginlegur uppruni

Þeir Pútín hafa þekkst lengi. Þeir eru báðir fæddir í Pétursborg, báðir lögfræðimenntaðir og hafa verið nánir samstarfsmenn allar götur síðan Pútín var formaður utanríkismálanefndar Pétursborgar á árunum 1991-96 og fékk Medvedev í ráðgjafarstörf fyrir nefndina.

Medvedev á í raun allan sinn pólitíska feril Pútín að þakka. Árið 2000 var Medvedev kosningastjóri Pútíns og varð í beinu framhaldi af því starfsmannastjóri forsetaembættisins. Árið 2005 varð síðan Medvedev annar tveggja aðalaðstoðarforsætisráðherra ríkisstjórnarinnar.

Medvedev hefur einnig frá árinu 2000 verið ýmist stjórnarformaður eða varastjórnarformaður orkufyrirtækisins Gazprom, sem er voldugasta fyrirtæki Rússlands og hefur að stórum hluta staðið undir hagvexti landsins síðustu árin, og þar með einnig undir auknu vægi Rússlands á alþjóðavettvangi.

### Áhyggjur

Mannréttindasamtökin Amnesty International lýstu nú í vikunni yfir áhyggjum af ástandinu í Rússlandi, þar sem þau segja tjáningarfrelsi, fundafrelsi og félagafrelsi eiga í vök að verjast. Samtökin segja það hafa verið sérstaklega áberandi, nú í aðdraganda kosninganna, hve stjórnvöld hafi sýnt þessum grundvallarréttindum litla virðingu.

Enginn virðist reikna með því að Medvedev ætli að breyta þessu ástandi, enda virðast Rússar almennt hafa fyllst djúpstæðri tortryggni í garð lýðræðisfyrirkomulagsins áratuginn sem Boris Jeltsín var við völd í beinu framhaldi af hruni Sovétríkjanna árið 1991.

Pútín hefur á valdaferli sínum forðast að gera nokkuð sem minnt gæti á Jeltsíns, en hefur á hinn bóginn verið sakaður um einræðistilburði og sovéskan stjórnunarstíl.

Medvedev hefur til þessa haldið sig til hlés. Nú þegar hann stígur fram í sviðsljósið kemur smám saman í ljós hve vandlega hann mun feta í fótspor Pútíns.



**GÓÐUR VIÐ BÖRN OG MÁLLEYSINGJA** Fáeinum dögum fyrir forsetakosningarnar í Rússlandi var opnuð í Moskvu sýning á teikningum barna sem fengu það verkefni að teikna framtíðarforseta landsins. Hér er ein myndanna. NORDICPHOTOS/AFP



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

### LÖGFRÆÐINGUR FRÁ PÉTURSBORG

| | |
|---|---|
| 1965 | Fæddur í St. Pétursborg 14. september. Foreldrar hans voru háskólakennarar. |
| 1987 | Útskrifast sem lögfræðingur frá háskólanum í Pétursborg. |
| 1991-96 | Pútín, sem þá er formaður utanríkismálanefndar Pétursborgar, ræður Medvedev sem sérfræðing fyrir nefndina. |
| 1999 | Flytur til Moskvu sem aðstoðarstarfsmannastjóri ríkisstjórnarinnar. |
| 2000 | Kosningastjóri Pútíns. Ráðinn aðstoðarstarfsmannastjóri forsetans, síðar stjórnarformaður hins volduga orkufyrirtækis Gazprom. |
| 2005 | Fyrsti aðstoðarforsætisráðherra, hefur umsjón með menntamálum, heilbrigðismálum, húsnæðismálum og landbúnaði. |
| 10. des. 2007 | Pútín lýsir yfir stuðningi við Medvedev í forsetaframboð. |
| 2. mars 2008 | Forsetakosningar í Rússlandi. Medvedev nánast öruggur um sigur. |



Eftirlit með þýskum tölvum
# Hert lög gegn netnjósnum

**ÞÝSKALAND, AP** Þýskur stjórnlagadómstóll úrskurðaði í gær að upplýsingar á einkatölvum séu verndaðar undir stjórnarskrárgrein sem fjallar um rétt til einkalífs. Takmarkar þessi úrskurður heimildir stjórnvalda til eftirlits með einkatölvum.

Úrskurðurinn skýrir umdeild lög í Þýskalandi um rétt leyniþjónustunnar til að nota forrit í líkingu við vírusa til að fylgjast með athöfnum grunaðra hryðjuverkamanna á netinu.

Innanríkisráðherrann Wolfgang Schaeble fagnaði úrskurðinum og sagði að ráðuneyti sitt myndi starfa í samræmi við þær takmarkanir sem þar eru settar. - sdg

Ríkisstjórnin kynnir áherslur Íslands í umhverfismálum vegna vinnu við arftaka Kyoto-bókunarinnar:
# Ekki tímabært að ræða íslenskt ákvæði

**UMHVERFISMÁL** Ekki er tímabært að gera kröfur um einhvers konar arftaka íslenska ákvæðisins svonefnda í Kyoto-bókuninni nú, þrátt fyrir að stjórnvöld hafi kynnt sjónarmið Íslands vegna vinnu við undirbúning arftaka Kyoto-bókunarinnar, segir Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra.

Undirbúningur samkomulags um losun gróðurhúsalofttegunda byggir á nokkurs konar vegvísi sem samþykktur var á loftslagsráðstefnu á Balí á síðasta ári.

Þau sjónarmið sem ríkisstjórnin lagði fram á þriðjudag byggja á markmiðum sem sett voru fyrir



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

ráðstefnuna á Balí, segir Þórunn. Mikilvægast sé að ná samkomulagi um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda verulega fyrir árið 2020. Grundvallaratriði er að samkomulag náist um heimsmarkað með losunarheimildir.

Þórunn segir að í fyrstu lotu verði rætt um almenn markmið,



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

en síðar verði fjallað um aðstæður í hverju landi. Því sé ekki tímabært að ræða um sérstakt íslenskt ákvæði, tími fyrir slíkt sé undir lok ferlisins. Ljóst sé að draga þurfi úr útblæstri á öllum sviðum hér á landi.

Spurð hvort hún hafi myndað sér skoðun á því hvort Ísland eigi að sækjast eftir öðru íslensku ákvæði sagði Þórunn: „Í þessu ferli skiptir höfuðmáli að ná almennri niðurstöðu. Það er aðalmálið fyrir Ísland, og fyrir öll ríki heims. Hvaða leiðir við veljum er seinni tíma ákvörðun. Ég vil ekki segja eitthvað um það núna því ég er ekki í stöðu til þess.“

Ísland hefur ákveðna sérstöðu þar sem tilvera okkar er byggð á endurnýjanlegum auðlindum, segir Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

„Að mínu áliti er gríðarlega brýnt að það verði tekið tillit til þessarar sérstöðu Íslands í því ferli sem framundan er,“ segir Kristján. - bj



**FISKVEIÐI** Pólitískir talsmenn breskra útgerðarbyggða kveinka sér undan sjávarútvegsstefnu ESB. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórn fiskveiðimála frá ESB:
# Tillaga felld á breska þinginu

**BRETLAND** Tillaga um að Bretar segðu sig frá sameiginlegri sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins og tækju stjórn fiskveiðimála að fullu í sínar hendur var felld á breska þinginu í fyrrakvöld með 285 atkvæðum gegn 175, að sögn BBC.

Það var Angus Robertson, þingmaður Skoska þjóðernisflokksins SNP, sem lagði tillöguna fram. Hann vísaði til góðrar reynslu landa á borð við Ísland, Noreg og Færeyjar af því að halda stjórn fiskveiðimála utan við ESB.

Ráðherra Evrópumála í breska utanríkisráðuneytinu, Jim Murphy, sagði vissulega þörf á endurbótum á sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni. - aa



**BUSH OG TOPOLANEK** Vel fór á með leiðtogunum í Hvíta húsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush um eldflaugavarnir:
# Skammt í samninga við Tékka

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði í gær að samkomulag um uppsetningu ratsjárstöðvar í Tékklandi fyrir eldflaugavarnakerfi Bandaríkjamanna væri ekki enn í höfn, en lítið bæri í milli. Forsetinn lét þessi orð falla á sameiginlegum blaðamannafundi í Hvíta húsinu með Mirek Topolanek, forsætisráðherra Tékklands, eftir viðræður þeirra þar.

Ratsjárstöðin er hluti af áformum um uppsetningu búnaðar fyrir eldflaugavarnakerfið í Mið-Evrópu, en auk ratsjárstöðvarinnar ná þau til skotstöðvar fyrir gagneldflaugar í Póllandi, sem ekki hefur heldur verið gengið frá samningum um. - aa

## REYKJAVÍK
**Ný bók í Borgarleikhúsið**
Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar hefur fengið heimild innkauparáðs borgarinnar til að kaupa ný stólbök, setur og arma fyrir aðalsal Borgarleikhússins.



## SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS

# Alltaf einhver hjálparþurfi - líka í ríkum löndum

**Í rúm hundrað ár hefur Hjálpræðisherinn unnið að bættum hag bágstaddra á Íslandi. Fyrir þetta mikla starf hlaut þessi sérstaki her Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í fyrradag. Ísland var eitt fátækasta land Evrópu þegar Hjálpræðisherinn var stofnaður. Rúmri öld síðar er herinn enn að og þótt Ísland sé nú í hópi ríkustu þjóða heims segir Anne Marie Reinhodtsen, yfirforingi hersins á Íslandi, að enn séu þeir margir sem þurfi á hjálp að halda.** ***Karen D. Kjartansdóttir*** **ræddi við Anne Marie um starfsemina hér á landi.**

Þegar Hjálpræðisherinn hóf fyrst störf á Íslandi þann 12. maí 1895 var landið eitt fátækasta ríki Evrópu. Þörfin fyrir að hjálpa bágstöddum var brýn og lögðu hermenn kærleikans, eins og starfsmenn þessarar kristilegu hreyfingar eru oft kallaðir, á sig ómælda vinnu með það að leiðarljósi að boða kennisetningar Biblíunnar og um leið hlúa að þeim sem minna mega sín í samfélaginu. Yfirforingi Hjálpræðishersins á Íslandi er Anna Marie Reinholdtsen. Þó Ísland sé nú orðið eitt ríkasta land Evrópu segir hún þörfina fyrir störf Hjálpræðishersins enn brýna. „Ég veit það af langri reynslu og störfum í ríkum löndum að það er alltaf einhver sem fellur milli stafns og bryggju í samfélaginu. Ég veit að það er ekki síður erfitt að vera einn þeirra sem minna mega sín í ríku landi þannig að þörfin hér er fyrir hendi,“ segir Anne Marie. Þá segir hún að ávallt verði þörf fyrir að boða gildi Biblíunnar; kærleika og virðingu. „Það eru gildi sem alltaf eiga erindi við fólk á öllum tímum og hvar sem er í heiminum,“ segir Anne.

### Hundrað ára starf í þágu bágstaddra

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, veitti Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í fyrradag, en þau komu að þessu sinni í hlut Hjálpræðishersins sem í rúmlega hundrað ár hefur unnið hér á landi í þágu þeirra sem minnst mega sín. Anne Marie segir verðlaun sem þessi hafa mikla þýðingu fyrir liðsmenn Hjálpræðishersins. „Bæði fáum við myndarlega upphæð sem kemur sér vel fyrir okkar störf en það er ekki síður mikilvægt að fá jákvæða umfjöllun og viðurkenningu á því að eftir störfum okkar sé tekið. Við erum mjög snortin yfir því að vita að það eru einstaklingar í samfélaginu sem hugsa hlýlega til okkar og vilja leggja störfum okkar lið,“ segir Anne á lýtalausri Íslensku. Hún kom fyrst hingað til lands frá heimalandi sínu Noregi árið 1977 og hefur síðan þá starfað í þágu hersins hér í báðum löndum. Árið 2003 tók Anne Marie svo við starfi yfirforingja Hjálpræðishersins á Íslandi og hefur hún síðan unnið ötullega að því að efla starf hans hér landi. Nú starfa hér þrír söfnuðir á hans vegum, í Reykjavík, Reykjanesbæ og Akureyri, en starfsmenn umdæmisins alls, það er Noregs, Íslands og Færeyja, eru rúmlega 1.300 talsins og meðlimir um 20.000.

### Hvíld frá götunni

Í stærstu húsakynnum hersins, sem jafnan eru kölluð Herkastalinn og standa við Kirkjustræti 2 í miðborg Reykjavíkur, er rekið gistiheimili. „Rekstur þess gefur okkur tækifæri til að hjálpa fólki sem þarf á húsaskjóli að halda um tíma en aðallega er það stofnun sem er hugsuð til að skaffa starfseminni peninga. Það er okkur því afar mikilvægt að það gangi sem best,“ segir Anne.

Á gistiheimilinu gefst fátæku og heimilislausu fólki einnig kostur á að koma og þiggja kaffi, brauð og stundum súpu flesta daga vikunnar auk þess sem þar getur það spjallað saman og hvílst. Á Eyjaslóð 2 við Granda opnaði Hjálpræðisherinn svo svokallað dagsetur seint á síðasta ári. Þar getur utangarðsfólk komið sex daga vikunnar nærst, hvílst, þvegið fötin sín og sjálft sig föndrað, litið inn á bókasafn og jafnvel farið í fótsnyrtingu, en það segir Anne gera fólki mjög gott. „Það segir oft að því líði eins og nýrri manneskju eftir hana,“ segir hún og hlær.

Anne segir starfsemina á Eyjaslóð hafa verið afar kærkomna viðbót við starf hersins á höfuðborgarsvæðinu. „Fyrst og fremst er þetta staður þar sem fólk getur komið og hvílt sig í ró og næði frá verunni á götunni. Þar er ekki sami reytingurinn og væri ef staðurinn væri alveg miðsvæðis og er því fólkið sem þangað kemur fyrst og fremst komið til að hvíla sig,“ segir hún. Til að reyna að standa straum af þeim kostnaði sem dagsetrið útheimtir hefur Hjálpræðisherinn einnig komið á fót nytjamarkaði í sama húsi. „Og svo reynum við eins og við getum að vera umhverfisvæn og fáum því fólk til að hjálpa okkur við flokkun ef það er tilbúið til. Mörgum þykir gott að launa fyrir sig með því starfi en fólk kemur auðvitað þangað í misjöfnu ástandi og ekki treysta sér því allir til þessa,“ segir hún.

### Mesta stríðshetjan

Anne er sérlega stolt af því starfi sem unnið er á Akureyri en þar er tónlistar, barna- og unglingastarf afar öflugt. „Fyrir norðan er líka mesta stríðshetjan okkar hún Ingibjörg Jónsdóttir,“ segir Anne og útskýrir að enginn hafi starfað jafn lengi fyrir Hjálpræðisherinn og Ingibjörg sem enn vinnur af krafti þótt hún sé orðin 87 ára gömul.

Hjálpræðisherinn er mjög rótgróinn á Akureyri. Ein nýjasta viðbót hersins er starfið í Reykjanesbæ en frá því í haust hafa þar ung hjón unnið að uppbyggingu starfs undir merkjum Hjálpræðishersins.

„Það er ung fjölskylda sem að því stendur. Starfið þar er rétt að hefjast og ekki búið að móta það alveg en vonir okkar standa til þess að það verði mjög fjölskylduvænt þegar fram líða stundir,“ segir Anne. Hún segir eina starf hersins sem unnið sé í samvinnu við ríkið vera rekstur vistheimilisins Bjargs á Seltjarnarnesi, sem veitir geðfötluðu fólki heimili og hefur gert frá árinu 1968. Þar búa tólf manns og er heimilið rekið á föstum fjárframlögum frá Heilbrigðisráðuneytinu.

### Fagnaðarerindið verður ekki boðað fólki með tóman maga

Hugsjón Anne er eins og flestra annarra sem fyrir Hjálpræðisherinn starfa að tryggja lífsgæði fyrir alla og boða fagnaðarerindi Biblíunnar, en eins og William Booth, upphafsmaður Hjálpræðishersins, sagði: „Það þýðir ekki að boða fólki með tóman maga fagnaðarerindið.“ Frá því hann hóf að starfa að trú- og mannúðarmálum um miðja 19. öld hafa líknarstarf og trúboð verið órjúfanlegir grundvallarþættir starfsemi hersins.

Kristin samtök hafa þó undanfarið ekki þótt hátt skrifuð í samfélaginu og er metfjöldi þeirra sem skáðu sig úr Þjóðkirkjunni á síðasta ári ef til vill gott dæmi um það. Anne Marie viðurkennir að hún hafi fundið fyrir þeirri umræðu og sé því afar þakklát því að Hjálpræðisherinn, sem grundvallist svo sannarlega á kristnu starfi, hafi ekki verið látinn gjalda þess þegar Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru veitt.

### Erfiðast að sjá hvernig fólk getur farið með líf sitt

Á jólunum ber venjulega mest á starfi Anne og annarra liðsmanna hersins en um árabil hafa Anne Marie og fjölskylda hennar kosið að deila jólunum með starfsfólki og gestum á gistiheimili Hjálpræðishersins, þó þau dvelji þar langdvölum vegna starfa sinna. Það að kjósa að verja jólunum í vinnunni og með skjólstæðingum sýnir ef til vill vel hve starfið innan Hjálpræðishersins er ólíkt öðrum störfum og hve raunverulega ástríðu þarf til að sinna því svo vel sé. En verður aldrei erfitt að umgangast sífellt fólk í misjöfnu ástandi sem jafnan er illa til reika? spyr blaðamaður Anne. „Það hefur ekki oft komið fyrir að mér þyki erfitt að taka á móti fólki sem er undir áhrifum en vissulega getur maður ekki liðið hvaða framkomu sem er.

Það er samt fyrst og fremst vináttа og kærleikur sem ríkir innan Hjálpræðishersins. Það er gott að geta orðið að liði en erfiðast að sjá hvernig fólk getur farið með líf sitt og hvers konar tök áfengi og fíkniefni geta haft á lífi fólks.“



**HERMENN FYRIR UTAN HERKASTALANN** Anne Marie Reinholdtsen og Aslaug Langgard fyrir utan Herkastalann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS 2008** Anne Marie Reinholdtsen, yfirforingi Hjálpræðishersins, veitti verðlaununum viðtöku úr hendi Ólafs Ragnars Grímssonar forseta. Með henni á myndinni eru Aslaug Langgaard, Harold J. Reinholdtsen og Elsabet Daníelsdóttir. Verðlaunin voru veitt fyrir störf í þágu bágstaddra í rúmlega eina öld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### UPPHAF HJÁLPRÆÐISHERSINS

Hjálpræðisherinn varð til sunnudaginn 2. júlí 1865 í aumasta fátækrahverfi London. Upphafsmaður hersins var William Booth sem bæði vildi vinna að velferð fólks og útbreiðslu fagnaðarerindisins. Herinn er nú starfandi í 111 löndum. Grundvallast starfið ávallt á kærleika og virðingu.

### ALÞJÓÐLEG YFIRLÝSING HJÁLPRÆÐISHERSINS

- Hjálpræðisherinn er alþjóðleg evangelisk hreyfing, hluti af hinni almennu kirkju.
- Boðskapurinn grundvallast á Biblíunni.
- Þjónustan er knúin af kærleika til Guðs.
- Verkefnið er að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist og í nafni hans mæta mannlegri neyð án þess að mismuna fólki.


## Málstofa um lífeyrismál

**BSRB - húsinu Grettisgötu 89 föstudaginn 29. febrúar kl 13 - 15.30**



*Fundarstjóri Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands*



***Í hverju liggur styrkur íslenska lífeyrissjóðakerfisins í alþjóðlegum samanburði?***
*Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða*



***Aldraðir og hlutverk almannatrygginga í velferðarþjóðfélaginu***
*Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins*



***Hlutur lífeyrissjóðanna í útrásinni og uppbyggingu atvinnulífs***
*Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings banka*



***Silfur Egils: Aldraðir Íslendingar og peningar***
*Katrín Jakobsdóttir, alþingismaður*



***Launafólk og lífeyriskjör*** *Ögmundur Jónasson, formaður BSRB*

*Móttaka í boði SLFÍ að málstofu lokinni*

BSRB

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GÁMASALA

## Ariel Sensitive þvottaefni

**50 SKAMMTAR - 30 KR. PR. ÞVOTTUR**

## Pampers bleiur risa kassi !

**11-18% BETRA VERÐ**



**1498**

Ariel Sensitive þvottaefni.
50 skammtar á **1498 kr.**
eða 3o kr. pr. þvott



**2298**

11-18% BETRA VERÐ

Pampers Midi 4-9 kg. **156 stk.**
Pampers Maxi 7-18 kg. **132 stk.**
Pampers Maxi Plus 9-20 kg. **120 stk**
Pampers Junior 11-25 kg. **111 stk.**




Frosin grænmetisblanda
**1 kg 198 kr.**




Coke 6 fl. x 2 ltr.
Bónus páskaegg nr. 3 **898 kr.**




Frosið spergilkál
**1 kg 198 kr.**




Gulrótarkaka Kristjánsbakarí
**890g 698 kr.**




KS lambasúpukjöt 1.flokkur
**474 kr/kg.**




KS lambasvið **299 kr/kg.**
*MERKT VERÐ 399 KR.*




KS lambahryggur frosinn
**1039 kr/kg.**
*MERKT VERÐ 1298 KR.*

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30




**2 stk.**



**1.299**

**Búkkar**
Járn, 2 stk. 78 sm
5079901

**50% afsláttur**



**699**
~~1.399~~

**Rúllusett**
**Anza**, 23 sm
7014821

IDO

**13.590**
~~20.900~~



**Salerni, vegghengt**
Hörð seta fylgir.
8076037

Gildir til 12. mars 2008

Afsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.




15 ára ábyrgð

895 kr/m²

**Plastparket, Scénic 7 mm**
Eikarlíki, 3ja stafa.
Borðastærð 194x1.292 mm.
146878




4.890
~~8.150~~

**Veggmálning**
Gljástig 7, 10 ltr
7119866-74

VERKFÆRI FYLGJA EKKI



3.995
~~6.995~~

**Verkfærataska**
**Mastermate**, á hjólum, 2 skúffur, 690x355x410 mm.
5024620




**Fínspartl 750 ml**
Spartl í allar minni viðgerðir.
7111005

599
~~750~~

1.495 kr/m²



**Gólfflís, Keope**
Gegnheilar frostþolnar,
8.5 mm þykkar, 30x30 sm.
8630030/31/33



40% afsláttur

3.495 kr/m
~~5.825 kr/m~~

**Límtré**
Eik, 35x400:26 mm
136710

## 2 rafhlöður



**Hleðsluborvél**
18V, 2 rafhlöður, taska og borar fylgja.
Hleðslutími 1 klst.
5245004

4.499

Electrolux



3 ÁRA ÁBYRGÐ

**Blástursofn**
**Electrolux**,
EOB 63100X,
59,4x59,4x56,7 sm, 8 eldunarkerfi, 3falt gler í hurð, barnalæsing, 2 ofnljós
1830118

59.990
~~67.990~~

Electrolux



3 ÁRA ÁBYRGÐ

**Uppþvottavél**
**Electrolux**,
ESF 64020X, stál, AAA,
5 þvottakerfi, 12 manna
1808860

59.990

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

**Kjarni málsins**

> Framhaldsskólanemar sem læra spænsku:




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# menntun

*nám, fróðleikur og vísindi*

**KENNARINN:** KRISTÍN JÓNSDÓTTIR SMÍÐAKENNARI

## *Fleiri konur ljúka smíðakennaranámi en karlar*

Kristín Jónsdóttir hefur verið smíðakennari í Lækjarskóla í Hafnarfirði frá árinu 2000. Á lokaári í grunnskóla fór hún í kynnisferð í Iðnskólann í Reykjavík. Þar heillaðist hún af húsgagnasmíði og ákvað að læra iðnina. Fljótlega eftir útskrift lá leiðin til Akureyrar þar sem hún kenndi smíði á Sólborg, Þjálfunarskóla ríkisins. „Mér fannst mjög gaman að kenna smíði og ákvað að ná mér í kennsluréttindi á því sviði. Ég lauk stúdentsprófi og fór í nám í Kennaraháskólanum. Nú hef ég leyfi til að starfa sem smíðakennari á grunn- og framhaldsskólastigi.“

Þegar þeir sem nú eru komnir til vits og ára líta til baka minnast eflaust flestir smíðakennarans sem eldri karlmanns í vinnuslopp. Kristín segir að sú mynd eigi ekki lengur við. „Ég er í samskiptum við smíðakennara og flestir þeirra eru konur. Ég held að það sé bara nokkuð algengt að konur kenni smíði í skólum landsins. Í Kennaraháskólanum er boðið upp á smíði sem valfag. Á síðustu árum hafa fleiri konur útskrifast með smíði sem kjörsvið en karlar.“

Kristín segir að nemendurnir taki sér yfirhöfuð vel og þeim þyki ekkert skrítið við að smíðakennarinn sé kona. „Ég hef aðeins einu sinni orðið vör við að nemandi hafi haft orð á því að það passi ekki að kona sé smíðakennari. Krakkarnir eru ekkert að velta þessu fyrir sér enda löngu orðnir vanir því að konur séu í miklum meirihluta í kennarastéttinni.“

Kristínu finnst smíðakennslan bæði gefandi og skemmtileg. „Áhuginn skín oftast úr hverju andliti í smíðatímum. Krakkarnir njóta þess að fá tækifæri til að vinna með höndunum og í flestum tilfellum keppast þeir við að ljúka verkefnunum. Í smíðastofunni fá þeir útrás fyrir sköpunargleðina og þar gilda önnur vinnubrögð en í bóknáminu. Krakkar sem eiga erfitt í bóklegum greinum blómstra oft í smíðastofunni. Í raun og veru ætti að vera lögð miklu meiri áhersla á verklegar námsgreinar í grunnskólanum en nú er gert.“



**Starfsþjálfun**

## Ungt háskólafólk vantar í verkefni ÞSSÍ

Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur auglýst eftir ungu háskólafólki til starfa í samstarfslöndum stofnunarinnar. Um er að ræða fimm mánaða starfsþjálfun í tengslum við verkefni ÞSSÍ í fimm samstarfslöndum. Þessi lönd eru Malaví, Úganda, Namibía, Mósambík og Níkaragva. Þeir starfsnemar sem verða fyrir valinu halda utan í byrjun júlí og koma heim í byrjun desember.

Leitað er eftir mismunandi menntun starfsnema eftir verkefnum í hverju landi. Þannig er til dæmis sóst eftir umsækjendum með menntun á sviði félagsvísinda með þekkingu á aðferðafræði rannsókna til Malaví en eftir umsækjendum með menntun á sviði hagfræði, þróunarfræði eða þróunarhagfræði til Úganda.

Mikill áhugi er á störfum starfsnema hjá Þróunarsamvinnustofnun. Á síðasta ári hafa tvö hundruð ungmenni sótt um störfin. Umsækjendurnir þurfa að hafa lokið grunnnámi í háskóla og vera yngri en 32 ára.

Umsóknarfrestur er til 26. mars.








**SKILAR ÁRANGRI** Olweusar-áætlunin hefur verið innleidd í fjölda skóla og þykja aðferðir hennar skila miklum árangri í baráttu gegn einelti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Börn liðu vítiskvalir en tekið var á því

**„Einelti í samfélaginu eykst og þolmörk fyrir ofbeldi aukast,“ segir Þorlákur Helgi Helgason, framkvæmdastjóri Olweusarverkefnisins á Íslandi, en markmiðið með því er að vinna gegn einelti og ekki síst að búa til skólabrag þar sem einelti er ekki liðið. Hvergi í heiminum er þátttaka í þessu verkefni jafn mikil og hér.**

Fyrir áramót tóku 75 skólar þátt í eineltiskönnun þar sem allir nemendur 4. til 10. bekkjar voru spurðir út í viðbrögð og afstöðu nemanda og starfsmanna til eineltis. Með því fengust mjög mikilvægar upplýsingar sem eru grunnur að vinnu í skólum sem eru virkir þátttakendur í Olweusar-áætluninni.

„Við byrjuðum á þessari áætlun árið 2002 og höfum frá þeim tíma gert sjö kannanir um líðan nemenda í skólum,“ segir Þorlákur. Hann segir niðurstöður sem fyrir liggja gefa til kynna með áreiðanlegum hætti að dregið geti úr einelti um 60 til 70 prósent sé vel að verkefninu staðið. Grunnskólinn á Siglufirði sé gott dæmi um hve mikill árangur getur náðst með markvissum vinnubrögðum byggðum á kenningum Dans Olweus.

„Það er nú bara þannig að hér höfðu börn liðið vítiskvalir vegna eineltis,“ segir Jónína Magnúsdóttir, skólastjóri grunnskóla Siglufjarðar. Hún segir að skólayfirvöld hefðu verið búin að leita fjölmargra leiða til að bæta skólabraginn en án árangurs. „Árið 2002 innleiddum við svo þetta verkefni inn í skólastarfið. Með því voru allir í skólasamfélaginu, foreldrar, starfsmenn og nemendur, uppfræddir um hvað einelti væri og að það ætti ekki undir neinum kringumstæðum að líða,“ segir Jónína. Hún segir að öllum hefði verið gerð grein fyrir því að þeir bæru sameiginlega ábyrgð á því að vel ætti að takast til með að bæta líðan nemenda. Kannanirnar sem lagðar hafa verið fyrir nemendur sýni mikinn árangur af starfinu en líðan nemenda þar mælist nú mjög góð að sögn Þorláks.

Þorlákur segir að gerendur í einelti séu yfirleitt færri en þolendurnir. Með markvissum aðgerðum sé hægt að ná til þeirra með tiltölulega skjótum hætti og sjá til þess að þeim sé gerð grein fyrir því að einelti sé ekki liðið. Það sé ekki gert með málamyndunum heldur skilvirkum refsingum. Með því sé sýnt að einelti sé ofbeldi og sé meðhöndlað sem slíkt. Sem dæmi um refsingar má nefna að nemandi gæti þurft að fylgja kennara í frímínútum í nokkra daga. Þorlákur leggur áherslu á að til mikils sé að vinna þegar stuðlað sé að því að koma einelti úr skólum og nefnir sem dæmi að rannsóknir hafi sýnt að 60 prósent drengja sem eru gerendur við fjórtán ára aldur séu komnir á sakaskrá þegar þeir eru 24 ára og að stór hópur drengja sem eru þolendur í 10. bekk séu í verulegri hættu með ýmis geðræn vandamál.

karen@frettabladid.is

### OLWEUSARÁÆTLUNIN GEGN EINELTI

Norski fræðimaðurinn Dan Olweus er prófessor í sálfræði. Hann er frumkvöðull í rannsóknum um áhrif eineltis á gerendur og þolendur auk þess sem hann hefur í um þrjátíu ár unnið að rannsóknum og aðgerðaáætlunum sem þykja líklegar til að draga úr einelti. Mjög vel hefur tekist til hjá þeim skólum sem fara eftir áætlun hans og hefur verkefnið hlotið fjölda viðurkenninga, svo sem norrænu lýðheilsuverðlaunin og verið útnefnt fyrirmyndarforvarnaverkefni í Bandaríkjunum.



**ÞORLÁKUR HELGASON**



**JÓNÍNA MAGNÚSDÓTTIR**

### MÁLÞING UM OLWEUSARÁÆTLUNINA

Málþing um Olweusar-áætlunina verður haldin á morgun, 29. febrúar, í Skriðu, nýbyggingu Kennaraháskólans við Stakkahlíð í Reykjavík. Boðið verður upp á fjölda málstofa en hægt er að skrá sig og skoða dagskrána á síðunni olweus.is.

# D40

## Ekki bara myndavél – *heldur NIKON*

Nikon
At the heart of the image



Við bjóðum nú þessa stórkostlegu myndavél – með Nikon linsu, Nikon SB-400 flassi, 1 GB minniskubb og tösku á aðeins kr. **79.900,-**




### Nikon D40 myndavél

- 6.1 milljón pixla CCD myndflaga
- 2.5 rammar á sekúndu (fps)
- 2,5" LCD skjár
- Hraður 3 punkta sjálfvirkur fókus
- ISO 200-1600 (3200 með boost)
- Innbyggðir aðgerðir til að laga og breyta myndum í vélinni
- i-TTL ljósmælikerfi
- Notar DS minniskort
- Getur notað flestar autofokus linsur fyrir Nikon myndavélar
- Innbyggt flass
- Skór fyrir auka Nikon flass
- Þyngd 522gr (án linsu)
- **18–55 mm Nikon DX linsa fylgir**

**Nikon SB-400 leifturljós**
· Hentar sérstaklega vel með betri compact vélum og minni D-SLR
· Leiðitala 21(100iso) · Notar 2 stk AA rafhlöður · Þyngd 127 gr.

KVIKA

# ORMSSON

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-NESKAUPSTAÐ | VÍK-REYÐARFIRÐI | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 |

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.955 **-1.56%**

**Fjöldi viðskipta:** 499
**Velta:** 4.340 milljónir

MESTA HÆKKUN

**EIMSKIPAFÉLAGIÐ** +1,23%
**ICELANDAIR** +0,40%

MESTA LÆKKUN

**ATLANTIC AIRWAYS** -4,40%
**GLITNIR** -2,57%
**LANDSBANKINN** -2,31%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,91 -0,88% ... Bakkavör 42,60 -2,07% ... Eimskipafélagið 28,85 +1,23% ... Exista 12,20 -0,16% ... FL Group 9,80 -1,01% ... Glitnir 17,05 -2,57% ... Icelandair 25,20 +0,40% ... Kaupþing 733,00 -1,35% ... Landsbankinn 27,55 -2,31% ... Marel 92,40 +0,00% ... SPRON 5,78 +0,00% ... Straumur-Burðarás 12,08 -1,23% ... Teymi 5,27 -0,94% ... Össur 92,90 -0,32%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Netbólublús eða leiðrétting?

Bandarískir greinendur hafa lækkað verðmat sitt á netleitarrisanum Google, en uppgangur og vöxtur félagsins hefur verið stjarnfræðilegur til þessa. Að mati markaðsrannsóknarfyrirtækisins Comscore eru líkur á að tekjur fyrirtækisins af sölu auglýsinga dragist saman á árinu. Hagnaður Google nam 1,2 milljörðum dala, jafnvirði 138 milljörðum íslenskra króna, á fjórða ársfjórðungi síðasta árs. Upphæðin er dágóð, en engu að síður undir væntingum greinenda.




### Ósamstíga í verðmati

Svissneski alþjóðabankinn UBS lækkaði verðmat sitt á Google úr 650 dölum á hlut í 590 dali, eftir að niðurstaða ársins varð ljós, auk þess sem greinendur hjá kanadíska bankanum Bank of Montreal lækkuðu það um hundrað dali, úr 690 dölum í 590 dali á hlut. Bank of America, sem lækkaði verðmatið úr 775 dölum á hlut í 700, mælir á sama tíma með því að fjárfestar kaupi bréf í fyrirtækinu enda sé það fyrirtaks fjárfesting. Google var skráð á markað seint í ágúst fyrir fjórum árum og var lokagengið 102 dalir á hlut. Það fór hæst í 747,24 dali í nóvember í fyrra en stóð við opnun markaða í gær í 460 dölum á hlut.

## Tíu þúsund milljarða eignir

Eignir bankanna, að Seðlabankanum meðtöldum, nema nú ríflega tíu þúsund milljörðum króna.

Heildareignir banka og sparisjóða námu 9.753 ma.kr. í lok janúar. Eignirnar jukust um 71 milljarð króna frá því í desember. Innlendar eignir jukust um ríflega 140 milljarða, en erlendar eignir drógust saman um 70 milljarða.

Samkvæmt tölum Seðlabankans nema innlendar eignir bankakerfisins nú 5.250 milljörðum króna en erlendar eignir tæplega 4.860 milljörðum.

Þar af nema eignir Seðlabankans samtals 608.470 milljörðum króna. - ikh

**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR**

### Þurfa bankaábyrgð

Byggingaverktakar sem ætla að fá lán hjá Íbúðalánasjóði þurfa nú bankaábyrgð frá viðskiptabönkum, samkvæmt ákvörðun stjórnar Íbúðalánasjóðs. Ábyrgðin á að ná til greiðslu lánsins og gilda þar til það hefur verið greitt upp eða sjóðurinn samþykkt nýjan skuldara, verði eigendaskipti á fasteign. Falli ábyrgð niður segir sjóðurinn að sér sé heimilt að gjaldfella lánið. Bankaábyrgðin er sögð jafngilda greiðslumati.

## Novator eykur hlutinn í Elisa

Novator, fyrirtæki Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur aukið hlut sinn í finnska fjarskiptafélaginu Elisa, og á nú 12,1 prósents hlut.

Samkvæmt frétt Reuters hefur Björgólfur bætt við sig tæplega einni milljón hluta frá því í janúar, þegar hann átti ríflega nítján milljón hluti í fyrirtækinu.

Miðað við gengi hluta í Elisa í gær er verðmæti viðbótarinnar um tveir milljarðar króna.

Novator lagði til breytingar á skipulagi fyrirtækisins sem til stóð að leggja fyrir aukaaðalfund sem haldinn var í janúar. Félagið vildi einnig fá menn í stjórn en fékk ekki. Aðalfundur Elisa verður haldinn átjánda mars. - ikh




# Nordea varar við efnahagslífi hér

**Ummæli sérfræðings Nordea þyngja róðurinn í að koma fram réttum upplýsingum, segir Finnur Sveinbjörnsson. Næstu uppgjör bankanna bæta stöðuna.**

„Almennt höfum við enga trú á íslensku efnahagslífi,“ segir Henrik Drusebjerg, sérfræðingur hjá Nordea, stærsta banka Norðurlanda, í samtali við Danska viðskiptablaðið Börsen.

„Það þyngir óneitanlega róðurinn að það birtist neikvæðar fréttir af efnahagslífinu dag eftir dag, á sama tíma og við leitumst við að koma réttum upplýsingum um stöðu mála á framfæri,“ segir Finnur Sveinbjörnsson. Finnur vinnur að því, ásamt stjórnvöldum og bönkunum, að finna leiðir til að bæta ímynd íslensks efnahagslífs ytra.

Henrik Drusebjerg segir að Nordea eigi ekki neinar eignir á Íslandi og bankinn vilji ekki að viðskiptavinir sínir eigi það heldur. Fram kemur í Börsen að Nordea hafi áður ráðlagt áhættusæknum fjárfestum að eignast hluti í íslenskum fyrirtækjum. Nú hafi bankinn skipt um stefnu. Nordea telji að krónan sé einn viðkvæmasti gjaldmiðill sem til er. Hún sé lítið notuð í alþjóðaviðskiptum. Þá séu lánakjör íslensku bankanna slæm og mikill viðskiptahalli hér á landi.

„Það er þekkt að það var mikil þensla í hagkerfinu. Hins vegar eru ýmis merki um að nú dragi úr henni og hagkerfið leiti jafnvægis,“ segir Finnur Sveinbjörnsson. Hann væntir þess að erlendir aðilar róist þegar uppgjör bankanna fyrir fyrsta fjórðung ársins koma fram. „Þá ættu þeir að sjá að bankarnir eru að draga úr kostnaði og samþætta starfsemina.“



**FINNUR SVEINBJÖRNSSON** Alþekkt að það var þensla í hagkerfinu þótt nú séu merki um annað. Fréttir af þessu tagi þyngja róðurinn. Fréttablaðið/GVA

Fram hefur komið að viðskiptavinir Danske bank hafi fjárfest nokkuð hér á landi undanfarið. Þeir eru nú meðal stærstu hluthafa í FL Group, Bakkavör, Glitni, SPRON og Exista. Jonas Torp, talsmaður Danske bank, neitaði að svara því hvort hugmyndin væri að skortselja bréfin. Fái fjárfestir hlutabréf að láni til að selja og kaupa aftur síðar, við lægra verði, er talað um skortsölu.

Exista er óbeinn eigandi í Nordea. Exista á fimmtungs eignarhlut í finnska félaginu Sampo, sem á tíu prósenta hlut í Nordea. Talsmaður Exista vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. - ikh

## Gagntilboðs beðið gegn Baugi

Baugur er ekki eini fjárfestirinn sem hefur áhuga á að yfirtaka bresku herrafatakeðjuna Moss Bros. Þetta segir breska dagblaðið Times og vitnar til þess að ónafngreindur fjárfestir hafi komið að máli við fjölskyldur stofnenda verslunarinnar um gagntilboð á móti Baugi.



**GUNNAR SIGURÐSSON FORSTJÓRI BAUGS**

Baugur lagði á mánudag fram óbindnandi yfirtökutilboð í Moss Bros upp á 40 milljónir punda, jafnvirði 5,2 milljóna króna.

Ósætti er á meðal stórra hluthafa í versluninni varðandi tilboðið en afkomendur Moses Moses, sem setti Moss Bros á laggirnar fyrir 157 árum, segir tilboðið alltof lágt og hafi þeir leitað eftir stuðningi til að verja arfleifðina frá yfirtöku.

Baugur hefur átt 29 prósenta hlut með óbeinum hætti í Moss Bros í gegnum fjárfestingafélagið Unity síðastliðin þrjú ár og hefur tvo menn í stjórn. Afkomendur stofnenda og Gee-fjölskyldan, sem keypti meirihluta í versluninni árið 1988, eiga samtals 27 prósent. - jab

## 163 skattsvikarar gefa sig fram

Yfir 160 manns hafa gefið sig fram við þýsk skattyfirvöld í kjölfar rannsóknar þeirra á leynireikningum í Liechtenstein.

91 hefur þegar viðurkennt að hafa skotið undan skatti, að því er fram kemur í Der Spiegel. Þeir hafa þegar greitt hátt í þrjátíu milljónir evra í skatta vegna þessa. Auk þess hafa 72 gefið sig fram og eru nú til rannsóknar hjá þýskum skattyfirvöldum.

Tveir bankar í Liechtenstein eru nú í athugun hjá þýskum yfirvöldum.

Þýsk yfirvöld hafa upplýsingar um 1.400 reikninga, þar af eru 600 í eigu Þjóðverja.

Finnar, Svíar, Norðmenn og Hollendingar hafa þegar óskað þess við Þjóðverja og fá þaðan upplýsingar. Danir eru að íhuga það. Íslensk skattyfirvöld hafa ekki óskað eftir upplýsingum frá þýskum skattyfirvöldum, en íhuga að eiga samstarf við norræn og þýsk yfirvöld á grundvelli tvísköttunarsamninga. - ikh

6 TILBOÐ!

# Eitt flottasta úrval landsins

## Mikið úrval fyrir öll baðherbergi • til afgreiðslu af lager



WLU 06A 120 sm
Hvítt háglans
**58.900,- stgr.**



WLU 06A 120 sm
Eik
**58.900,- stgr.**



CT 55 breidd: 55 sm
Hvítt háglans
**38.900,- stgr.**



CT 75 breidd: 75 sm
Hvítt háglans
**44.900,- stgr.**



WLU 147 61x48 +25 sm
Hvítt háglans/eik
**49.900,- stgr.**



6 baðinnréttingar
á frábæru **verði**!

WLU 147 61x48 +25 sm
Eik
**49.900,- stgr.**

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
*- fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Markmið til lengri og skemmri tíma:

## Umræðuupplyfting

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Skoðanakönnun Fréttablaðsins sem birt var í byrjun þessarar viku sýndi meiri stuðning við Evrópusambandsaðild en áður hefur komið fram. Meirihluti aðspurðra telur ríkari ástæður nú en fyrir ári að stíga þetta skref. Það bendir til þess að breyttar aðstæður kalli í hugum fólks á nýtt mat á hagsmunum Íslands gagnvart þessu stóra álitaefni.

Rétt er að skoða þessa niðurstöðu í því ljósi að einhverjir kunna að líta á evruna sem lausn á þeim bráðavanda sem steðjar að fjármálamarkaðnum. Eðlilegt er að horfa framhjá sveiflukenndum og óraunhæfum hugmyndum af því tagi. Hitt er ljóst að kannanir um þetta efni sýna vaxandi þrýsting á að umræðan um evruna með Evrópusambandsaðild verði sett í markvissan farveg.

Sama dag og þessi könnun birtist lýsti Bjarni Benediktsson alþingismaður því í fréttaviðtali í þessu blaði að rétt væri að endurskoða þau markmið sem Seðlabankanum er ætlað að vinna eftir. Sömu sjónarmið komu fram í merkilegri grein sem hann og Illugi Gunnarsson alþingismaður rituðu í Morgunblaðið um aðgerðir gegn tímabundnum þrengingum á fjármálamarkaðnum.

Sú grein er vissulega upplyfting fyrir pólitíska umræðu um peningamálastjórnun. Greinarhöfundar taka réttilega fram að innleiðing evru sé ekki lausn á þeim aðkallandi viðfangsefnum sem nú þarf að takast á við á þessu sviði. Eðlilegt er að greina skýrt þar á milli.

Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að fjármálalegur óstöðugleiki er undirliggjandi vandi í þjóðarbúskapnum. Ekki hefur verið sýnt fram á að Seðlabankinn ráði yfir þeim meðulum sem tryggt geti svipaðan stöðugleika og ríkir í viðskiptalöndunum. Við það verður ekki búið til frambúðar.

Í því ljósi er mikilvægt að móta farveg fyrir umfjöllun um nýjar leiðir til þess að tryggja íslenskum fyrirtækjum varanlega sambærileg skilyrði að því er varðar stöðugleika í peningamálum og viðskipta- og samkeppnisfyrirtækin erlendis njóta. Þetta þarf að gerast jafnframt því sem unnið er að lausn aðsteðjandi lánsfjárkreppu.

Hér er sannarlega um aðskilin viðfangsefni að ræða. Annað snýr að skammtíma ráðstöfunum. Hitt lýtur að stefnumörkun til lengri tíma. Hún er ekki síður mikilvæg þó að aðferðafræðin og tímaferillinn við ákvarðanatökuna sé annar. Skýr skilaboð um að í kjölfar þeirra þrenginga sem þjóðin gengur nú í gegnum verði fjármálalegur stöðugleiki settur ofar öðru eru atvinnulífinu þýðingarmikil.

Þessi skilaboð eru brýnust fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki. Bankarnir og stóru útrásarfyrirtækin eiga hægar um vik að verjast þeim óstöðugleika sem fylgir krónunni en fyrirtæki af venjulegri íslenskri stærðargráðu. Fjármálastöðugleiki er forsenda fyrir samkeppnishæfni þeirra og vexti.

Evran og aðild að Evrópusambandinu er engin sjálfkrafa vörn gegn efnahagsþrengingum. Margt bendir hins vegar til þess að evran geti tryggt betra jafnvægi í peningamálum. Þar af leiðir að vega þarf og meta íslenska hagsmuni í þessu efni.

Varast ber að líta svo á að könnun Fréttablaðsins sé til marks um straumhvörf í viðhorfi almennings. Hún sýnir hins vegar ótvíræða þróun í umræðunni. Flest bendir til að sú umræða sé ekki einasta í góðum farvegi heldur upplýstari en áður. Viðfangsefnin eru aukheldur sett í eðlilega forgangsröðun og tímaramma.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


# Nám í Danmörku

**Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.**

Odense Tekniske Skole heldur kynningu á námi við skólann fimmtudaginn 28. febrúar kl. 20.00 í Húsi Meistaranna að Skipholti 70 þar sem eftirfarandi námsgreinar verða kynntar.

- **Byggingaiðnfræði**
- **Byggingafræði**
- **Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði**
- **Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði**
- **Framleiðslutækni**
- **Margmiðlunarhönnun**

Odense Tekniske Skole er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

ErhvervsAkademiet
ODENSE TEKNISKE SKOLE


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gott samstarf

Athyglisvert er að Ólafur Stephensen, ritstjóri 24 stunda, skrifar fréttir frá Brussel í Morgunblaðið, auk þess að sjá sínu eigin blaði fyrir fregnum þaðan. Ritstjórinn gegnir líka hlutverki ljósmyndara fyrir bæði blöð. Þetta er nýjung. Hingað til hefur það tíðkast að sjálfstæðir miðlar láti sína eigin blaðamenn um fréttaskrif og ljósmyndara um að taka myndir. Ekki er langt síðan Árvakur eignaðist 24 stundir. Fróðlegt verður að sjá hvort framhald verður á samstarfi ritstjóra Árvakurs.



### Hvar var Beta?

Viðamikil menningarhátíð stendur nú yfir í Brussel, þar sem öllum listum eru gerð skil, þar á meðal bókmenntum. Í gær var haldið sérstakt bókmenntakvöld þar sem íslensku skáldin Hallgrímur Helgason og Auður Jónsdóttir lásu úr verkum sínum. Íslenskri bókabéusar hjuggu hins vegar eftir því að rithöfundinn Elísabetu Ólafsdóttur, betur þekkt sem Beta rokk, var ekki að finna á menningarhátíðinni. Elísabet gaf út skáldsöguna Vaknað í Brussel árið 2002 sem braut blað í íslenskri bókmenntasögu og markaði upphaf „bloggbókmennta" hér á landi.



### Heiður þeim sem heiður ber

Bjarna Benediktssyni og Illuga Gunnarssyni hefur verið hrósað fyrir ítarlega grein þeirra um efnahagsmál sem birtist í Mogga á þriðjudag.

Meðal þeirra sem fagna er Bjarni Harðarsson. Á heimasíðu sinni segir hann að frá því í vor hafi framsóknarmenn reynt að vekja sjálfstæðismenn til aðgerða í efnahagsmálum. Grein Illuga og Bjarna bendi til þess að nú séu þeir að vakna. Þökk sé Framsókn.

bergsteinn@frettabladid.is

# Drottning á fóðrum



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Landbúnaðarstefna ESB

Hagskyn er eins og húmor og matarlyst: fólk fær mismikið í forgjöf eins og gengur. Sumir hafa næmt hagskyn án þess að hafa nokkurn tímann lært hagfræði. Aðrir eru svo hagfirrtir (þetta á jafnvel við um suma sprenglærða hagfræðinga), að það er eins og ósýnileg hönd leiði þá nær ævinlega að rangri niðurstöðu um efnahagsmál – það er að óhagkvæmri og óréttlátri niðurstöðu.

Stundum liggur hundurinn grafinn einmitt þar: rangsleitnin slævir eða yfirgnæfir hagskynið, en stundum er þetta bara spurning um sljóa dómgreind, stundum hvort tveggja.

### Ær og kýr

Hagkvæmni og réttlæti eru ær og kýr hagfræðinga alveg eins og umhverfisvernd stendur upp á náttúrufræðinga. Ill meðferð fjár og fátækt orka á hagfræðing líkt og eiturgufur og gróðurspjöll orka á náttúrufræðing. Ég sagði fjár, ekki almannafjár. Auðvitað kemur engum það við nema eigandanum, hvernig hann fer með eigið aflafé, svo lengi sem hann lætur aðra í friði.

Ill meðferð einkafjár orkar samt ekki vel á hagfræðinga: okkur líður flestum frammi fyrir bruðli líkt og náttúrufræðingum frammi fyrir illri meðferð á lifandi gróðri, hvort sem er á almenningi eða einkareitum. Hagfræðingar eru yfirleitt andvígir viðskiptahöftum, skömmtun og öðrum spjöllum á gangverki markaðsbúskapar með sömu rökum og sama hug og náttúrufræðingar leggjast gegn mengun. Ekki þætti fara vel á því, að náttúrufræðingar verðu eða stunduðu gróðurspjöll í stórum stíl. Hyggi þá sá er hlífa skyldi.

Samt eru til hagfræðingar, sem hafa ekkert að athuga við langvarandi vitfirringu, óhagkvæmni og ranglæti til dæmis í landbúnaðarmálum eða útvegsmálum. Helztu ráðgjafar íslenzkra stjórnvalda um sjávarútvegsstefnuna hafa aldrei séð neitt athugavert heldur við landbúnaðarstefnuna.

### Styrkir handa kóngafólki

Nefndi ég vitfirringu? Elísabet Englandsdrottning og sonur hennar, prinsinn af Wales, fengu 360 þúsund evrur sendar heim búnaðarárið 2003-4 með kærri kveðju frá landbúnaðarráðherra Evrópusambandsins. Þetta kom í ljós, þegar blaðamönnum tókst að svæla þessar upplýsingar út úr höfuðstöðvum ESB í Brussel í krafti brezkra upplýsingalaga. Hertoginn af Westminster er metinn á sjö milljarða evra: hann fékk 260 þúsund evrur í bústyrk. Hertoginn af Marlborough fékk 296 þúsund evrur, jarlinn af Plymouth fékk 266 þúsund og þannig koll af kolli – og þetta er bara brezka konungsfjölskyldan.

Skýringin á þessum útlátum er sú, að búnaðarstyrkir ESB eru bundnir við eigendur bújarða, ekki bændur. Vitfirringin virðir engin mörk. Tony Blair, fyrrum forsætisráðherra Bretlands, kallaði landbúnaðarstefnu ESB hneyksli; það var vægari dómur en efni stóðu til.

### Mikil óhagkvæmni er ranglát

Vandinn í dæmi kóngafólksins er ekki sá, að jarðeigendur raki saman arði af eignum sínum. Upphleðsla fjármagns og arðurinn af því eru ásamt vinnu, menntun og viðskiptum hornsteinar heilbrigðs markaðsbúskapar. Nei, vandinn er sá, að skattgreiðendum með miðlungstekjur eða minna milli handanna, einnig í nýjum aðildarríkjum ESB í Mið- og Austur-Evrópu, er gert að punga út miklu fé handa moldríkum landeigendum vestar í álfunni. Vandinn er með öðrum orðum þessi: mikil óhagkvæmni er oftast einnig ranglát.

Sameiginleg útgjöld ESB eru fjármögnuð með flötum skatti. Aðildarlöndin leggja ESB til um eitt prósent af landsframleiðslu sinni óháð efnahag. Risabýli þiggja hvert um sig 780 þúsund evrur á ári í bústyrk, en þau eru þó aðeins 0,2 prósent af evrópskum bændabýlum. Stórbýli – þau sex prósent býlanna, sem framleiða mest – fá meira en helming allra styrkja, eða 30 þúsund evrur hvert að meðaltali. Röskur helmingur allra býla ber úr býtum fjögur prósent af bústyrkjunum, 425 evrur hvert bú. Hrói höttur hefði fengið flog.

Samt er búverndarstefna ESB barnaleikur hjá landbúnaðarstefnunni hér heima. Íslenzkir neytendur og skattgreiðendur styrkja bændur um fjárhæð, sem nemur 65 prósentum af framleiðsluverðmæti á móti 32 prósentum í ESB samkvæmt upplýsingum frá OECD. Afurðaverð til íslenzkra bænda er 2,5 sinnum hærra en heimsmarkaðsverð.

Heildarkostnaður vegna búverndarinnar 2006 nam 17 milljörðum króna; það gerir 18 þúsund krónur á mánuði á hverja fjögurra manna fjölskyldu á Íslandi. Hvað þarf að segja þetta oft?

# Námsgögn fyrir grunnskóla - nú má velja

UMRÆÐAN
Menntamál



KRISTJÁN BJARKI JÓNASSON

Á undanförnum árum hafa oft skapast umræður um möguleika kennara og foreldra til að hafa val um námsefni fyrir grunnskólabörn. Námsgagnastofnun hefur frá stofnun 1979 haft það hlutverk að leggja grunnskólum til námsgögn „í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá", eins og lagabókstafurinn segir. Lög um Námsgagnastofnun frá árinu 1979 og 1990 meina alls ekki einkaaðilum að gefa út námsgögn fyrir grunnskóla, en dreifing þeirra og miðlun til skólanna var á höndum Námsgagnastofnunar.

Það hefur farið furðu hljótt að algjör grundvallarbreyting varð á þessu fyrirkomulagi með lögum 71/2007 um námsgögn sem samþykkt voru á vorþingi fyrir um ári síðan. Um leið og hlutverk Námsgagnastofnunar sem leiðandi útgefenda námsgagna fyrir grunnskóla er áréttað er kynnt til sögunnar nýtt fyrirkomulag við innkaup á námsgögnum. Grunnskólar geta hér eftir keypt þau námsgögn sem kennarar, skólastjórnendur, eða aðrir sem um þau mál hlutast, kjósa umfram námsgögnin sem Námsgagnastofnun framleiðir og selur. Með öðrum orðum: Til er orðinn vísir að samkeppnismarkaði fyrir námsefni fyrir grunnskóla.

Grundvöllur þessa er nýr sjóður, námsgagnasjóður, sem úthlutar fjármunum beint til grunnskóla á grundvelli nemendafjölda en hefur jafnframt heimild til að ívilna fámennum skólum. Á síðasta ári var úthlutað 100 milljónum króna úr þessum sjóði og nú í apríl stendur næsta úthlutun fyrir dyrum.

Fyrirkomulag dreifingar og sölu á námsgögnum fyrir grunnskóla hérlendis hefur verið nokkuð á skjön við það sem gerist og gengur í nágrannalöndum okkar. Víðast í Evrópu er markaður fyrir námsbækur og námsefni ein af burðarstoðum bókaforlagana. Ný og spennandi tækifæri blasa nú við einkareknum bókaútgáfum á Íslandi. Það er mikilvægt að vel takist til við að vinna úr þeim.

*Höfundur er formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.*



B vörur
ALLT Á AÐ SELJAST
B-vörur eru sýningareintök, útlitsgölluð eða útskiptitæki.
Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Gorenje þvottavél 6 kg
1000 sn
Verð 53.600
B vöruverð: 35.000
WA61101
Gorenje þvottavél 6 kg
1400sn
Verð 84.150
B vöruverð: 52.900
WA63141
Gorenje þurrkari
Barkalaus
Verð 60.950
B vöruverð: 36.900
D61212
Gorenje blásturs- og grillofn 9 kerfa
Verð 72.105
B vöruverð: 39.900
B7445E
Gorenje Spanhelluborð
77 sm
Verð 144.211
B vöruverð: 75.900
INP72
Gorenje innbyggi kæli-/ frystiskápur
Verð 104.132
B vöruverð: 52.000
RKI4295W
Gorenje kæli- og frystiskápur 2 m hvítur
Verð 100.947
B vöruverð: 45.900
RK61390W
Gorenje keramik helluborð
Verð 92.050
B vöruverð: 35.000
ECT680AL
Gorenje veggháfur
90 sm
Verð 90.230
B vöruverð: 43.000
KD810E
Gorenje kæli- og frystiskápur 180 sm stál
Verð 110.421
B vöruverð: 59.900
RK61340E
Þetta er aðeins brot af þeim vörum sem í boði eru.
RÖNNING
ronning.is
Borgartúni 24 • Sími 562 4011
Opnunartími: mán - fös kl. 09.00 - 18.00
Laugardaga kl. 11.00 - 16.00

# Hverju var komið í verk á hundrað dögum?

UMRÆÐAN
Borgarmál


DAGUR B. EGGERTSSON

Þegar stefnir hraðbyri í að meirihluti Ólafs F. Magnússonar og Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar hafi setið í 50 daga er ekki úr vegi að rifja upp fyrir hvaða verkum hundrað daga meirihluti Tjarnarkvartettsins stóð. Hann var grundvallaður á félagshyggju, umhverfisvernd, framsýni og virðingu fyrir faglegum vinnubrögðum.

### Mannauður gegn manneklu – fyrsta verkið

Ekki var liðinn sólarhringur þegar kynntar voru aðgerðir til að koma til móts við starfsfólk Reykjavíkurborgar á stofnunum og skólum sem glímt höfðu við manneklu. Mikilvægi slíkra aðgerða hafði þá verið rætt í heilt ár án aðgerða. Ákveðið var að verja 800 milljónum á fjárhagsáætlun 2007 og 2008 til að hækka laun leikskóla- og grunnskólastarfsmanna, starfsfólks hjúkrunarheimila og sambærilegra hópa. Þannig var skapaður nýr og betri jarðvegur í aðdraganda kjarasamninga.

### Undið ofan af orkumálum

Settur var upp þverpólitískur stýrihópur til að takast á við þær ógöngur sem málefni orkuútrásarinnar og REI voru komin í. Í kjölfarið var samruna REI og GGE hafnað og ákveðið að óháð stjórnsýsluúttekt á OR og REI færi fram af hálfu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar. Hún mun liggja fyrir innan fárra vikna. Jafnframt var ákveðið að REI skyldi halda áfram í útrás, fyrirtækið yrði 100% í eigu OR en í samstarfi við einkaaðila í tengslum við einstök verkefni.

### Félagslegar áherslur

Félagshyggja og félagslegar áherslur voru rauði þráðurinn í fjárhagsáætlun sem samþykkt var í desember. Þar var ekki aðeins að finna málefnaskrá meirihlutans heldur einnig fjármuni til að fylgja þeim eftir í framkvæmd. Í menntamálum voru framlög til sérkennslu bæði í leikskólum og grunnskólum stóraukin, þannig að óhætt er að tala um vatnaskil í því hvernig tekið er á vanda barna með félagsleg- ar og tilfinningalegar raskanir. Auk þess náði þessi aðgerð út í öll hverfi og skóla með auknum stuðningi við starf sérfræðinga á þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

### Tíföldun til forvarnarmála

Hundrað milljóna króna forvarnarsjóður var stofnaður, sem mun veita styrki – á grunni umsókna tvisvar á ári – til forvarnarverkefna frjálsra félagasamtaka og annarra sem vinna að mikilvægum forvarnarverkefnum í borgarsamfélaginu. Þetta er nánast tíföldun á fjármagni til slíkra verkefna.

### Átak í húsnæðismálum

Félagslegar áherslur Tjarnarkvartettsins komu líka fram í því hvernig ákveðið var að taka á sívaxandi húsnæðisvanda efnalítilla borgarbúa. Um 270 milljónir voru settar í ýmsar nauðsynlegar aðgerðir sem þarf að grípa til svo að fólk hafi einfaldlega þak yfir höfuðið, þ.e.a.s. til bráðra úrræða. Þá gekk meirihlutinn frá úthlutun á lóðum til byggingа 600 íbúða til stúdenta og 220 íbúða fyrir eldri borgara, sem nýr meirihluti gerði að sínu fyrsta verkefni að fresta. Unnið var ötullega að frekari tillögum í húsnæðismálum í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og flutningi málaflokka aldraðra og fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

### Stofnun mannréttindaskrifstofu

Mannréttindaskrifstofa var stofnuð, og til þess voru lagðar 85 milljónir á þessu ári. Metnaðarfullur samningur við Alþjóðahús var á lokastigi. Hann bíður því miður enn undirritunar. Í honum er m.a. kveðið á um nýja þjónustumiðstöð fyrir innflytjendur í Breiðholti og stóraukna kynningu á málefnum innflytjenda og á þjónustu við nýja Reykvíkinga almennt.

### Tekið til hendi í Kvos

Eitt af fyrstu verkum meirihlutans var að kaupa brunarústirnar að Austurstræti 22 og skipa hóp fagaðila til þess að móta tillögur að heildarútliti Lækjartorgs. Með þessari aðgerð, þar sem rústirnar voru keyptar á markaðsvirði (ekki yfirverði!) fékk borgin í hendur gríðarlega mikilvægt framkvæmda- og skipulagsvald í hjarta borgarinnar. Vinna við endurskipulagningu annarra lykilstaða í Kvos var einnig hafin. Sett var af stað athugun á því hvort Geirsgatan eigi að vera í stokk við svæði Tónlistar- og ráðstefnuhússins. Tillaga um róttæka andlitslyftingu Ingólfstorgs lá fyrir þar sem gert var ráð fyrir að torgið yrði rammað inn með gömlum húsum. Auk þess var ákveðið að Ziemsen-húsið, sem nú er verið að gera upp, yrði flutt á Grófartorg.

### Skref á sviði húsverndar

Hið sögufræga Gröndals-hús, ákvað meirihlutinn að skyldi gera upp og flytja inn í Grjótaþorp. Þessi tillaga var sett í grenndarkynningu. Húsið Norðurpóll, sem áður stóð á Laugavegi 125 og var um aldamótin 1900 nyrsti áfangastaður Reykvíkinga á gönguferðum yfir Hlemm, og fyrsta kaffihús bæjarins, skyldi búinn varanlegur staður að nýju sem nyrsti áfangastaður Reykvíkinga á gönguferðum, upp við Esjurætur í nýrri þjónustumiðstöð. Hinn forni Vaktarabær í Grjótaþorpinu var keyptur (á markaðsvirði). Hann verður nú gerður upp og færður í upprunalegt horf á sínum stað.

### Laugavegur framtíðarinnar

Á Barónsreit náðust samningar við þróunarfélagið Samson um uppbyggingu mikilvægs verslunarkjarna fyrir Laugaveg þar sem taka á mið af götumynd og sögulegri byggð svæðisins. Þetta mál hafði rekið um stjórnkerfið í meira en ár. Jafnframt var samþykkt að Listaháskólinn skyldi byggja höfuðstöðvar sínar á svokölluðum Vegasreit við Laugaveg. Með makaskiptasamningum tryggði Reykjavíkurborg að stúdentaíbúðir skyldu rísa við Lindargötu. Uppbygging og mannlíf við Laugaveg á eftir að njóta góðs af öllu þrennu.

### Tekið af skarið um Sundagöng

Í kjölfar umræðu um mikilvægi Sundabrautar tók meirihlutinn af skarið með að hún skyldi liggja í göngum frá Gufunesi að Laugarnesi. Tjarnarkvartettinn lagði áherslu á að hefja undirbúning Öskjuhlíðarganga og hafði boðað að umhverfismat á Miklubraut í stokk á móts við Miklatún færi af stað. Þá var ákveðið að setja fram metnaðarfulla áætlun um hvernig draga mætti úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda á höfuðborgarsvæðinu. Liður í þessu var að hefja greiningu á kostum léttlestarkerfis og annarra vistvænna leiða í almenningssamgöngum.

### Vatnsmýri – 102 Reykjavík

Brýnasta skipulagsmál höfuðborgarinnar var einnig fóstrað af mikilli natni – skipulag framtíðarbyggðar í Vatnsmýrinni. Dómnefnd lauk störfum í alþjóðlegri hugmyndasamkeppni um skipulag byggðarinnar, ákveðið var að efna til veglegrar sýningar á niðurstöðum hennar, gefa út bók af þessu tilefni og setja á fót stýrihóp um heildarskipulag svæðisins. Allt þetta hefur raunar gengið eftir þrátt fyrir meirihlutaskiptin.

### Stóraukin hverfaáhersla

Tjarnarkvartettinn ákvað að stórefla hverfaráð borgarinnar með það að markmiði að gera þau að lifandi vettvangi íbúanna til þess að hafa áhrif á umhverfi sitt. Átaksverkefni, byggt á hugmyndum um aukna þátttöku íbúanna var hafið og bar yfirskriftina „1, 2 og Reykjavík“. Þá var sérstakt Breiðholtsverkefni í undirbúningi. Ákveðið var að framkvæmdafé til fegrunar umhverfis, uppbyggingu útivistarsvæða og endurgerðar skólalóðar yrði stóraukið.

### Sundlaug í Fossvogi og framtíð Kolaportsins

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru um verk hundraðdaga-meirihlutans. Gera mætti fjölmörgu betri skil s.s. samþykktum um að gera Reykjavík að kvikmyndaborg, endurgerð á Tjarnarbíói, þriggja ára samningum við 25 íþróttafélög í Reykjavík, fækkun í yfirstjórn ráðhússins, ákvörðun um að fella niður aðgangseyri í öll söfn borgarinnar, hefja undirbúning sundlaugar í Fossvogi, vinnu við netvæðingu þjónustunnar, uppbyggingu þráðlauss nets á höfuðborgarsvæðinu, stækkun Fjölskyldu- og húsdýragarðsins og fleira og fleira. Á síðasta degi meirihlutans tókst svo að tryggja framtíð Kolaportsins til næstu tíu ára. Kannski má segja að flest hafi verið gert, nema hlaupa til og kaupa tvö hús á Laugavegi á tæpar 600 milljónir króna! Tjarnarkvartettinn sannaði á stuttum tíma að festa, framsýni, hugmyndaauðgi og vinnugleði er góð blanda við stjórn Reykjavíkurborgar.

*Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík og fyrrverandi borgarstjóri.*




ÚTSÖLUSTAÐIR SLOGGITILBOÐ MAXI
HAGKAUP SMÁRALIND
HAGKAUP SKEIFUNNI
HAGKAUP KRINGLUNNI
HAGKAUP SPÖNGINNI
HAGKAUP GARÐABÆ
HAGKAUP EIÐSTORGI
HAGKAUP AKUREYRI
HAGKAUP BORGARNESI
HAGKAUP NJARÐVÍK
HAGKAUP HOLTAGARÐAR
EINAR ÓLAFSS, AKRANESI
FJARÐARKAUP
NETTÓ AKUREYRI
NETTÓ MJÓDD
ÚRVAL NJARÐVÍK
ÚRVAL HAFNAFIRÐI
ÚRVAL EIGILSSTÖÐUM
ÚRVAL HÚSAVÍK
ÚRVAL HRÍSALUNDI
ÚRVAL ÍSAFIRÐI
ÚRVAL SIGLUFIRÐI
ÚRVAL BORGARNESI
ÚRVAL BLÖNDUÓSI
ÚRVAL SKAGASTRÖND
ÚRVAL DALVÍK
BJARNI EIRÍKS,BOLUNGARV.
KAUPFÉLAG V-HÚNV.
AG V-HÚN HVAMMST.
KAUPFÉLAG SKAGF. SAUÐÁRKR.
KAUPFÉLAGIÐ HÓLMAVÍK
KAUPFÉLAGIÐ DRANGSNESI
NÓATÚN SELFOSSI
EFNALAUG DÓRU, HÖFN
EFNALAUG VOPNAFJARÐAR
LYFJA, PATRÓ
ÞÍN VERSLUN SELJABRAUT
STRAX FÁSKRÚÐSFYRÐI
STRAX LAUGAVATNI
KRÓNAN REYÐARFIRÐI
KRÓNAN BÍLDSHÖFÐA
KRÓNAN MOSÓ
KRÓNAN VESTMANNAEYJUM
KRÓNAN FISKISLÓÐ
KJARVAL VÍK
KJARVAL HVOLSVELLI
KJARVAL HELLU
KJARVAL KLAUSTUR
RANGÁ SKIPASUNDI
KASSINN ÓLAFSVÍK
PALOMA GRINDAVÍK
LÆKURINN NESKAUPSSTAÐ
HEIMAHORNIÐ STYKKISHÓLMI

# Látið skynsemina ráða – alvöru kjarabætur

## Verslið málninguna í Múrbúðinni!







DEKAPRO 10 - 10 LÍTRAR
**kr. 3.690**




MASTERLAKK 40 - 1 LÍTER
**kr. 895**




SCALA GÓLFLAKK - 2,35 LÍTRAR
**kr. 2.495**

DEKACRYL 7 - 10 LÍTRAR
**kr. 3.290**




SCALA PROJEKT GRUNNUR 10 - LÍTRAR
**kr. 3.295**




DALAPRO MEDIUM SPARTL - 3 LÍTRAR
**kr. 874**




DEKAPRO 02 LOFTAMÁLNING - 10 LÍTRAR
**kr. 2.970**









SCAL PANELLAKK - 2,5 LÍTRAR
**kr. 1.495**



RÚLLA + BAKKI
**kr. 595**



PENSILL
**kr. 109**

MÁLNINGAR-SKÖFT
**frá kr. 239**

BOSTIK AKRÝLKÍTTI 300ML
**kr. 190**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

**Opið mán. - fös. kl. 8-18**
**laugardaga 9-16**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

*– Afslátt eða gott verð?*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# Þegar lífið var saltfiskur og álið kom til Íslands

**UMRÆÐAN**
Atvinnumál


HALLUR HALLSSON

Ál, fiskur og þjóðarbúið var fyrirsögn greinar Steingríms J. Sigfússonar í Morgunblaðinu fyrir nokkru. Þar hvetur formaður Vinstri grænna til upplýstrar umræðu um ál og fisk. Þetta er þörf umræða og ber að fagna. Þjóðin þarf að vita hvert hún stefnir. Og hún þarf að þekkja sögu sína. Tilefni pistils Steingríms er að í fyrsta sinn í sögunni eru verðmæti áls meiri en sjávarfangs í útflutningi. Við flytjum út ál fyrir 135 milljarða króna á móti 120 milljörðum af fiski. Spurningin er; hvað verður eftir? Það er von að spurt sé: Er eitthvert vit í öllu þessu áli?

Steingrímur kveður 30-35% af útflutningi áls verði eftir í landinu en 80% af fiski. Menn hafa þó talið að um 40% af álinu verði eftir í vasa landsmanna. Það er bitamunur en ekki fjár. Fyrir 30 árum var reiknað út að andvirði annars hvers fisks, sem seldur var til útlanda, yrði eftir hjá þjóðinni. Við kaupum skipin í útlöndum, sægreifar hafa slegið lán ansi ótæpilega og olía hefur snarhækkað. En þetta er bara reikningsdæmi og gott ef ábyrgir aðilar kveði upp úr.

**Þegar lífið var saltfiskur**

Þá að sögunni. Árið 1960 veiddum við 311 þúsund tonn af þorski og 130 þúsund tonn af síld. Á næstu árum náði síldarævintýrið hámarki. Síldaraflinn fór í 770 þúsund tonn 1966 og 460 þúsund ári síðar. Svo hvarf síldin og þorskstofninn hrundi. Árið 1967 var um 200 þúsund tonnum af þorski landað og síldin var horfin. Þúsundir flýðu land til Norðurlanda, Ástralíu og Ameríku. Ísland þess tíma var frumstætt veiðimannasamfélag. Lífið var saltfiskur. Ef lífið væri enn bara saltfiskur á Íslandi er hætt við að öðruvísu væri um að litast en raun ber vitni. Nú veiðum við 130 þúsund tonn af þorski og spurning hvort loðnan láti sjá sig. Menn tala um að 12 milljarða loðnubrestur sé mikið áfall – ekki síst á landsbyggðinni. Það er að sönnu rétt. Til samanburðar nema nettótekjur þjóðarinnar af áli 54 milljörðum króna. Það hrikti í ef þær tekjur hyrfu.

**Armstrong á tunglinu og ál í Straumsvík**

Í maí 1961 flutti Morgunblaðið forsíðufrétt um áhuga Svisslendinga á ál-fabrikku á Íslandi. Önnur helsta fréttin var ræða Johns F. Kennedy þess efnis að Bandaríkjamenn hygðust senda mann til tunglsins áður en áratugurinn væri úti. Þá voru liðlega eitt hundrað verkfræðingar á Íslandi. Þeir áttu í erfiðleikum með að fá vinnu við hæfi. Í sjávarútvegi fundust ekki verkfræðingar frekar en geirfuglar í Eldey. Árið 1966 var samningurinn um Alusuisse samþykktur með einu atkvæði í efri deild Alþingis. Andstæðingar vildu gaffalbita-fabrikkur fremur en álver. Stóriðjustefnan varð til á einu atkvæði. Við virkjuðum Þjórsá, fyrsta jökulfljótið. Þegar Neil Armstrong spókaði sig á tunglinu sumarið 1969 var ál fyrst brætt í Straumsvík. Það tók jafnlangan tíma að reisa bárujárnsskála í Kapelluhrauni og senda mann til tunglsins. Stóriðjustefnan markaði aðra atvinnubyltingu íslensku þjóðarinnar. Með Búrfellsvirkjun og Straumsvík tók fyrir landflótta. Öflugur þekkingariðnaður tók að dafna; í áliðju og orkugeira. Þekking byggðist upp með virkjun jökulfljóta og jarðvarma. Hafnarfjörður óx og dafnaði. Merking orðsins Gaflari – sá sem hímir undir gafli í leit að vinnu – gleymdist þjóðinni. Norðurbærinn reis, þeir malbikuðu götur og nóga vinnu var að hafa.

*Svo hvarf síldin og þorskstofninn hrundi. Árið 1967 var um 200 þúsund tonnum af þorski landað og síldin var horfin. Þúsundir flýðu land til Norðurlanda, Ástralíu og Ameríku. Ísland þess tíma var frumstætt veiðimannasamfélag.*

**Verkamenn á launum iðnaðarmanna**

Nú eiga um 22.500 manns afkomu sína undir stóriðju- og orkugeiranum – tuttugu og tvö þúsund og fimm hundruð manns. Engin ein ákvörðun lýðveldisins hefur leitt af sér jafnmikla þekkingu og tækni. Á Íslandi eru nú um 3.500 verk- og tæknifræðingar – og fjölgar ört. Við erum fremstir í heiminum í vistvænni orku. Fyrirmynd annarra þjóða um hið vistvæna þjóðfélag. Allt orkugeiranum að þakka. Í Straumsvík hefur verkalýðshreyfingin unnið marga glæsta sigra. Þeir sömdu um lengri orlofsrétt, vetrarorlof, margvíslega bónusa, flýtt starfslok, frítt fæði, ókeypis vinnufatnað, ferðir í og úr vinnu. Stóriðjuskólinn veitir verkafólki einingar til stúdentsnáms. Listinn er æði langur. Straumsvíkursamningar hafa verið fyrirmynd annarra. Verkamannalaun hafa alltaf verið hæst í Straumsvík. Verkamenn eru á launum iðnaðarmanna sem aftur eru á launum stjórnenda.

Af hverju flokkar, sem eiga rætur í verkalýðshreyfingunni, eru á móti störfum sem veita verkafólki topplaun er að sönnu rannsóknarefni. Þetta var um Straumsvík. Ögn meir um atvinnubyltingar; fyrsta byltingin var að sjálfsögðu í sjávarútvegi; önnur í orku- og stóriðju og við lifum þriðju byltinguna í formi þjónustusamfélagsins með fjármálageirann í fylkingarbrjósti.

*Höfundur er framkvæmdastjóri og fyrrverandi fréttamaður.*

Grand HÓTEL REYKJAVÍK
Grand rómantík
frá 15. febrúar til 8. mars
Í tilefni konudags
Fjögurra rétta lambakjötsmáltíð
ásamt vínflösku
&
gisting fyrir tvo eina nótt
ásamt morgunverði
Alls kr. 22.700,-
fyrir parið
Lambakjöt
Lifandi tónlist undir borðhaldi
Bókanir í síma 514-8000 og á www.reykjavikhotels.is

# Uppkaup á stórútgerðum

**UMRÆÐAN**
Útgerð


LÚÐVÍK GIZURARSON

Ríkið ætti að kaupa eina til tvær stórútgerðir, ef þær eru til sölu. Þá væru hlutabréfin keypt á markaðsverði og tekið við eignum og skuldum og þar með öllum kvóta hlutafélagsins. Þetta gæti verið byrjun á því að koma nýju skipulagi á kvótakerfið, þar sem núverandi kvótakerfi óbreytt nýtur ekki stuðnings meirihluta á Alþingi. Framsókn hefur dregið stuðning sinn til baka með ákveðnum fyrirvara. Ef ríkið tekur við nokkrum útgerðum, smáum eða stórum, þá er hægt að taka upp nýja stefnu ólíka þeirri peningastefnu og græðgi í peninga sem rekur kvótann stjórnlaust áfram í dag. Allir heimta meiri kvóta til að græða meiri peninga. Einn höfunda kvótans sagði í upphafi að kvótinn hefði verið settur á þar sem útgerðin var þá gjaldþrota. Útgerðin rétti fljótt við peningalega með gjafakvóta, en fólki var sagt upp sinni vinnu, og kvótinn fluttur burt. Allt var rústað víða úti á landi.

Hægt er með nýrri kvótastefnu að láta fiskvinnslufólkið og atvinnu þess vera í fyrirrúmi. Kvóti í eigu ríkisins væri aldrei seldur aftur, eða gefinn, heldur leigður til þeirra staða þar sem mest þörf væri fyrir vinnu. Leigan væri frjálst markaðsverð, þó með tilliti til atvinnu fólks. Vinnandi fólk leggur ríki og bæ til miklar tekjur í sköttum og útsvari. Svo er virðisaukaskattur, þegar fólk notar kaupið til innkaupa. Allt hagur ríkissjóðs. Meira þarf að gera til að allur afli sé unninn hér heima en ekki seldur úr landi óunninn í gámum. Gera má söluvöru úr öllu sem fellur til af fiskinum. Áður voru kinnar, gellur, sundmagi o.fl. verkað. Þetta má auka aftur. Möguleikar eru á lyfjaframleiðslu úr innyflum úr fiski o.fl.

Annars þarf að fækka togurum. Þeir nota mikinn gjaldeyri í sinn rekstur, t.d. mikla olíu og annan dýran búnað. Skila ekki hagnaði til þjóðarinnar nettó. Að lokum er rétt að benda á, að hægt er að gera útgerðina hagkvæmari með því að lækka dýrar skuldir hennar með kvótakaupum og hafa kvótann, meira eða allan, leigukvóta sem hægt er að stjórna með hag þjóðarinnar fyrir augum. Skapa fólkinu meiri vinnu og fleiri störf. Allur afli verði unninn hér heima og í landi.

Leigukvótinn borgar fljótt allar skuldir ríkis vegna kvótakaupa og síðan rekinn með stórum hagnaði. Gæti lagt fram fé til þorskeldis, sem er vanrækt í dag. Fé vantar til að skipuleggja sjávarútveg upp á nýtt með hag allrar þjóðarinnar fyrir augum en ekki kvótaeigenda og peninga þeirra eins og nú er.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður.*

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ

Opinn kynningarfundur í Ráðhúsi Reykjavíkur
í dag fimmtudaginn 28. febrúar kl. 17-19




Kynning á verkefnastöðu nýja háskólasjúkrahússins við Hringbraut

Teikningar af byggingunni verða til sýnis á fundinum og 29. febrúar í Ráðhúsinu. Fólk er hvatt til að mæta og kynna sér stöðu verkefnisins.

Frummælendur;
Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra
Inga Jóna Þórðardóttir formaður nefndar um byggingu nýs háskólasjúkrahúss.

Fundarstjóri
Árni Þór Sigurðsson alþingismaður

NÝTT HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
VIÐ HRINGBRAUT

HÚSGAGNA LAGERSALA

Verðdæmi:
Leðursófasett áður 239,000 kr
Nú 119,900 kr

Hornsófar tau áður 198,000 kr
Nú 103,000 kr

Tungusófar
verð frá 85,900 kr

ALLTAF BESTA VERÐIÐ

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Útlitsgölluð húsgögn
- Svefnsófar -áklæði að eigin vali

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510
Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16




Guðbjörg keypti Adidas-jakkann og skóna þegar hún var veðurteppt í Chicago fyrir síðustu jól. Diesel-buxur sem eru þröngar að neðan eru síðan í sérstöku uppáhaldi hjá henni þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Með algjöra Diesel-dellu

***Guðbjörg Gunnarsdóttir, landsliðsmarkvörður Íslands í fótbolta og leikmaður Vals, er ansi veik fyrir merkjavöru.***

„Ég er sérstaklega hrifin af Diesel- og Adidas-fötum og geng í þeim jafnt innan klæða sem utan. Ég á allt niður í Diesel-nærföt,“ segir Guðbjörg hlæjandi og bætir við að hún sé nánast alltaf í einhverri merkjavöru. Hún kaupir megnið af fötunum sínum í útlöndum enda mikið á ferðalögum út af fótboltanum.

„Ég hef til dæmis farið til Bandaríkjanna, Þýskalands og Svíþjóðar á síðasta hálfa ári og þá hef ég notað lausan tíma til að versla,“ segir Guðbjörg. Hún var í Chicago ásamt félögum sínum í Val fyrir síðustu jól og varð hópurinn veðurtepptur fram á aðfangadag. Tíminn fór þó ekki til spillis og þræddu þær hverja búðina á fætur annarri.

„Ég keypti mér til dæmis æðislegan Adidas-jakka sem ég held mikið upp á. Hann er brúnn með gylltum röndum og í svolítið gamaldags stíl. Ég keypti svo hvíta Adidas-skó með gylltu merki við.“

Guðbjörg segist ganga í sportlegum fötum hversdags og á hún Diesel-gallabuxur í stöflum. „Þessa dagana er ég hrifnust af buxum sem eru þröngar að neðan. Ég á það þó til að klæða mig upp í kjóla og pils ef tilefni er til.“

*vera@frettabladid.is*






**Úlpa** er málið í dag. Það þýðir ekkert að stressa sig á tískunni í kuldanum núna, farðu bara í hlýja úlpu og renndu upp í háls.

Sina Akríl sett fyrir byrjendur
Nýtt!
fáanlegt í tveim gerðum
Auðvelt og skemmtilegt - með íslenskum leiðbeiningnum
Lyf og Heilsa
S. Gunnbjörnsson ehf


Fljótlegt - auðvelt - mjög áhrifaríkt!
TRIND
Alltaf no. 1

Útsölustaðir: Apótek - Snyrtivöruverslanir
trind.com - nákvæmar leiðbeiningar á íslensku!


Heimagallar
Kr. 4.500.-
www.vefta.is
Vefta
Tískuföt Hólagarði
s: 557 2010



svartir, silfur
5.995.-
svartir, hvítir, platinum
5.995.-
svartir, hvítir
5.995.-
svartir lakk, bleikir lakk
5.995.-
svartir, hvítir
5.995.-
svartir lakk, hvítir lakk
5.995.-
sendum í póstkröfu
EURO SKO
Firði Hafnarfirði S: 555-4420

# Hannar af góðum hug

***Ingibjörg Friðriksdóttir stendur fyrir tískusýningu og fatauppboði til styrktar mænusköðuðum.***





Verslunarskólamærin Ingibjörg Friðriksdóttir stendur fyrir tískusýningu í Saltfélaginu hinn 8. mars næstkomandi. Þar verða til sýnis flíkur sem hún hefur hannað og saumað og mun allur ágóði af sölu þeirra renna til kaupa á nýju endurhæfingartæki fyrir mænuskaðaða. Flíkurnar verða boðnar til sölu á heimasíðunni www.myspace.com/ifdesign en síðan var opnuð í gær.

„Fyrir jól fór ég að velta því fyrir mér hvað ég gæti gert til að láta gott af mér leiða. Mér varð strax hugsað til mænuskaðaðra, en móðir mín varð fyrir slíkum skaða eftir að hafa fallið af hestbaki fyrir einu og hálfu ári," útskýrir Ingibjörg.

Faðir Ingibjargar gekkst fyrir því síðastliðið vor að fá Sjóvá til að gefa Grensásdeild Landspítalans nýtt tæki frá svissneska fyrirtækinu Hocoma en það er notað til að þjálfa fætur og hefur skilað mjög góðum árangri. „Sambærilegt tæki er til fyrir hendur og það myndi koma sér vel fyrir sjúklinga Grensásdeildar. Ágóðinn af fatauppboðinu mun þó seint ná upp í kostnað tækisins og því hef ég átt í viðræðum við einstaklinga og fyrirtæki sem munu að öllum líkindum leggja hönd á plóginn," segir Ingibjörg.

Á tískusýningunni verða fimmtán til tuttugu flíkur til sýnis. „Þetta eru kjólar, buxur, slár og leggings. Ég reyni að miða við að fötin henti breiðum hópi og séu sniðin í takt við ríkjandi tískustrauma." Nokkur upprennandi módel munu sýna flíkurnar í Saltfélaginu og hefst sýningin klukkan þrjú.

*vera@frettabladid.is*



Ásdís Eva Ólafsdóttir í leggings og jakka eftir Ingibjörgu. Hin sextán ára Rán Magnúsdóttir tók myndina en hún hefur getið sér gott orð fyrir myndir sínar þrátt fyrir ungan aldur.

Ingibjörg er á þriðja ári í Versló. Hún hefur lengi haft áhuga á hönnun og saumaskap og ákvað að nýta sér það til að láta gott af sér leiða. MYND/RÁN MAGNÚSDÓTTIR

BYLGJAN Í FYRSTA SÆTI
GOTT FÓLK


BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI
Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 12-54 ára í 7. viku 2008.
LÉTT BYLGJAN 967
GULL BYLGJAN 909
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Dýrakirkjugarðar og naglar á sýningarpöllum í París

Eftir dálítið þunglyndislegan febrúarmánuð með útsölulokum og tómlegum búðum hressist andinn við með tískuviku þar sem sýnd er vetrartískan 2008-9. Vetrartískan boðar hér vorið á sérstakan hátt. Á eftir Mílanó og New York er komið að París.

John Galliano er með hressara móti eftir tilþrifalitlar sýningar undanfarið. Andinn er á árunum kringum ´60 með tilkomumiklum hárgreiðslum og undir hljómar Mrs. Robinson Simons og Garfunkels. Litirnir fushíableikur, turkisblár og sítrónugulur svo einhverjir séu nefndir. Næsti vetur verður því ekki dapurlegur í dökkum litum eins og oft áður, heldur í sterkum, áberandi litum. Kjólarnir eru þröngir, hálfsíðir en ekki snarstuttir eins og undanfarið og engar buxur í boði. Til að auka á verðmætið eru yfirhafnir úr strútsskinni, krókódíl og loðfeldi, sannkallaðir gangandi dýrakirkjugarðar. Það vakti hins vegar athygli hversu fáar stjörnur létu sjá sig á sýningunni. Kannski of mikið að gera á milli þess að fara á Cesarverðlaunaafhendinguna á föstudag í París og Óskarsverðlaunin á sunnudagskvöld í Hollywood. Það hefur reyndar verið sagt um fleiri tískusýningar að þessu sinni að stjörnurnar hafi látið sig vanta. Sharon Stone, Nicole Kidman og Janet Jackson hafa ekki enn sést í París.

Manish Arora, indverski hönnuðurinn sem hefur slegið í gegn síðustu misseri, gladdi svo sannarlega augað á sunnudagskvöld á annarri Parísarsýningu sinni, hvort sem hönnunin heillar eða ekki. Arora sem byrjaði sinn feril sem búningahönnuður í Bollywood er tryggur uppruna sínum og reynir alls ekki að elta vestræna tísku. Höfuðstöðvar hans eru enn í Indlandi þar sem hann skapar vinnu fyrir fjölda manns þrátt fyrir aukin umsvif í vestrænum tískuheimi. Hönnun Arora er eins og ævintýri fyrir börn, full af litum, fígúrum, litríkum perlum og pallíettum eins og Indverjum einum er lagið. Fyrirsæturnar báru skrautlegar grímur á andlitum líkt og þær væru komnar beint út barnaleikriti. Umgjörð sýningarinnar var sömuleiðis litrík og hann, eins og fleiri um þessar mundir, fer þá leið að hafa lifandi tónlist á sýningunni.

Martin Margiela er þekktur fyrir að gera tilraunir í hönnun sinni og hann brá ekki út af venjunni í þetta skiptið með skóhælum gerðum úr nöglum, flíkurnar nákvæmlega hannaðar líkt og eftir stærðfræðiformúlu, uppháir bogalagaðir kragar á kápum frá öxlum næstum upp að nefi. Litirnir dökkir. Í bland dálítið af hlébarðamunstri og blómum, rétt til hressingar í drunganum. Hann skreytir sömuleiðis flíkurnar með smáatriðum eins og rennilásum og áprentuðum myndum. Athyglisverðar tilraunir í efni.

*bergb75@free.fr*




## Kremaður málmur í ýmsum litum

NÝJU AUGNSKUGGARNIR FRÁ NIVEA BEAUTÉ GEFA HUGTAKINU AÐ MÁLA SIG NÝJA MERKINGU, ÞVÍ LITAGLEÐIN FÆST Í FRUMLEGUM MÁLARATÚBUM.

Augnskuggarnir frá Nivea Beauté koma í öllum regnbogans litum og gefa áferð bráðins málms, en útkoman er ægifögur og ljómandi og endist lengi. Með Creamy Metal-augnskuggum Nivea Beauté er fegurð augnanna undirstrikuð, en í þeim er púður sem gefur góða endingu og kemur í veg fyrir smit, þannig að augun virðast alltaf nýmáluð. Auðvelt er að blanda litunum saman og leyfa listræna fagurkeranum að njóta sín fyrir framan spegilinn.

*- þlg*

**Vantar þig aukapening?**

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Himinn og haf / SÍA

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

póst húsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

allt matur
Alla föstudaga



**Sópur** er helsta heimilisgagnið núna í snjókomunni. Hafðu góðan strákúst við dyrnar og sópaðu tröppurnar daglega.



# Tveir sokkar á sama prjóni

***Helga Jóna Þórunnardóttir í versluninni Nálinni á Laugavegi 8 kennir fjölbreyttar aðferðir við hannyrðir. Sumar eru hefðbundnar og aðrar hipp og kúl.***



Helga Jóna innan um gersemarnar í Nálinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Tvær hosur á einum og sama prjóni. Hvernig er þetta hægt?“ varð undirritaðri að orði þegar samstarfskona sýndi henni afrakstur eins kvölds námskeiðs í Nálinni. Þetta var tilefni til viðtalsbeiðni sem Helga Jóna tók vel í. „Það er býsna skemmtileg aðferð að prjóna tvo hluti á sama hringprjóni og þægileg þegar prjónaðir eru sokkar, vettlingar, handstúkur og jafnvel ermar,“ segir hún. „Þá losnar maður við það sem kallað er „seinna-sokkasyndrómið“. Það er þegar seinni sokkurinn er ólíkur þeim fyrri eða er kannski alls ekki prjónaður. Stundum getur sá fyrri líka verið týndur þegar sá seinni klárast!“ Hún segir fimm námskeið í þessari prjónatækni hafa troðfyllst þó að aðeins eitt hafi verið fyrirhugað.

Helga Jóna er lærð í Danmörku og hefur full réttindi til fullorðinskennslu. Hún hefur rekið Nálina í næstum ár, fyrst í félagi við vinkonu og síðustu mánuði með móður sinni. Auk þess að sinna versluninni heldur hún námskeið á kvöldin sem njóta vinsælda. „Það er setið hér við hannyrðir flest kvöld í búðinni. Bæði kenni ég og svo höfum við fengið fleiri til liðs við okkur,“ lýsir hún.



Helga Jóna nefnir námskeið í hyrnuprjóni og hekli, meðal annars rússnesku hekli sem er sambland af hekli og prjóni. Útsaumsnámskeiðin segir hún afar vel sótt. Þar eru hin aðskiljanlegustu spor saumuð í dúka, gardínur og fatnað. Fólk getur pantað leiðsögn í hverju sem er og engir tveir nemendur verið að gera það sama. Möguleikarnir eru endalausir.

Fram undan er námskeið í orkeringum. Þá eru búnar til blúndur með sérstakri skyttu. Einnig er vélprjónsnámskeið í uppsiglingu því víða leynast prjónavélar í geymslum sem enginn kann á. En fyrsta námskeiðið sem nú er á döfinni er 4. mars. Það nefnist Að lengja líftíma fata. Þar fær fólk leiðbeiningar í að prjóna eða hekla framlengingar, bródera skraut og mynstur eða sauma eina flík úr tveimur. Þar verður skapandi og skemmtileg vinnusmiðja þar sem gamlar flíkur öðlast nýtt líf.

*gun@frettabladid.is*

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.strond.is
STRÖND EHF.

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Gluggar & hurðir
Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU
Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is



Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is
E.Backman auglýsingastofa

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



ATARNA
SIEMENS
Aneta
Eldunartæki, kælitæki, uppþvottavél og ljós í eldhúsið þitt.
Sannarlega góð hugmynd!
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Nýsmíði sf.



Sérhæfum okkur í uppsetningu gifsveggja, gifslofta og allri almennri gifsvinnu.
Einbýli, fjölbýli, skrifstofu og iðnaðarhúsnæði.
Gerum tilboð að kostnaðarlausu.
www.nysmidi.is S:899-4666



Friðarliljan heillar alla með sínum exótísku blómum og er ákaflega dugleg að blómstra.



Græna pottablómið Zamia Culzas er heitasta græna tískublómið um þessar mundir.



Orkídeur hafa slegið í gegn meðal Íslendinga og eru sívinsælar í bleikum, hvítum og gulum litum.

# Eins og blómstrið eina

***Blómstrandi prímúlur, bleikar orkídeur, ásamt begóníum, pottakrísi og ástareldi í páskalitunum eru það heitasta í pottablómum til heimilisyndis.***

„Nú eru páskar í nánd og þá verður allt með gulum blæ mjög vinsælt, hvort sem það eru páskaliljur í pottum eða aðrar blómstrandi plöntur í gulum lit,“ segir Ásdís Ragnarsdóttir, garðyrkjufræðingur í Blómavali, innt eftir því vinsælasta í pottablómum nú.

„Viðhorf til blómstrandi pottaplantna hefur breyst frá því sem áður var. Í nútímaþjóðfélagi hafa fáir nennu til að dekra við blóm svo þau dugi til heimilisprýði árum saman. Þótt kreppi að, og einnota hugsunarháttur hverfi, er ég ekki viss um að Íslendingar geri kröfu um langlífi pottaplantna á ný, því blóm eru svo ódýr í dag,“ segir Ásdís þar sem hún velur sér mold til umpottunar.



Blómstrandi prímúlur fást í öllum regnbogans litum og gefa heimilinu frísklegan blæ.

„Pottablóm eru mörg mjög viðkvæm í umönnun og þau sem eru dugleg að blómstra þurfa mikla birtu og vatn. Nú fer sá tími í hönd að umpotta, en blóm þurfa umpottun á tveggja til þriggja ára fresti. Stundum er nóg að setja nýja mold ofan á og blómin í stærri pott til að fá ferskleika í moldina. Einnig er mikilvægt að gefa blómum áburð frá og með næstu mánaðamótum og fram í september,“ segir Ásdís, en áburður virkar eins og vítamín á blóm.

„Án áburðar kemur upp köfnunarefnisskortur í plöntuna og blöð missa græna litinn. Á þessu flaska margir en gott er að gefa áburð hálfsmánaðarlega fyrsta kastið og svo vikulega til haustsins.“

*thordis@frettabladid.is*



Ásdís Ragnarsdóttir, garðyrkjufræðingur í Blómavali, segir komandi mánaðamót vera tilvalin til umpottunar og upphaf áburðargjafa fyrir pottablóm.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN













**Sund** er holl og góð líkamsrækt sem stunda má með litlum tilkostnaði. Sundbolur eða skýla og kort í sundlaugarnar er um þrisvar sinnum ódýrara en íþróttafatnaður og kort í líkamsræktarstöð .



# Fjölskyldubrú í byggingu

***Fagfólk innan geðsviðs Landspítala hefur menntað sig í fyrirbyggjandi stuðningi við börn þeirra foreldra sem glíma við geðraskanir. Um þróunarverkefni er að ræða sem nefnist Fjölskyldubrú og einn af frumkvöðlum þess er Eydís Sveinbjarnardóttir geðhjúkrunarfræðingur.***

„Foreldrum sem eiga við geðræna erfiðleika að etja er umhugað um að standa sig vel í foreldrahlutverkinu og þeir hafa áhyggjur af velferð barna sinna. Geðrænn vandi foreldra er líka þekktur áhættuþáttur fyrir vanlíðan barna og getur haft áhrif á þroska þeirra og heilsu. Því er þörf á ákveðnum stuðningi við fjölskyldur sem eiga í þessum vanda því hægt er að hafa jákvæð og verndandi áhrif á líðan þeirra og stöðu.“ Þannig byrjar Eydís útskýringar sínar á verkefninu Fjölskyldubrú sem hún hefur haft forgöngu um ásamt Sigurði Rafni Leví, sálfræðingi á barna- og unglingageðdeild, Vilborgu G. Guðnadóttur, deildarstjóra sömu stofnunar, og Salbjörgu Bjarnadóttur, verkefnastjóra hjá Landlæknisembættinu. Eydís segir þau hafa sótt fyrirmynd að verkefninu til hinna Norðurlandanna og einkum stuðst við ákveðið líkan sem kennt er við barnageðlækni í Boston, Beardslee að nafni. „Hann byggir sinn stuðning á langtímarannsóknum á því hvað er hjálplegast og bætir líðan fyrir þennan hóp og hefur gefið út handbækur um efnið,“ segir hún og heldur áfram: „Við fjórmenningarnir erum allir í fullri vinnu en fórum í gegnum heilmikið fjarnám undir handleiðslu erlendra sérfræðinga og ákváðum að miðla þeim fróðleik innan geðsviðsins. Nú eru 16 fagmenn á geðdeild Landspítalans að útskrifast á morgun eftir 72 klukkustunda bóklegt nám og 20 klukkustundir í handleiðslu í að veita fjölskyldum á geðsviði LSH þennan sértæka stuðning.“

Eydís segir forvarnarhugmyndafræði tengjast verkefninu sem fagfólk í heilsugæslu, skólum og félagsþjónustu þurfi þjálfun í. „Sá forvarnarstuðningur kallast „Tölum um börnin“. Eitt af því sem stuðningurinn getur komið í veg fyrir er félagslegar erfðir. Að eitthvað sem er vandamál hjá afa og ömmu, færist yfir til foreldra og þaðan yfir á börn. Það getur verið orðræða eða samskiptamynstur sem helst gegnumgangandi innan fjölskyldu. Getur birst í þögn, til dæmis um geðsjúkdóma.“



Eydís með handbækur sem fjalla um stuðning við þau börn sem eiga foreldra með geðraskanir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjölskyldubrúin er greinilega metnaðarfullt verkefni en Eydís tekur fram að það sé ekki komið í gagnið. „Þetta er ný viðbótarþjónusta sem við erum að reyna að koma hér inn í kerfið en ég get ekki sagt núna við þá sem vantar hana: „Heyrðu, þú hringir í þetta númer eða bankar á þessar dyr.“ Þörfin er hins vegar mikil. Það sem vantar er ákveðið fjármagn en vonandi verður þess ekki langt að bíða að Fjölskyldubrúin verði hluti af þjónustu geðsviðs Landspítalans.

*gun@frettabladid.is*

ICELANDYOGA.COM
WELLNESSICELAND.COM
Hugljómun og heilsa með Fosshótel
Jóga helgi
Jóga - Slökun - Vellíðan
Helgina 1. - 2. mars 2008
Fosshóteli Reykholti
www.icelandyoga.com / sími 435 1260

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Borðaðu þig granna(n)
Íslensku Vigtarráðgjafarnir
Nánari upplýsingar
Sími 865-8407
www.vigtarradgjafarnir.is

ALCO-GEL
Sótthreinsandi handgel.
Engin þörf fyrir sápu og vatn.
Fæst í apótekum um land allt.
Dr. Fischer

ROPE YOGA
WWW.OSK.IS
Bæjarhraun 22 220 Hafnarfjörður
Veffang: rakel@osk.is
Símar: 696-2663 / 555-3536
Ósk.is
Byrjendanámskeið hefjast
3., 10. og 11. mars
morgun, hádegis og síðdegis tímar
Skráðu þig strax í þetta einstaka ævintýri.
Vertu hjartanlega velkomin
Rakel og Ósk

LOFTHREINSITÆKI
-betra loft -eyðir ryki -dregur úr ofnæmisvökum
Verð frá 5.990
ís-húsið

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

heilsa
ÓLÍFULAUF
18% Oleaeuropein
250 mg
60 hylki
Fyrir ónæmiskerfið
GMP
heilsa -hafðu það gott

þinn líkami, þitt líf
ný námskeið að hefjast !
skráning & nánari upplýsingar
www.ropeyogasetrid.is
ROPE YOGA

Hardox plötur
Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta
Margföld ending og slitþol!
• Slitplötur í miklu úrvali
• Niðurefnun og efnissala
• Smíði úr Hardox
Á góðum járnum
HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

# vinnuvélar

FIMMTUDAGUR 28. FEBRÚAR 2008



## Sagað en ekki brotið

**Múrbrot felst aðallega í því að saga niður steyputeninga og flytja brott.** BLS. 10




NORDICPHOTOS/GETTY



„Allir vegir færir“

*„Glanni ehf. sér um vöruflutninga á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og þurfum við að geta treyst á að ökutæki okkar séu í fullkomnu lagi. Þegar við höfum þurft að kaupa nýja bíla hefur verið gott að leita til ráðgjafa Lýsingar sem hafa greitt leið okkar og leiðbeint okkur við fjármögnun. Með hjálp starfsfólks Lýsingar eru okkur allir vegir færir.“*

**Agnar Þór Sigurðsson og Bjarni Kristján Gunnarsson, Glanni ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Um 1900 gámar komast fyrir á flutningaskipi.




Gámalyftararnir fara létt með að færa gáma til og frá.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Risakranar tróna í hæstu hæðum yfir Sundahöfn.

# Gámar fljúga um loftin við hafnarbakkann

**Í Sundahöfninni í Reykjavík hefur Eimskip aðsetur sitt. Á gámasvæðinu eru um 3.500 gámar sem bíða eftir að vera fluttir á sinn stað og til þess þarf stórar vinnuvélar.**



Guðmundur Aðalsteinsson rekstrarstjóri stendur við hjólbarða á gámalyftara. Það sést vel hversu stórir lyftararnir eru.

Það eru engar smávélar sem unnið er með á gámasvæði Eimskips við Sundahöfn. Það þarf heldur engar smávélar til þess að flytja níðþunga gáma um svæðið. Lyftararnir eru stórir og lyfta gámunum eins ekkert sé. Guðmundur Aðalsteinsson, rekstrarstjóri gámahafnar Eimskips, segir að oft geti verið mikil ferð á stóru lyfturunum en allir stjórnendur þeirra séu afar færir og nákvæmir við vinnu sína.

Gámalyftararnir eru af gerðinni Kalmar en Vélaborg er umboðsaðili þeirra á Íslandi. Þeir eru engin smásmíði enda um sjötíu tonn að þyngd. Lyftugeta gámalyftaranna er 45 tonn. Á gámasvæðinu eru átta gámalyftarar og er unnið á þeim frá morgni til kvölds enda mikið af gámum á svæðinu, að öllu jöfnu 3.500 gámar.

Miklu máli skiptir fyrir starfsmenn að vera á réttum tíma og réttum stað þegar kemur að því að afferma og ferma skip. En allt að átján tíma tekur að ferma og afferma stór skip. Að meðaltali eru það fimmtíu gámar á klukkustund. Við það starf þýðir lítið annað en að vera með góð og stór og góð tæki.

Gámasvæðið hefur á sínum snærum tvo stóra krana sem gnæfa yfir Sundahöfnina. Sá eldri heitir Jakinn og vegur 40 tonn. Hann tók Eimskip í notkun árið 1984. Gottwald er nýr krani með lyftigetu allt að 110 tonnum. Hann var keyptur til Eimskips í fyrra og getur fært gámana allt að 51 metra út frá sér sem kemur sér vel þegar um stór skip er að ræða.

*- mmr*





# Vinnubíll getur líka verið sparibíll

## Getum boðið allar útfærslur af nýjum Renault vinnubílum á miklu lægra verði

**Nýr Renault Kangoo Express**

1500 dísel. Tvöföld vsk grind - fellanlegt framsæti - giraffa lúga - rafmagn í rúðum - samlæsingum o.fl.

Listaverð á 1,5 dísel: 1.940.000 með vsk

Okkar verð: 1.617.255 með vsk -1.299.000 án vsk.

**Þú sparar 322.745 kr.**

Til á lager



**Nýr Renault Master L2H2 millilangur háþekju:**

2,5L dísel, Tauáklæði, rafm. rúður, samlæsingar, ABS bremsukerfi, plata í botni, skilrúm með glugga, 270° opnun á afturhurðum. Sjálfskipting fáanleg fyrir um 120.000 kr.

Listaverð með þessum búnaði 3.619.900 með vsk.

Okkar verð: 3.061.000 með vsk. 2.459.000 án vsk.

**Þú sparar 558.900 kr.**

Til á lager



**Nýr Renault Trafic L1H1 stuttur:**

2,0L diesel, tauáklæði, rafmagn í rúðum, samlæsingar, val um glugga að aftan eða ekki, ABS bremsukerfi, Skilrúm með glugga, plata í botni

Listaverð á bíl með þessum búnaði: 2.779.900 með vsk.

Okkar verð: 2.290.800 með vsk. 1.840.000 án vsk.

**Þú sparar 489.100 kr.**

Til á lager

Einnig hægt að fá sem 9 manna minibus.

Verð: 2.990.000,-

**Þú sparar 800.000 kr.**



**Nýr Renault Master DCI með tvöföldu húsi og ál palli**

Beinskiptur 6 gíra. 7 manna. rafdrifnar rúður og samlæsingar

Listaverð með þessum búnaði 3.410.000,- með vsk.

Okkar verð 2.969.325,- með vsk.

2.385.000,- án vsk..

**Þú sparar 440.675 Kr.**

Til á lager



Miðað við verðlista 14.02.08

**www.sparibill.is**

Fiskislóð 16 – Granda. Sími: 577 3344

impex ehf
Viðurkennd vara - gott verð
KAESER LOFTPRESSUR
Þýsk hágæðavara

Akföst: 0,82m³ til 27m³/mín
Þrýstingur: 7 til 14 bar
Sími 534 5300 impex@impex.is www.impex.is


Hliðslár
Sindri býður hliðslár frá Automatic Systems með GSM opnunarbúnaði!
Þú getur hringt í hliðið hvaðan sem er og opnað það.
SINDRI
Sími: 575 0000 www.sindri.is
Bæjarhraun 12, Hafnarfirði

Stórir og sterkir á tilboði

Renault Kerax
420.40 8x4
Ekinn 31.000 km.
Tilboðsverð:
8.500.000
án vsk.

M.B. Atego
815
Ekinn 151.355 km.
Tilboðsverð:
1.950.000
án vsk.

Renault Mascott
130.65
Ekinn 130.000 km.
Tilboðsverð:
1.390.000
án vsk.
bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is 575 1221



Ómar Skarphéðinsson, yfirtroðari í Bláfjöllum, með Kässborher-snjótroðarann og yndislegt Bláfjallaútsýni í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Góður troðari gulls ígildi

**Snjótroðarar skipta sköpum á skíðasvæðum Íslendinga og eru ævintýraleg tæki sem pluma sig við erfiðustu aðstæður. Ómar Skarphéðinsson er yfirtroðari í Bláfjöllum.**

„Ég hef verið að velta snjó á undan mér síðan 1973 og finnst snjórinn alltaf jafn ægilega gott og yndislegt efni,“ segir Ómar Skarphéðinsson, rekstrarstjóri og yfirtroðari skíðasvæðisins í Bláfjöllum, en að sögn Ómars er góður troðaramaður gulls ígildi.

„Snjótroðarar eru fokdýr tæki í innkaupum og rekstri, og maður sem fer vel með þá og vinnur vel á þeim er ómissandi fyrir skíðasvæðin. Heimsmarkaður fyrir snjótroðara er ekki nema 1.200 tæki á ári og lítið um fjöldaframleiðslu þar sem framleiðendur eru fáir,“ segir Ómar þar sem hann stígur niður úr yngsta snjótroðara skíðasvæðis Reykvíkinga, níu ára gömlum Kässborher.

„Snjótroðari er beltafarartæki og mikið notaður á Grænlandsjökli og Suðurskautslandinu sem burðartæki. Hann er mun öflugri en snjóbílar, sem skrifast meðal annars á breiddina, sem er 4,20 metrar. Þetta er því ekki eins og gömlu jarðýturnar með þungum stöngum, heldur létt, vökvadrifin og tölvustýrð vinnuvél,“ segir Ómar sem hefur yfir að ráða fjórum snjótroðurum í Bláfjöllum.

„Á góðum vetrum er hver troðari keyrður um 1200 tíma. Undanfarin ár hefur verið fremur snjólétt, en það sem af er vetri nú hafa þeir verið keyrðir yfir 500 vinnustundir,“ segir Ómar sem oft byrjar að troða klukkan sex á morgnana og alltaf eftir að skíðasvæðið lokar að kvöldi.

„Vinnudagurinn getur verið bæði langur og strangur, en við erum í allskonar snúningum og ýtingum, auk þess að troða brekkur og gönguskíðabrautir, og þurfum að laga til og snyrta í kringum skálann og fleira. Við góðar aðstæður klárum við í Bláfjöllum á átta tímum en við erfiðar aðstæður erum við mun lengur. Eftir lokun þegar gestir eru farnir úr brekkum byrjum við að slétta og troða fyrir æfingabrekkur, en þeir sem æfa skíði vilja hafa mun harðara færi undir sér, en almenningur sem vill ganga að mjúkum snjó að morgni,“ segir Ómar og bætir við að aðstæður með snjó í Bláfjöllum séu nú betri en verið hefur í langan tíma.

„Með tilkomu snjótroðara á skíðasvæðin hefur slysatíðni lækkað til muna vegna betri aðstæðna í vel troðnum brekkum. Við vinnum verkin í myrkri með kveikt á flóðlýsingunni, því það er mjög erfitt að troða snjó að degi til, og í þoku og muggu sér maður ekki úr augum,“ segir Ómar þar sem hann stoppar í brattri brekku.

„Snjótroðarar velta ekki nema fara fram af stalli, en margir fengju í magann af einni ferð,“ segir hann hlæjandi. „Það er ótrúlegt hvað troðarinn fer bratt, en hann fer auðvitað ekki endalaust og notar þá troðara með spili til aðstoðar. Hann dregur alveg óskaplega og flýtur í djúpum, lausum snjó, kemst endalaust áfram og ræður við ótrúlega erfiðar aðstæður,“ segir Ómar sem daglega hlakkar til þess að takast á við snjóinn á troðaranum sínum.

„Ef menn hafa áhuga á því sem þeir eru að gera er þetta ekki erfitt, en það er ansi mikil stúdía að vita hversu djúpt þarf að fara með milluna ofan í snjóinn og hvað menn ætla að gera við hann. Í hvert sinn sem við eigum við snjó erum við að slíta honum og því ekki bara nóg að keyra um, heldur þarf að vinna sér í haginn. Aftan á troðaranum er milla með grófum stálgöddum sem er drifin af 170 hestafla vökvamótor og hakkar snjóinn. Þá verður fönnin líkt og nýfallin; súrefni fer úr snjónum, það myndast í honum hiti og hann verður alveg eins og grautur á eftir, en eins og nýpakkaður eftir tvo tíma. Það er því alls ekki sama hvernig þetta er gert, en eilíf áskorun og alltaf jafn skemmtileg.“ *- þlg*

# Valtra er kærkomin viðbót

Fyrirtækið Icefox tók nýverið í gagnið Valtra T-151 dráttarvél með snjóblásara.



Fyrirtækið tók dráttarvélina upphaflega í notkun haustið 2006 en þá var hún nýtt við jarðvegsvinnu vegna hitaveituframkvæmda á Grenivík.

Icefox fékk dráttarvélina hjá Jötni, en Brimborg, umboðsaðili Jötuns á Akureyri, lét setja frambúnað á vélina.

Stefán Þengilsson, eigandi Icefox, er einn af stærri verktökunum sem ryðja snjó af vegum landsmanna og segir Valtra-vélina kærkomna viðbót við tækjakost fyrirtækisins. Vélin hefur fengið að taka á því utanvegar í Víkurskarðinu að flytja snjóruðninga fjær vegastæðinu og þykir hafa leyst það verk vel úr hendi.

Fulltrúar vegagerðarinnar eru sömuleiðis ánægðir með Valtra-vélina eftir að hafa lagt mat afköst hennar. *- rve*



# KRAFTVÉLALEIGAN

**- ÚRVAL VINNUVÉLA TIL STÓRRA OG SMÁRRA VERKA**

Kraftvélaleigan býður úrval vinnuvéla til leigu fyrir allt frá húsgrunnum til virkjana og jarðganga.

**Leiga vinnuvéla:**

- er oft mun hagstæðari en kaup, bæði í smærri verk og stærri
- hefur marga kosti umfram kaup, t.d. lægri fjármagnskostnað og minni viðhaldskostnað

**Kraftvélaleigan býður úrval vinnuvéla til leigu:**

- Smágröfur
- Smáskóflur
- Beltagröfur
- Hjóla- og traktorsgröfur
- Liðstýrðir trukkar
- Skotbómulyftarar
- Beltavagnar
- Valtarar og fl.

Mögulegt er að leigja tækin en kaupa þau síðar og gengur þá hluti leiguverðs upp í kaupin.

**Vertu í sambandi við sölumann!**



**KRAFTVÉLALEIGAN**

**LEIGA/SALA** • Lækjarmel 1 • sigurdur@kraftvelar.is • 535 3570 / 535 3571

**www.kraftvelaleigan.is**





# Hátækni frá Hydrema









**Hydrema M1100D, M1400D, M1520D**

Snögg, sterk og stöðug. 11 - 17 tonn með tönn og fjölbómu. Perkins mótor. Rexroth skipting og dælukerfi. 35km drif. 630mm breið samlokudekk. Vogel smurkerfi. Engcon Rotor Tilt o.fl.

**Hydrema WL550C**

Litli risinn. 5.6 tonn. 83.5 hö Perkins motor. ZF skipting. Vökvahraðtengi. 1.5m³ skófla. Lyftigeta 5.9 tonn. Gafflasett á statífi. 35km drif. 405/70R20EM flotdekk. Ride control o.fl.

**Hydrema 912D**

Risasmá búkolla, skráð sem vinnuvél. 7.4 tonn. Liðstýrð með sérstökum einkaleyfisvörðum jafnvægistjökkum með liðstýringunni. 131 hö Perkins motor. 6.0m³ Multi-Tip pallur, snýst 180° í sturtun. Veltibremsa á lið.40km drif. 600/55-26.5 dekk. Tækjatól fyrir snjó-tönn, sóp ofl að framan. Krani, saltari að aftan o.fl. o.fl.

**Hydrema 900MPV**

Ólíkindatól/Tækjatól, algert galdratól. 6.4 tonn í grunnþyngd. 131 hö Perkins mótor. Liðstýrð með sérstökum einaleyfisvörðum jafnvægistjökkum með liðstýringunni. Veltibremsa á hásingu. ZF skifting. 100% stjórnun í báðar áttir, fram/aftur. 40km drif. 100% rafstýrð læsing að aftan. Vökvtregðulæsing framan. Aflúttak á skaft aftan/framan og þrítengibeisli fyrir 540/1000 sn./min. Tengibúnaður t.d. Framgálgi með skotbómu. Lyftih./5.5m á skotbómu. Veghefill með búnaði. Götusópur. Snjóblásari. Loftpressa. Bakkó grafsvið 280°. Krani o.fl.

**VÉLAR & ÞJÓNUSTA**

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

**HYDREMA**

*Gæði á góðu verði*

# SANY í fyrsta sinn á Íslandi

**Vélsmiðja Guðmundar í Hafnarfirði er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í gröfuskóflum, ripperum og hraðtengjum. Nú er þar einnig hafin umboðssala hinna kínversku SANY vinnuvéla.**

„SANY er að ryðja sér til rúms í Evrópu og við erum með þeim fyrstu sem tökum þátt í því með þeim,“ segir Aðalsteinn Guðmundsson en hann er framleiðslustjóri Vélsmiðju Guðmundar.

Aðspurður um fyrirtækið segir Aðalsteinn SANY vera stærsta beltagröfuframleiðanda Kína, og bjóði upp á 120 mismunandi vöruflokka til mannvirkjagerðar en fyrirtækið hefur verið starfrækt síðan 1989. SANY er nú þegar með umboðsaðila í yfir 130 löndum. Þar sem afhendingaröryggi skiptir gríðarlegu máli fyrir kröfuharða íbúa Norður-Evrópu, hefur varahlutalager ásamt tækjalager verið komið fyrir á heppilegasta stað til flutnings frá Belgíu. Enn fremur verður skamms að bíða uns samsetningarverksmiðja verður tekin til starfa í Þýskalandi.

„Í grunninn eru þeir steypudæluframleiðandi og hafa framleitt dælurnar lengst af öllum sínum tækjum. Þeir eru stærstir í heimi á því sviði en eru ekki bara með beltavélar heldur einnig með veghefla og gámalyftara, malbikunarvélar á Kínamarkaði og fleira í þeim dúr,“ segir Aðalsteinn og bætir við að á Íslandi einbeiti þeir sér mest að beltavélum og vegheflum.

„Það er gríðarlegur áhugi fyrir þessu hérna á Íslandi enda verðið gott og tækin uppfylla ströngustu gæðakröfur neytenda, með íhlutum frá fremstu framleiðendum í heimi svo sem þýsku glussakerfi, japönskum tjökkum og cummins motor,“ segir Aðalsteinn og bætir við að nú þegar séu þrjú tæki til sýnis hjá Vélsmiðju Guðmundar að Íshellu 10, tvær hjólavélar og einn veghefill og er öllum velkomið að koma og skoða.

- rss



Aðalsteinn Guðmundsson hjá Vélsmiðju Guðmundar við Sany-vinnuvélar sem fyrirtækið er með umboð fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Sany-vinnuvélarnar eru kínverskar og eru að ryðja sér til rúms í Evrópu.






Þorfinnur situr keikur á litla traktor frá árinu 1953, á bak við hann stendur nýinnfluttur McCormick-traktor.

# Litli traktor og stóri traktor

**Vélar og þjónusta héldu um dagana sýningu á lyfturum, vinnuvélum og landbúnaðartækjum. Þar var meðal annars að sjá skemmtilegan samanburð á Hermann McCormick traktor árgerð 1953 og nýinnfluttum og óseldum traktor af sömu gerð.**

„Litli traktorinn kom frá Stardal efst í Mosfellsdal, en eigandinn heitir Jón Hjartarson frá Eyri í Kjós,“ segir Þorfinnur Júlíusson, starfsmaður Véla og þjónustu. Þorfinnur hefur, að sögn samstarfsfélaga, verið í traktorabransanum í hundrað ár.

„Litli traktorinn er varðveittur upp á söfnunarlegt gildi hans,“ segir Þorfinnur. „Hann er rúmlega tíu hestöfl, en sá stóri er 280 hestöfl. Það þarf því 28 litla traktora til að jafna hestaflatöluna. Stóri McCormickinn er á 42 tommu felgum að aftan og dekkin eru 71 sentimetra breið. Til samanburðar er litli traktorinn á 24 tommum að aftan og hjólin mjög mjó.“ Að sögn Þorfinns er '53 árgerðin í topplagi og meira að segja til sláttuvél aftan á hana sem er heil og fín.

Þó að litli traktorinn virðist lítill í samanburði við stóru vélina var þetta hörkutól sem létti vinnu fólks á bæjum mikið um miðja síðustu öld. Hann var notaður við almenn bústörf, slátt og hvað sem var. „Það var til svona traktor á mínu heimili í Borgarfirði. Hann var bandarískur að uppruna, en allir traktorar sem fóru að berast hingað til lands um 1920 komu frá Bandaríkjunum,“ segir Þorfinnur en þarf svo að slíta talinu, því eitthvað mikilvægara en léttvægt spjall við blaðamann bíður hans.

- nrg

www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 41338 02/08

## Hilux - Enn betri með stærri vél

Það er ekki hægt að standast það að setjast undir stýri á Hilux Double Cab. Hann er fjallkóngur, vinnuþjarkur og borgarbarn sem skarar fram úr öðrum við íslenskar aðstæður. Þú færð ekki styrk og öryggi á hagstæðara verði.

Hilux er með öflugri 3,0 lítra D-4D dísilvél (common rail turbo). Hann hefur gott rými, er hljóðlátur, rennilegur og getur tekist á við verkefni þar sem gerðar eru miklar kröfur um hörku og seiglu.

Verð 3.350.000 kr.*

*Gildir fyrir Hilux Double Cab

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Austurlandi | Toyota Selfossi | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Akureyri | Toyota Kópavogi |
|---|---|---|---|---|
| Miðási 2 | Fossnesi 14 | Njarðarbraut 19 | Baldursnesi 1 | Nýbýlavegi 4 |
| Egilsstaðir | Selfoss | Reykjanesbær | Akureyri | Kópavogur |
| Sími: 470-5070 | Sími: 480-8000 | Sími: 420-6600 | Sími: 460-4300 | Sími: 570-5070 |






Kristinn Matthías Símonarson vörubílstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Er eiginlega í öllu

**Kristinn Matthías Símonarson er 24 ára gamall bílstjóri hjá fyrirtækinu Bíldrangur.**

„Þetta eru nú nokkrar vélar sem ég vinn á. Ég er bæði á trailer-vörubíl og svo hef ég verið á jarðýtu og skurðgröfu seinustu daga þannig að maður er eiginlega bara í öllu. Sem stendur er ég þó mest á trailer,“ segir Kristinn þegar hann er spurður út í hvaða vinnuvélar hann starfar á.

„Það er mjög þægilegt að keyra þennan bíl. Maður þarf ekkert að hugsa, þetta gerir bara allt fyrir mann. Það eina sem þarf að gera er að hafa hugann við aksturinn og einbeita sér að umferðinni,“ segir Kristinn um bílinn sem hann ekur og er af gerðinni Mercedes Benz Actros, árgerð 2007.

Þann bíl hafði hann þó aðeins ekið í einn dag þegar blaðamaður ræddi við hann. „Ég er nú samt búinn að keyra trailera áður þannig að þetta er ekkert nýtt fyrir mér,“ bætir hann við en hann segist áður hafa unnið hjá Jarðvélum og Klæðningu ehf., meðal annars.

Þegar Kristinn er spurður út í aðrar vélar sem hann hefur unnið á í seinni tíð nefnir hann Komatsu 160 beltagröfu. „Ég er líka bara búinn að vinna í nokkra daga á henni. Ég er alveg nýbyrjaður í þessu fyrirtæki,“ segir Kristinn með bros á vör.

Kristinn segir að sér líki mjög vel í vinnu hjá Bíladrangi. „Þetta er líka gott fyrirtæki og starfsandinn hér er mjög góður enda erum við bara þrír að vinna hér þannig að þetta er eins og lítil fjölskylda,“ segir Kristinn að lokum áður en hann heldur aftur til starfa. - rss



# BÍLABYLTING

## Lægra verð - Minni eyðsla – Betri bílar

## ALLT AÐ 30% UNDIR MARKAÐSVERÐI

### Sýnishorn úr bílaleit á islandus.com:

**Pallbílar**



4x4 – 4 Dyra – Nýjir/Nýlegir:
2007/2008 Ford CREW F150 frá Kr. 2.490.000
2007/2008 Ford F350 DIESEL frá Kr. 3.490.000
2007/2008 Dodge RAM 1500 frá Kr. 2.300.000
2007/2008 Dodge RAM DIESEL Kr. 3.490.000
2007/2008 Toyota Tacoma frá Kr. 2.890.000
2007/2008 Toyota Tundra frá Kr. 2.990.000

**Jeppar**



2007/2008 Ford Explorer frá Kr. 2.650.000
2007/2008 Dodge Durango frá Kr. 2.650.000
2007/2008 Jeep Grand Cherokee frá Kr. 2.590.000
2007/2008 Toyota Highlander frá Kr. 2.900.000
2007/2008 Landrover LR3 Discovery frá Kr. 5.490.000
2007/2008 Benz ML350 frá Kr. 5.250.000
2007/2008 Audi Q7 frá Kr. 5.600.000
2007/2008 Range Rover frá Kr. 6.900.000

**Fólksbílar**



2007/2008 Dodge Caravan frá Kr. 1.990.000
2007/2008 Dodge Caliber frá Kr. 1.790.000
2007/2008 Ford Mustang frá Kr. 2.300.000
2007/2008 Toyota Camry frá Kr. 2.550.000
2007/2008 Volvo S40 2.4i frá Kr. 2.600.000
2007/2008 Audi A4 frá Kr. 3.200.000
2007/2008 BMW 328i frá Kr. 4.190.000
2007/2008 Benz C230 frá Kr. 3.600.000

**ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM BÍLUM!**
**ÞÚ AUGLÝSIR GAMLA BÍLINN FRÍTT!**

## Toyota Highlander HYBRID REYNSLUAKSTUR













**islandus.com** kynnir Toyota Highlander og Toyota Camry með nýrri umhverfisvænni **HYBRID** tækni sem gefur meiri kraft og minnkar eldsneytisnotkun um nær helming!

Toyota Highlander
7,5 á hundraðið
4x4 280 hestöfl!

Toyota Camry
5,8 á hundraðið
187 hestöfl!



HYBRID bílar eru umhverfisvænir og nota mun minna eldsneyti en hefðbundnir bensín og dísel bílar. Toyota hóf þróun HYBRID tækninnar fyrir rúmum fimmtán árum og hefur nú selt meira en milljón HYBRID bíla til almennings. Áhersla Toyota er nú á þessari nýju umhverfisvænu tækni og stöðugt fjölgar nýjum Toyota HYBRID bílum sem leysa af hólmi eldri gerðir bensín og dísel bíla. Á Íslandi hefur Toyota Prius HYBRID og Lexus RX400 verið seldir um árabil og reynst einstaklega vel. Toyota Highlander, Toyota Camry, Lexus RX400 og Lexus ES350 eru einstaklega vandaðir og kraftmiklir lúxusbílar sem allir eru byggðir á sama grunni.

**Nú getur þú prufað HYBRID með einu símtali!**

**Hringdu í 552 2000 og bíllinn kemur**

**SÝNINGARBÍLAR Í HAGKAUP SMÁRALIND**

# islandus.com

**www.islandus.com - Sími 552 2000**



*„Þjónustan til fyrirmyndar í einu og öllu og bíllinn alveg draumur“*
*Sæmundur Pálsson, leigubílstjóri*

# Múrbrot er aðallega sögun



Hróar Björnsson hjá Línuborun við sleðasögina sem notuð er til að saga niður efni við Höfðatorg í Borgartúni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Línuborun tekur að sér steypusögun, kjarnaborun, múrbrot og línuborun. Hróar Björnsson hefur unnið að múrborun í tuttugu ár og þekkir vinnubrögðin út og inn.**

„Í gamla daga var endalaust verið að brjóta, í dag hins vegar er maður miklu fljótari að saga steypuna niður í einingar, í viðráðanlega teninga, kannski fimmtíu sinnum fimmtíu sem maður getur síðan borið út, híft á vörubíl og farið í burtu,“ segir Hróar inntur eftir vinnulagi í múrbroti. „Áður var til dæmis bara sagaður úthringur á hurð, síðan brotið niður í smátt og mokað í fötur. Nýju vinnubrögðin eru mun fljótari og hagstæðari fyrir kaupandann en líka hreinlegri fyrir þann sem vinnur verkið.“

Línuborun hefur yfir að ráða 25-30 kílóa rafmagnsfleygum og vökvafleygum sem hægt er að setja framan á gröfur eða róbót svokallaðan sem getur brotið steypuna. „Róbótinn er rafmagnsgræja svo maður getur notað hann innanhúss. Við notum fjarstýringu til að stilla honum upp fyrir framan vegginn eða hurðina og svo er sagarblað keyrt í gegn. Við sögum úthringinn sem á að fara burt, en afganginn bútum við niður eða brjótum,“ segir Hróar sem er þessa dagana að vinna í Höfðatorgi fyrir Eykt. Heildarsögunin þar slagar nú hátt í kílómetra. Múrbrotið sem hann tók að sér í því verki er aðeins 20 prósent eiginlegt brot, því 80 prósent er hreinlega sögun. Svo borgar verkkaupandinn fyrir hvern sagaðan metra.

„Sagirnar þurfa mikið vatn til að ganga almennilega, það bindur niður rykið sem enginn vill. Það er auðvitað mikill sóðaskapur í svona vinnu og fólk endist ekkert í þessu starfi. Okkur hefur hins vegar haldist vel á mannskapnum,“ segir Hróar. „Ef við erum með sleðasögina verður maður ekki drullugur, og maður getur búið sig undir vatnsflauminn með vatnsausum. Hins vegar ef maður er með handsögina verður maður skítugur. Þannig er það bara.“

*- nrg*


60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is




Höskuldur Ólafsson hjá Landhelgisgæslunni með snjóflóðaleitarbúnaðinn sem Landsbjörg gaf gæslunni í tilefni af eigin afmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ný tækni við snjóflóðaleit

**Landhelgisgæsla Íslands fékk nýjan snjóflóðarleitarbúnað að gjöf frá Landsbjörgu á dögunum.**

Snjóflóðarleitartækið, sem verður í tveimur þyrlum Landhelgisgæslunnar, er af gerðinni Barryvox VS 2000 Pro Ext. Höskuldur Ólafsson, tæknistjóri hjá gæslunni, telur að nýi búnaðurinn eigi eftir að gagnast mikið við leit og björgun á fólki í snjóflóðum.

Höskuldur segir að tækið leiti í raun ekki að fólki heldur finni það svokallaðar snjóflóðaýlur sem gefi frá sér hátíðnihljóð sem tækið nemur. Tækinu er stungið í samband við talstöðvakerfi þyrlunnar, því næst er baujuhluta búnaðarins slakað niður um fimm metra meðan þyrlan sjálf svífur 6 til 8 metrum fyrir ofan jörð. Svo nemur tækið útvarpsbylgjur frá ýlunum. Flugmaðurinn er með móttakara sem tengist í heyrnartólin hjá honum. Tækið gefur frá sér tón sem hækkar og lækkar eftir því hve langt baujan er frá ýlunni. Höskuldur segir að með þessu móti hafi þeir hjá Landhelgisgæslunni getað staðsett ýluna á um það bil eins metra radíus.

„Þessi tvö tæki eru gjöf frá Slysavarnafélaginu til Landhelgisgæslunnar,“ segir Höskuldur en Slysavarnafélagið Landsbjörg gaf Landhelgisgæslunni búnaðinn í tilefni af afmæli sínu. „Það er Svisslendingur sem er hugmyndasmiðurinn á bak við búnaðinn. Hann kom hingað til landsins og afhenti okkur þessi tæki, og aðstoðaði okkur við innsetningu þeirra í vélarnar.“

Höskuldur segir að Landhelgisgæslan hafi strax gert töluverðar æfingar með búnaðinn. „Svisslendingurinn aðstoðaði okkur við að setja þetta í og að þjálfa flugmennina. Það voru einir þrír til fjórir dagar sem fóru í þjálfun,“ segir Höskuldur en tekur fram að notkun búnaðarins sé enn á byrjunarstigi. Grunnþjálfun sé lokið og nú verði þjálfun á búnaðinn hluti af æfingaprógrammi Landhelgisgæslunnar.

Höskuldur segir búnaðinn einfaldan í notkun og auka öryggi. Oft sé hætta á fleiri snjóflóðum þegar leitað er að fólki en með þessum búnaði sé hægt að minnka hættuna.

*- eh*



Nýja ökumannshúsið gerir útsýnið einstaklega gott.
ÖFLUGAR OG ÁREIÐANLEGAR
CASE
GÆÐI Á GÓÐU VERÐI
CASE vélarnar eru taldar vera með þeim bestu á markaðinum í dag.
Bilanatíðni er með þeim allra lægstu sem gerist.
TILBÚNAR TIL AFGREIÐSLU!
Hringdu í síma 414-8600 og fáðu nánari upplýsingar
Vélaborg ehf.
www.velaborg.is
REYKJAVÍK: Krókhálsi 5F 110 Reykjavík Sími: 414-8600 Fax: 414-8601
AKUREYRI: Njarðarnesi 2 603 Akureyri Sími: 464-8600 Fax: 464-8601
AUSTURLAND: Strandgötu 14 735 Eskifjörður Sími: 476-1890 Fax: 476-1890




Terex beltagröfur 5,8-26 tonn
Smágröfur 1,4-4,8 tonn
TEREX
VÉLFANG
VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • Fax 580 8210 • velfang@velfang.is



Kristinn Ólafsson með snjóflóða-ýlinn sem er eitt helsta öryggistæki vélsleðamanna á fjöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Kristinn í fullum skrúða á fjöllum ásamt nokkrum félögum.

# Vel útbúnir riddarar hálendisins

**Björgunarsveitir landsins hafa til umráða rúmlega hundrað vélsleða sem hafa í gegnum árin bjargað fjölda mannslífa.**

„Sleðarnir eru mest notaðir til fjalla að vetri til. Þessi tæki fara hratt yfir, oft við erfiðar aðstæður. Þess vegna henta þeir vel við leit að fólki sem hefur týnst, ýmist fótgangandi, á jeppa eða á vélsleða á veturna,“ segir Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Hann hefur starfað í björgunarsveit í tæp þrjátíu ár og síðastliðin þrjú ár hefur hann einnig verið í sleðahóp Hjálparsveit skáta í Reykjavík. „Björgunarsveitirnar hafa notað sleðana í útköll síðastliðin þrjátíu ár. Með bættum tækjum og betur þjálfuðum mannskap er síðan notkun þeirra alltaf að aukast,“ útskýrir Kristinn sem segir að björgunarsveitir á Íslandi hafi til umráða 120-130 sleða og Hjálparsveit skáta í Reykjavík átta sleða, bæði Polaris og Skidoo.

Sleðinn sem Kristinn kynnti fyrir blaðamanni er þriggja ára Polaris-sleði af gerðinni Switchback, 600 kúbikk með 144 sentimetra belti. Fyrir hvert útkall er sleðinn útbúinn með ýmsum búnaði sem Kristinn segir nauðsynlegan við björgunarstörf. „Mikilvægasta tæki fyrir vélsleðamenn sem ferðast í miklu fjalllendi og snjó er snjóflóðaýlir til að tryggja eigið öryggi. Síðan erum við með góðan skjólfatnað, erum í svokallaðri brynju sem ver bæði hrygg og líffæri ef við föllum af sleðanum. Nánast eins og riddarar hér á árum áður,“ segir Kristinn brosandi og heldur áfram: „Síðan erum við náttúrulega með hjálm sem ver mann fyrir höfuðhöggi og GPS-staðsetningartæki til að geta ratað um og áttavita ef það bilar. Einnig fjarskiptatæki til að vera í sambandi hver við annan á sleðanum og aðra í kringum okkur. Auk þess er alltaf meðferðis kort og sjúkrabúnaður, skófla og snjóflóðastöng, handljós, björgunarlínur og neyðarflugeldar, aukafatnaður ef við lendum í mikilli bleytu og matur. Síðan eru við með aukasjúkrabúnað á borð við spelkur og þess háttar.“

Sleðasveitin sér sjálf um viðhald á sleðunum og til þess hittist sveitin einu sinni í viku. „Sleðarnir eru allir nýlegir og þurfa þannig séð ekki mikið viðhald. Hins vegar er farið yfir alla sleðana eftir hverja ferð og búnaður yfirfarinn til að tryggja að allt sé í góðu standi. Síðan erum við duglegir við að smyrja alla koppa og hugsum vel um þá. Auk þess erum við með kerrur sem við drögum sleðana á en þeir þurfa töluvert viðhald,“ segir Kristinn.

Fyrir þá sem hafa áhuga á að starfa með vélsleðahóp björgunarsveita þarf að fara í gegnum ákveðið ferli að sögn Kristins. „Björgunarsveitirnar taka inn nýliða á haustin. Til þess að gerast fullgildur björgunarsveitarmaður þarf að starfa með sveitinni í tvö ár og því næst er hægt að ganga til liðs við ýmsa hópa á borð við vélsleðahópinn. Auk þess sem þarf venjulegt bílpróf til að keyra vélsleða,“ segir Kristinn sem fer mikið á fjöll með félögum sínum. „Ég er svo heppinn að allir félagar mínir eru í þessum sleðahóp. Við ferðumst mikið saman og förum mikið til að kynna okkur landsvæði til að öðlast góða reynslu til björgunarstarfa. Fyrst og fremst ánægjunnar vegna en síðan er gott að geta látið gott af sér leiða samtímis,“ segir Kristinn. *-rh*

ARMAR

VINNULYFTUR TIL LEIGU

Skæralyftur // Spjótlyftur // Skotbómulyftarar // Turnlyftur // Lyftarar

Höfum einnig ýmis önnur tæki til byggingaframkvæmda

- Loftpressur
- Rafstöðvar
- Jarðvegsþjöppur





www.armar.is



● **DORMAÐ Á DRÁTTARVÉL** Mexíkóskur bóndi leggur sig á dráttarvélinni sinni á Revolution-torgi í Mexíkóborg. Tugir traktora og annarra vinnuvéla voru fluttir á torgið til að taka þátt í mótmælagöngu gegn NAFTA (fríverslunarsamningur við Norður-Ameríku) vegna deilna um innflutning á maís frá Bandaríkjunum.

## Til margra hluta nytsamlegar

Dráttarvélar koma að góðum notum við hin ýmsu störf. Nauðsyn þeirra í landbúnaði er fyrir löngu staðfest enda er dráttarvélin líklega besti vinur bóndans. Traktora er hins vegar hægt að nota í ýmis önnur störf fyrir utan sveitina. Lögreglan í Rússlandi notaði til að mynda eina slíka vél til að eyðileggja ólöglega geisla- og DVD-diska sem voru gerðir upptækir í fjölmörgum verslunum og mörkuðum. Til að gera eyðinguna táknræna voru diskarnir lagðir í röð á götuna og dráttarvélin ók skipulega yfir þá. *- sg*



Traktorar nýtast í marga hluti.



Haus risans bíður þess að vera hífður upp.

# Listin nýtur góðs af

Þótt vinnuvélar séu sjaldnast settar í samhengi við listaverk er ljóst að mörg listaverk njóta góðs af vinnuvélum af ýmsum stærðum og gerðum. Sérstaklega þegar verkin eru af stærri gerðinni reynist vel að hafa krana og önnur stórvirk vinnutæki við höndina til að koma verkunum heim og saman og á sinn stað.

Það sést berlega á aðferðum verkamanna í Maryland í Bandaríkjunum sem höfðu það verkefni að koma upp risavaxinni styttu sem ber heitið „The Awakening“, eða Vakningin. Styttan er af risa sem berst við að koma upp úr jörðinni. Risinn kemur upp úr jörðinni við höfnina í Prince George's County, en styttan kostaði um 750 þúsund bandaríkjadali og er úr áli. Hún er þó ekki ný af nálinni því áður stóð hún í 27 ár í Hains Point-garði í Washingtonborg.



Hönd í lausu lofti.


vísir.is
„...ég sá það á vísi"

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Bílavarahlutir
Freudenberg — Ásþétti
Hjólalegusett
FAG — Kúlu- og rúllulegur
FREMAX, EBF, ICER — Hemlahlutir
precision — Hjöruliðir
GLO — Kúluliðir
optibelt — Viftu- og tímareimar
SACHS — Kúplingar og höggdeyfar
TIMKEN — Keilulegur
FÁLKINN — Stofnað 1904
ÞEKKING REYNSLA ÞJÓNUSTA
Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • Sími: 540 7000
Fax: 540 7001 • Netfang: falkinn@falkinn.is
- Það borgar sig að nota það besta
www.falkinn.is

NOTAÐAR VÉLAR
Nánar
www.jotunn.is
Case 885XL 1989
Steyr 9094 2001
Case JX95 2005
MF 6455 2005
MF 390T 1991
Case MX100c 1999
Valtra 6550 2000
Case 4240 1997
Hafðu samband
við sölumenn okkar
til að fá nánari upplýsingar
JÖTUNN VÉLAR ehf.
Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is

Ert þú leið(ur) á
að skipta um perur?
DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:
ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA
TRUCK - LITE
Ljósasamlokurnar frá okkur eru:
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST
et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844
Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...

# Nýr veghefill

Fyrsti Caterpillar 160M veghefillinn var seldur hér á landi á dögunum. Stjórnendur Vélasviðs Heklu stóðu fyrir þessum tímamótum.

Þessi nýi veghefill þykir bylting fyrir stjórnendur veghefla. Áður voru fjórtán stjórntangir og stýrishjól en á nýja heflinum eru stjórntangirnar tvær. Þetta einfaldar vinnu stjórnanda hefilsins mikið.

Hús hefilsins hefur verið endurgert og minnir á stýrishús jarðýtu. Stýrishúsið er hannað með það í huga að það mjókkar fram og veitir betri yfirsýn á tannarbúnaðinn.

GPS kerfi frá Caterpillar og Trimble gerir veghefilstjóranum kleift að vinna af mikilli nákvæmni þegar unnið er samkvæmt gefnum hæðarpunktum, til dæmis við malbikun. Þessari GPS-tækni er líkt við sjálfstýringu þar sem stjórnendurnir fylgja fyrirfram gefnum og forrituðum línum frá til dæmis verkfræðingum.

Þessi tækni hefur í æ meiri mæli rutt sér til rúms í vinnuvélum hér á landi.

Við hefilinn er hægt að tengja ýmis tæki sem gerir notagildi hans meira og betra.

Fyrsti CATERPILLAR 160M veghefillinn var seldur til Afréttinga og heflunar ehf. á Álftanesi.

Guðmundur Böðvarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, er ánægður með nýja veghefilinn og segir hann leysa marga hluti sem áður tóku mikinn tíma en nú sé öllu stjórnað með tölvu í tækinu sjálfu. *- mmr*



Nýi veghefillinn býr yfir meiri þægindum en áður hefur sést.



Sveinn við snjómokstursvélina sem hann segir standa sig prýðilega á götum Ísafjarðarbæjar. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

# Snaggaraleg í moksturinn

**Fyrr í vetur fékk Ísafjarðarbær afhenta Hydrema 926C vél til snjómoksturs. Snjóskóflan á tækinu tekur fimm rúmmetra og er stærri en gengur og gerist sunnanlands.**

„Við hreinsum alveg út úr götunum með þessari skóflu en mokum snjónum ekki upp á gangstétt eins og svo víða er gert, svo engir ruðningar myndast upp við húsin sem fólk þarf svo sjálft að moka sig út úr," segir Sveinn Sörensen, mokstursmaður á Ísafirði. Hann segir að nýja vélin standi sig vel í því sem hún á að gera.

Áður en hann fékk Hydremuna hafði hann verið með aðeins stærri og öflugri Volvo en segir að nýja vélin afkasti ekkert minna. „Hún er að skila þessu betur, öðruvísi, ekkert síður allavega. Þetta er lipur og skemmtileg vél," segir Sveinn.

Að hans sögn hefur snjórinn ekkert verið sérstaklega mikill í vetur. „Ég hef oft séð miklu meira, það er að vísu langt síðan. Ekki síðan 1995. Það er búið að vera snjólaust síðan miðað við þetta svæði. Svoleiðis," segir Sveinn og dregur seiminn. Hann spáir því þó að harðir vetur muni koma aftur einhvern tímann.

Starf Sveins felst í því að ryðja innanbæjar og upp á skíðasvæði. Hjá Ísafjarðarbæ eru þrír menn á þremur vélum sem vinna að mokstri fyrir sveitarfélagið. En finnst Sölva gaman að ryðja snjó? „Ég er orðinn rúmlega fimmtugur og hef verið í mokstri síðan 1987. Jújú, það er fínt í góðu veðri. En þegar maður er búinn að vera lengi í þessu þá er þetta engin ánægja," segir Sölvi að lokum.



## Fiat atvinnubílar

Fiat Scudo
**Sendibíll ársins 2008**

# Bílar sem vinna!



Fiat Dobló
**Sendibíll ársins 2006**

Fiat Scudo
**Sendibíll ársins 2008**

Fiat Ducato

**Hvort sem starfsemin er lítil eða stór færðu Fiat af réttri stærð.**

**Þjónusta alla leið!**
Varahlutaþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.



Fiat Ducato | Fiat Scudo | Fiat Dobló | Fiat Multipla | Fiat Punto | Fiat Panda | Fiat Croma

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

**Opið:**
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

PIPAR • SÍA • 72353


MAX
RAFTÆKI
DVD verðhrun!
1.989 kr. stk.
Þrjár úrvals kvikmyndir á hverjum DVD
Opið til kl. 22 í kvöld!
í Kauptúni og Holtagörðum
Tilboðin gilda til 05. 03. eða meðan birgðir endast.
1.989 kr. stk.
Fimm góðar á hverjum DVD
1.989 kr. stk.
Seríur og safndiskar
Opnunartími
Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19
Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
Fim
MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is
Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS
MAX
RAFTÆKI

NOTAÐIR BÍLAR

# Veldu notaðan bíl hjá Brimborg

Fjöldi notaðra bíla í sölu á hverjum degi.
Veldu bílinn áður en hann selst. Komdu núna.

**Tökum notaðan uppí notaðan**

Opið frá kl. 9 -18 virka daga
og frá kl. 12-16 laugardaga



**Ford Focus Trend**, skrd.09/2004, e:92.000 km, 1600cc, bsk. Ásett verð 1.090.000 kr Tilboðsverð 990.000 kr NK458



**Ford Freestyle Sel**, skrd.06/2006, e:44.000 km, 3000cc, ssk. Ásett verð 3.240.000 kr Tilboðsverð 2.990.000 kr YG207



**Ford Focus Trend**, skrd.10/2002, e:121.000 km, 1600cc, bsk. Ásett verð 840.000 kr Tilboðsverð 690.000 kr YN390



**Volvo XC90**, skrd.10/2006, e:22.000 km, 2500cc, ssk. Ásett verð 5.590.000 kr Tilboðsverð 5.190.000 kr OJ904



**Ford Mondeo Ghia**, skrd.07/2006, e:32.000 km, 2000cc, ssk. Ásett verð 2.480.000 kr Tilboðsverð 2.290.000 kr AG575



**Ford Focus Trend**, skrd.12/2003, e:84.000 km, 1600cc, bsk. Ásett verð 1.190.000 kr Tilboðsverð 1.090.000 kr ZG506



**Ford Escape XLT**, skrd.07/2006, e:59.000 km, 3000cc, ssk. Ásett verð 2.580.000 kr Tilboðsverð 2.380.000 kr OM388



**Ford Escape Limited**, skrd.07/2006, e:31.000 km, 3000cc, ssk. Ásett verð 3.090.000 kr Tilboðsverð 2.890.000 kr US237



**Ford Escape Limited**, skrd.06/2006, e:61.000 km, 3000cc, ssk. Ásett verð 2.850.000 kr Tilboðsverð 2.690.000 kr TK896



**Ford Escape XLT**, skrd.07/2006, e:57.000 km, 3000cc, ssk. Ásett verð 2.590.000 kr Tilboðsverð 2.390.000 kr MJ050



**Ford Escape XLT**, skrd.06/2006, e:66.000 km, 3000cc, ssk. Ásett verð 2.560.000 kr Tilboðsverð 2.270.000 kr VZ302



**Citroen Berlingo Van**, skrd.06/2003, e:70.000 km, 1400cc, bsk. Ásett verð 820.000 kr Tilboðsverð 690.000 kr OU973



**Ford Escape XLT**, skrd.06/2006, e:49.000 km, 3000cc, ssk. Ásett verð 2.650.000 kr Tilboðsverð 2.390.000 kr SN379



**Ford Escape XLT**, skrd.07/2006, e:45.000 km, 3000cc, ssk. Ásett verð 2.690.000 kr Tilboðsverð 2.490.000 kr EB135



**Ford Escape XLT**, skrd.06/2006, e:57.000 km, 3000cc, ssk. Ásett verð 2.590.000 kr Tilboðsverð 2.340.000 kr ON578



**Ford Escape XLT**, skrd.06/2006, e:39.000 km, 3000cc, ssk. Ásett verð 2.780.000 kr Tilboðsverð 2.590.000 kr TX869



**Volvo V50** 2,4l, skrd.09/2004, e:53.000 km, 2400cc, ssk. Ásett verð 2.390.000 kr Tilboðsverð 2.090.000 kr MY558



**Nissan Terrano II**, skrd.06/1999, e:171.000 km, 2400cc, bsk. Ásett verð 750.000 kr Tilboðsverð 650.000 kr LJ556



**Ford Focus C-Max Ghia**, skrd.01/2006, e:39.000 km, 2000cc, ssk. Ásett verð 2.350.000 kr Tilboðsverð 2.150.000 kr LP827



**Hyundai Santa Fe**, skrd.12/2001, e:132.000 km, 2600cc, ssk. Ásett verð 1.490.000 kr Tilboðsverð 1.390.000 kr OB038



**Volvo XC70**, skrd.09/2003, e:75.000 km, 2500cc, ssk. Ásett verð 2.990.000 kr Tilboðsverð 2.790.000 kr SX187



**Citroen C5 SX**, skrd.06/2005, e:79.000 km, 2000cc, bsk. Ásett verð 1.740.000 kr Tilboðsverð 1.590.000 kr TA287



**Citroen Xsara Advance**, skrd.11/2003, e:59.000 km, 1600cc, bsk. Ásett verð 950.000 kr Tilboðsverð 799.000 kr NG118



**Ford Ranger XL**, skrd.04/2005, e:83.000 km, 2500cc, bsk. Dísel. Ásett verð 1.740.000 kr Tilboðsverð 1.490.000 kr RM129



**Citroen Berlingo Van**, skrd.10/2004, e:78.000 km, 1400cc, bsk. Ásett verð 990.000 kr Tilboðsverð 890.000 kr PH377



**Ford Explorer Limited**, skrd.02/2006, e:54.000 km, 4600cc, ssk. Ásett verð 4.090.000 kr Tilboðsverð 3.850.000 kr NF584



**Ford Escape XLT**, skrd.06/2006, e:30.000 km, 3000cc, ssk. Ásett verð 2.770.000 kr Tilboðsverð 2.590.000 kr NZ236



**Ford Focus Trend**, skrd.10/2004, e:63.000 km, 1600cc, ssk. Ásett verð 1.420.000 kr Tilboðsverð 1.250.000 kr TN314



**Jeep Grand Cherokee**, skrd.01/2000, e:156.000 km, 4000cc, ssk. Ásett verð 1.180.000 kr Tilboðsverð 990.000 kr SI716



**Citroen C4 SX**, skrd.07/2006, e:28.000 km, 1600cc, bsk. Ásett verð 1.660.000 kr Tilboðsverð 1.460.000 kr KY304



**Ford Focus Trend**, skrd.09/2004, e:73.000 km, 1600cc, bsk. Ásett verð 1.290.000 kr Tilboðsverð 1.150.000 kr PY949



**Citroen Xsara Picasso**, skrd.12/2000, e:124.000 km, 1800cc, bsk. Ásett verð 550.000 kr Tilboðsverð 450.000 kr YG468



**Citroen Berlingo Van**, skrd.10/2004, e:61.000 km, 1400cc, bsk. Ásett verð 1.030.000 kr Tilboðsverð 870.000 kr OK869



**Ford F150 King Ranch**, skrd.02/2007, e:18.000 km, 5400cc, ssk. Ásett verð 4.250.000 kr Tilboðsverð 3.990.000 kr NH855



**Ford Fusion Ttrend**, skrd.08/2006, e:16.000 km, 1400cc, bsk. Ásett verð 1.420.000 kr Tilboðsverð 1.290.000 kr SU540



**Citroen C3 SX**, skrd.05/2006, e:51.000 km, 1400cc, bsk. Ásett verð 1.210.000 kr Tilboðsverð 1.090.000 kr TI302

Þig vantar bíl.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.
Kíktu á netið. Komdu núna.

Aflaðu þér frekari upplýsinga
www.notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni.**
**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf. Dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsdags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**
**Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**Ísbúðin Áfheimum**
**Óskar eftir að ráða starfsfólk í aukavinnu dag - kvöld- og helgarvaktir.**
**Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina.**
**Uppl. í s. 899 9495, Jónína.**

**Móttökustarf á snyrtistofu**
**Starfskraftur óskast strax í móttöku á snyrtistofu í hlutastarf. Þarf að vera samviskusöm og einnig með góða söluhæfileika. Yngri en 25 ára kemur ekki til greina.**
**Uppl. í síma í 869-8598 frá kl: 11-17 í dag.**

Lækjarbrekka
Allt sigild - Alltaf ljú

**Lækjarbrekka**
**Erum að leita eftir þjónum og aðstoðarfólki í sal um kvöld og helgar. Góð laun í boði. Erum einnig farin að taka við sumarumsóknum.**
**Upplýsingar gefnar á staðnum eða í síma 551 4430 milli 14-17 alla daga.**

Pizza Hut

**Vantar þig hlutastarf.**
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfólki í vetur. Um er að ræða störf í veitingasal og í eldhúsi. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við Leó veitingastjóra Pizza Hut Hótel Nordica í síma 865 9691 og 533 2002.

Pizza Hut

**Vaktstjóri á Pizza Hu**
Pizza Hut leitar að vaktstjóra í veitingasal á Pizza Hut Smáralind. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Ómari veitingastjóra Pizza Hut Smáralind í síma 869 6683 eða 533 2005.

**Smart starfsfólk**
**Starfsfólk óskast á sólbaðsstofur Smart Grensásvegi & Sólvallargötu í dag-, kvöld og helgarvinnu.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum.**
**Yngri en 18ára koma ekki til greina.**

SUBWAY

**Vantar þig vinnu með skóla?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar í Borgartúni og Hringbraut/BSÍ. Fleiri staðir koma einnig til greina. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla.**
**Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir Anna í síma 530 7004.**
**Aldurstakmark er 16 ár.**

**Stýrimaður óskast**
**Stýrimann vantar á Sigurborg SH-12 til afleysinga í mars.**
**Uppl. gefur Ómar í s. 847 8026.**

Símstöðin

**Kvöld og helgarvinna**
Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Hringdu núna í síma 575 1500 Símstöðin ehf. simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

Ertu 50+ og býrð yfir reynslu! Er að leita að samstarfólki í mjög áhugavert verkefni. Mjög góð þóknun nú og til framtíðar. uppl. 575-1525

**Starfsfólk óskast**
Fjöldi starfa í boði á vef Hendur.is. Skoðaðu hvað er í boði. WWW.HENDUR.IS

Snyrtifræðingur og nuddari óskast til að vinna sjálfstætt inn á sólbaðsstofu ásamt fleiru ,áhugasamir hafið samband í síma 8422737

Óska eftir starfskrafti til almennra landbúnaðarstarfa sem fyrst. Uppl. í s. 8966011

Óskum eftir að ráða bílstjóra til starfa. Vinnutími 8.00-16.00 Upplýsingar í síma 897 6096.

**Verslunin Tiger**
Starfsfólk óskast til afgreiðslu og almennra verslunarstarfa í verslun okkar í Smáralind. Uppl. veitir Sandra í s. 660 8211 eða í tiger.sandra@simnet.is

## Atvinna óskast

**Vantar starfsfólk?**
Skilvirkar og hagkvæmar ráðningar á netinu. WWW.HENDUR.IS

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, vélamenn o.fl. S. 8457158

35 ára kona óskar eftir skirfstofustarfi, hef grunnþekkingu á bókhaldi. Björk í s. 697 6567.

Heiðarleg, samviskusöm, reglusöm og hörkudugleg 22 ára stelpa óska eftir vinnu í Rvk. Tala spænsku, ensku og þó nokkuð í íslensku. Uppl. 770 4030 / ebe5@hi.is

Smiði vantar vinnu. Uppl. í s. 893 5908

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

SILFURGRÁR Samsung (D500) farsími tapaðist í miðbæ Rvk. aðfaranótt 16. feb sl. Hans er sárt saknað. Finnandi vinsamlega hafðu samband: gudrj@hi.is Glæsileg fundarlaun í boði.

## Tilkynningar

**Búseti Akranesi**
Boðar til félagsfundar miðvikudaginn 12. mars 2008 kl. 20:00 í bikarsalnum, íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum. Fundarefin: Tillaga að sameiningu við Búseta hsf Reykjavík. Stjórnin.

Gegn Einelti
Munið málþingið 29. febrúar nánar á olweus.is

## Einkamál

60 ára maður óskast eftir að kynnast konu á aldrinum 50-65 ára. Svar sendist FBL merkt „vinur"

Ford f150 Harley Davidson árg. 2006 sjálfskiptur. Ekinn 23000 km, með loki á palli, 22 tommu felgur, svartur, allur hugsanl. aukabunaður, toppl., rafm. i öllu. Fæst +a yfirtöku. Uppl. i síma 845 4030. Einnig Grand Cherokee srt 8 árg. 2007 sjalfskiptur. Ekinn 3000 km, svartur, allur aukabunaður, 20 tommu felgur, 440 hö. Uppl. i síma 845 4030.

55 ára kona óskar eftir að kynnast traustum og heiðarlegum manni á aldrinum 55-62 ára. Svar sendist FBL merkt „kona"

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## FASTEIGNIR

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun


Baldvin Ómar
Lögg. fasteignasali




Frum

**Hásalir 1 - Kópavogi**
**OPIÐ HÚS Í DAG**
**fimmtudag 28. febrúar 2008**
**kl. 18:00 - 18:30**

Verulega fallegt parhús með frábæru útsýni. 5 svefnherbergi. Eign sem vert er að skoða.
**Tilboð óskast í eignina.**
***Allar nánari upplýsingar veitir***
***Baldvin Ómar í síma 898 1177***

**Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109**
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17
*Baldvin Ómar Magnússon - Löggildur fasteignasali*

## ATVINNA

# VANTAR ÞIG MÚRARA?

**Reyndir menn - klárir til vinnu!**
**Sverrir@Proventus.is**
**Hringdu núna S. 661-7000**

## ÞJÓNUSTA

# TS málun ehf

**Öll almenn húsamálun og sandspörtlun.**

**Vönduð vinna á góðu verði.**

**Tilboð eða tímavinna**

Helgi Gunnlaugsson, löggiltur málarameistari.
gsm. 663 3393 helgi@tshus.is

TSHÚS
Síðumúla 1 108 Reykjavík s. 567 6161

## TILKYNNINGAR

**Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.**

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

**Aspargrund 9 og 11, breytt deiliskipulag.**

Í samræmi við skipulag- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 18. maí 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Aspargrund 9 og 11. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 26 . gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 25. febrúar 2008.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

**Smári Smárason**
**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

## FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

**Aðalfundur Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands 2008**

**Fimmtudaginn 13. mars 2007 að Laugavegi 120, 5. hæð kl. 17:00**

**Dagskrá:**
1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til umræðu og staðfestingar
2. Skýrsla stjórnar um starfið frá síðasta aðalfundi
3. Endurskoðaðir reikningar fyrir síðasta almanaksár lagðir fram til samþykktar
4. Kosning stjórnarmanna skv. lögum félagsins
5. Starfs- og fjárhagsáætlanir næsta árs lagðar fram til umræðu
6. Önnur mál

Boðið verður upp á léttar veitingar

## FASTEIGNIR

**Straumsalir - 4 herb. m/bílsk.**
201 Kópavogur
Glæsieign á góðum stað.

**Stærð: 147,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2002**
**Brunabótamat: 22.480.000**
**Bílskúr: Já**





**Bókið skoðun í síma 663-3300**
**Verð: 37.900.000**

Glæsileg 124,1 m2 íbúð á 2. hæð (götuhæð) með sérinngangi ásamt 23,3 m2 bílskúr í litlu 6 íbúða fjölbýli á frábærum stað í Salahverfi. Íbúðin skiptist í stofu, borðstofu, eldhús, 3 svefnherbergi, þvottahús, baðherbergi og bílskúr. Einnig er sérgeymsla. Allar innréttingar eru úr Alder við frá Axis. Parket og innihurðir úr eik. Hiti er í bílastæði. Garður er mjög fallegur og afgirtur með rólum og sandkassa. Stutt í skóla, sundlaug, íþróttahús, verslanir og alla þjónustu. Mjög vel staðsett eign.

RE/MAX
Lind

Hilmar Jónasson
Sölufulltrúi
**695 9500**
hj@remax.is



Sigurdór Bragaso
Sölufulltrúi
**663 3300**
sb@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**






# Forsíðuleikur á visir.is færir þér lukku

Gerðu visir.is að upphafssíðu og taktu þátt í vinningsleik, fjöldi frábærra vinninga – utanlandsferðir, dvd-myndir, áskrift að Stöð 2, bíómiðar o.fl.

Ísland í dag

Skýrari sýn á það helsta sem er að gerast á Íslandi

**Þú horfir á Ísland í dag þegar þér hentar á visir.is.** Ísland í dag er fréttatengdur þáttur þar sem lifandi þjóðfélagsumræða fer fram alla virka daga. Svanhildur Hólm, Inga Lind Karlssdóttir, Sölvi Tryggvason og Þorfinnur Ómarsson standa vaktina og varpa nýju og skýrara ljósi á allt það helsta sem gerst hefur á Íslandi í dag.

vísir.is

...ég sá það á visir.is



# Siðferðisboðskapur óskast

**UMRÆÐAN**
Fordómar

Siðferði Íslendinga virðist vera á niðurleið. Umfjöllun fjölmiðla um nýstofnuð samtök gegn innflytjendum og aðkomufólki vakti upp óhug hjá stjórn Ungmennahreyfingar Rauða kross Íslands nýlega. Til að mynda bar póstsending sem fór á milli stjórnarmanna á dögunum titilinn „Þetta hræðir mig“ og í bréfinu var bent á tengil sem vísaði inn á síðu „nýnasistasamtaka“ sem virðast hafi skotið rótum hér á landi. Á vefnum má finna íslenskan áróður byggðan á rasískri hugsun. Er þetta sú leið sem við Íslendingar ætlum að fara í þessum málum? Ætlum við halda áfram að brenna okkur á þessu hitamáli líkt og svo margar aðrar þjóðir hafa gert nú þegar? Innflytjendur eiga skilið betri móttökur en þessa umræðu af hálfu okkar sem hér erum borin og barnfædd.

Vísan um fjölmenningarlegt samfélag virðist aldrei of oft kveðin, því við teljum það augljóst að tilkoma fjölbreyttari hóps fólks með ólíkan bakgrunn kryddi tilveruna okkar hér heima á Fróni töluvert. Með hjálp þeirra kynnumst við nýjum og fjölbreyttum siðum og venjum. Það er staðreynd að þeim Íslendingum sem kunna að meta blóðmör og hvalrengi fer fækkandi en þeim sem vilja gjarnan smakka á framandi mat og kynna sér erlenda siði fer fjölgandi. Eiga þeir sem færa okkur þá siði skilið að fá í andlitið þá umræðu sem nú er í gangi í fjölmiðlum, og ekki síst á veraldarvefnum?


JÓN ÞORSTEINN SIGURÐSSON


GUNNLAUGUR BR. BJÖRNSSON

Fordómafull umræða upp á síðkastið hefur nokkuð verið bundin við ungt fólk. Nýlega birtist viðtal í DV þar sem rætt var við Keflvíkinga, unga að árum, um félagsskap sem þeir hafa stofnað til undir nafninu ÍFÍ, eða „Ísland fyrir Íslendinga“. Voru ummæli hinna ungu stofnenda í garð nýbúa niðrandi í meira lagi og algjörlega ólíðandi, svo ekki sé minnst á þann aragrúa af staðreyndavillum sem finna mátti í málflutningi þeirra. Því var m.a. haldið fram að farandverkafólk steli af okkur allri bygginga- og/eða fiskvinnu, þeirri vinnu sem sífellt færri Íslendingar vilja stunda. Svo ekki sé minnst á það þegar forsvarsmenn ÍFÍ tala um innflytjendur frá Austur-Evrópu sem litað fólk. Ekki er heldur langt að minnast þeirrar umræðu sem skapaðist í kringum vefsíðu Skaparans, en miðað við framkomu og málfar vefstjóra hennar mætti ætla að hann sé ekki nema rétt búinn að missa barnatennurnar.

Hver er ástæðan fyrir því að skyndilega virðast flestar flóðgáttir hafa brostið og fordómar ungs fólks í garð innflytjenda orðið svo áberandi? Það læra börnin sem fyrir þeim er haft og nú virðist sem aldagamlir undirliggjandi fordómar þeirra sem eldri eru séu að koma fram meðal afkomenda þeirra. „Það er eins og þær séu skítugar á höndunum, þessar pöddur“ heyrðist gömul kona segja við börn sín og barnabörn, um þeldökka einstaklinga. Þetta er lýsandi dæmi um það hvernig vanþekking og hræðsla Íslendinga gagnvart því sem nýtt er og framandi gengur mann fram af manni, kynslóð eftir kynslóð. Svo virðist einnig vera að ekki megi ræða um viðhorf og virðingu innan veggja skólanna þar sem það sé innræting og andstætt viðhorfum foreldranna.

Hvenær ætlum við að opna faðminn og taka innflytjendum fagnandi í stað þess að bölsótast yfir þeim? Hvenær munum við hjálpa þeim að aðlagast máli og menningu í stað þess að rausa yfir málleysi þeirra og vanþekkingu á okkar siðum og venjum? Er ekki kominn tími til að bindast vinaböndum í stað þess að stofna hættuleg mótmælendafélög?

*Höfundar eru í stjórn Ungmennahreyfingar Rauða kross Íslands.*

# Takk, Ólafur Ragnar

**UMRÆÐAN**
Skopmyndamálið

Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, bar á dögunum blak af skopmyndateiknurum danska blaðsins Jyllandsposten í viðtali við arabísku sjónvarpsstöðina Al Jazeera. Fyrir það vil ég þakka honum.


STEFÁN MÁNI

Það er aðdáunarvert, nú á tímum trúartaugaveiklunar, pólitískrar rétthugsunar og öfugsnúins umburðarlyndis, að kjörinn fulltrúi frá vestrænu ríki skuli standa vörð um þau gildi sem gera okkur Vesturlandabúa að því sem við erum: Frjálsu fólki í frjálsum löndum. Gleymum því ekki að meðal okkar frjálsborinna eru milljónir manna sem hafa flúið kúgun og ofbeldi og fundið skjól meðal okkar sem þekkjum slíkan veruleika aðeins úr bókum, sjónvarpi og kvikmyndum.

Hinir öfgafullu íslamistar sem vaða uppi víða um heim og boða harða bókstafstrú um leið og þeir troða á mannréttindum og málfrelsi eru ekki aðeins svarnir óvinir Vesturlanda, menningar okkar og lífsgilda, heldur ógna þeir frelsi og gildum þeirra milljóna múslima sem aðhyllast ekki öfgar í trúmálum og vilja fá að lifa í friði og í sátt við samfélagið. Þeir sem beygja sig fyrir hinum háværu íslamistum eru ekki aðeins að svíkja þau gildi sem við hin frjálsu lifum eftir heldur eru þeir einnig að svíkja það fólk sem flúið hefur kúgun og hefur fundið griðastað fjarri trúarofstæki og öfgum. Þess vegna segi ég: Takk, Ólafur Ragnar! Takk fyrir að þora að vera frjáls.

*Höfundur er rithöfundur.*


Nýtt blað með Fréttablaðinu á föstudögum

**Föstudagur flytur fréttir af fólki innanlands sem utan**




Söngkonan Regína Ósk
um ástina á Eurovision, hamingjuna og kjaftaganginn

Vala Matt
selur glæsiíbúð í Garðabæ

Nýtt megrunaræði
heltekur landann

Atli bollason
í sprengjuhöllinni opnar fataskápinn sinn




Allt sem þú þarft...
...alla daga

# Hið afdankaða atvinnufrelsi

**UMRÆÐAN**
Sjávarútvegsstefna


LÚÐVÍK KAABER

Þorvaldur prófessor Gylfason hefur ritað nokkra ágæta fimmtudagspistla um að samfélagið vakni um síðir af martröð fiskveiðistjórnkerfis LÍÚ, og að hafist verði handa um að koma grundvallarreglum þess á að nýju. Sá síðasti, „Heimur laganna“, frá 14. þessa mánaðar, vakti máls á afar þörfu athugunarefni. Það er stórmerkileg staðreynd, að aðeins sárafáir íslenskir lögfræðingar hafa svo mikið sem minnst á að kerfið kunni að vera lögleysa og mannréttindabrot. Enginn lögfræðingur við störf hjá mennta- og fræðastofnunum reknum af almannafé hefur orðað þann möguleika svo vitað sé. Ekki er annað að sjá en að mjög strangar kröfur séu gerðar til lögfræðinga í slíkum störfum.

**Ótrúverðugur dómur**

En mig langar hins vegar að nýta önnur ummæli í síðasta pistli Þorvalds til að setja fram nokkra upprifjun, umfjöllun, og að síðustu viðvörun. Þorvaldur minntist á nauðsyn breytinga „sem myndu duga til að samræma fiskveiðistjórnarkerfið Mannréttindasáttmála SÞ og þá um leið okkar eigin stjórnarskrá“.

Þá má rifja upp að 6. apríl 2000 dæmdi Hæstiréttur Íslands að fiskveiðistjórnkerfið brjóti ekki í bág við stjórnarskrána. Eins og margir eflaust muna var sá dómur kveðinn upp við sérkennilegri aðstæður en dæmi eru um, við mikinn og augljósan þýsting, dómsdagsspár og jafnvel hótanir frá öðrum handhöfum ríkisvalds.

Dómurinn var ótrúverðugur þegar af þeirri ástæðu. Við það bættist að fyrri dómar sama réttar, upp kveðnir án slíks þrýstings, gengu í aðra átt. Og við það bættist aftur að dómurinn var í ósamræmi við íslensk lög eins og þau höfðu verið skilin allt frá því er konungseinveldi var lagt af í Danaveldi og fram að uppkvaðningu hans.

Nú er það svo, eins og þeir sem það hentaði hömruðu á eftir að dómurinn hafði fallið, að Hæstiréttur hefur síðasta orðið. Og fiskveiðistjórnkerfið sagði hann löglegt þrátt fyrir að stjórnarskrá okkar geymi í 75. grein reglu sem er nánast sérsniðin til að koma í veg fyrir að fyrirbæri á við fiskveiðistjórnkerfið geti orðið til. Hún myndar í frjálsum samfélögum grundvöll undir efnahagslega starfsemi og atvinnu manna. Sambærileg grein er ekki í mannréttindasáttmála SÞ, sennilega vegna þess að á ýmsu gengur um skipan atvinnu- og efnahagsmála í ríkjum heimsins.

Nærtækast er að minnast ríkjanna austan járntjalds, þar sem slík regla hefði haft álíka raunhæfa þýðingu og hún hefur nú í íslenskum sjávarútvegi.

**Atvinnufrelsisregla**

Hér á ég við atvinnufrelsisreglu stjórnarskrárinnar. Efni hennar er ekki, og hefur aldrei verið, að stundi maður atvinnu eigi hann lögverndaðan rétt á að stunda hana áfram. Þvert á móti mælir hún svo fyrir að hver og einn megi stunda þá atvinnu sem hann kýs, ef hann aðeins uppfyllir almenn skilyrði. Almenn skilyrði lúta að aldri, atgervi, menntun og þess háttar, en ekki til dæmis því að greitt sé fé í vasa annars manns til að fá að stunda sömu atvinnu og hann. Erfitt eða jafnvel vonlaust er að finna skýrara dæmi um brot á atvinnufrelsisgreininni en fiskveiðistjórnkerfi LÍÚ.

Það er því augljóst að íslensk lög hafa alla tíð fram til 6. apríl 2000 gengið mun lengra en mannréttindasáttmáli SÞ til að banna fyrirbæri á borð við íslenska fiskveiðistjórnkerfið. Jafnvel þó að kerfið sé samræmt mannréttindasáttmála SÞ er því ekki þar með sagt að það sé samræmt íslensku stjórnarskránni. Þar munar 75. grein. Vissulega koma alþjóðalög, svo langt sem þau ná, að ómetanlegu gagni þegar landslögum er vikið til hliðar. En fyrir íslenska borgara er þó ennþá mikilvægara að til séu í landinu sjálfu dómarar og dómstólar sem eru færir um að dæma eftir íslenskum lögum við hvaða aðstæður sem er. Fyrr verður Ísland ekki að sjálfstæðu réttarríki.

**Hagsmunir samfélagsins**

Hér hefur mikið verið sagt, en unnt hefði verið að segja miklu meira. Ábyrgur borgari veigrar sér við frekara tali um þessa hluti, ekki af heigulshætti, heldur vegna þess að honum eru ljósir hagsmunir samfélagsins af að geta í lengstu lög borið virðingu fyrir æðsta dómstól sínum.

Heyrst hafa, til dæmis í forystugrein Fréttablaðsins 15. janúar, yfirlýsingar um að álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna „stangist á við stjórnarskrá Íslands“. Ég bið með fullri velvild þá sem slík orð mæla að átta sig á því, að sú staðhæfing kallar á umræðu, sem ekki er víst að verði þeim sjálfum til góðs frekar en öðrum.

Vilji menn slengja fram staðhæfingum af þessu tagi væri þeim rétt, sé þeim á annað borð ekki öldungis sama um lög eða lögleysu, að taka fyrst afstöðu til þess hvort vænlegra sé að byggja upp réttarríki á þeim grunni sem til er, eða kasta fyrir róða þeim undirstöðum sem þegar kunna að vera fyrir hendi – undirstöðum sem vissulega munu ekki, frekar en annað, fljóta til frambúðar á innantómri virðingu einni saman.

*Höfundur er lögfræðingur.*

# Hvaða hækkun fá aldraðir?

**UMRÆÐAN**
Kjaramál


BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Fagna ber því, að nýir kjarasamningar bæta mest kjör þeirra lægst launuðu. Samningarnir stuðla því að auknum jöfnuði. Hins vegar vantar enn mikið á, að lægstu laun séu nægilega há. Þeir lægst launuðu fá 18.000 króna taxtahækkun á mánuði við gildistöku nýju samninganna. Við það hækka laun þeirra úr 119 þúsund á mánuði í 137 þúsund á mánuði. Enginn lifir sómasamlegu lífi af þeim launum í dag eins og verðlag og húsnæðiskostnaður er. Húsaleiga er komin í 100 þúsund á mánuði, það lægsta. Það er heldur ekki svo vel að verkafólk haldi öllum þessum 18 þúsund krónum. Það fara 8 þúsund í skatta og gjöld af þessari upphæð, þannig að ekki verða nema 10 þúsund krónur eftir.

**Betur hugsað um fyrirtæki en fólk**

Ríkisstjórnin gaf yfirlýsingu í tengslum við gerð kjarasamninganna, þar sem hún tilkynnti um nokkrar ráðstafanir í velferðar- og skattamálum, sem greiða áttu fyrir samningum. Þar er um að ræða hækkun barnabóta og húsaleigubóta, endurskoðun vaxtabóta, hækkun persónuafsláttar og lækkun tekjuskatts fyrirtækja. Ríkisstjórnin boðar, að hún ætli strax næsta ár að lækka skatt á fyrirtækjum úr 18 í 15%. Við þá breytingu verður tekjuskattur fyrirtækja hér á landi sá næstlægsti í OECD-ríkjum. Aðeins Írland er með lægri fyrirtækjaskatt, eða 12,5%. Persónuafsláttur á að hækka um 7 þúsund krónur á mánuði á 3 árum. Það er ráðstöfun, sem gagnast almenningi og lækkar aðeins tekjuskatt einstaklinga. Þessi breyting á ekki að koma til framkvæmda í einu lagi næsta ár eins og lækkun tekjuskatts atvinnurekenda. Nei, þessi breyting á að koma til framkvæmda á 3 árum sem fyrr segir. Persónuafsláttur á að lækka um 2.000 kr. á mánuði næsta ár, um 2.000 kr. árið 2010 og um 3 þúsund krónur á mánuði 2011. Það er ljóst samkvæmt þessu, að ríkisstjórnin leggur meiri áherslu á að lækka skatt fyrirtækja en að lækka tekjuskatt almennings. Er þetta sama áhersla og ríkti í tíð fyrri ríkisstjórnar, þ.e. stjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar, en þá var alltaf lögð meiri áhersla á að lækka skatt fyrirtækja en skatt einstaklinga. Ég hefði haldið að þessar áherslur mundu breytast við tilkomu Samfylkingarinnar í ríkisstjórn.

**Skattleysismörk þurfa að hækka**

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er sagt að lækka eigi skatta einstaklinga og fyrirtækja. Samfylkingin boðaði fyrir kosningar, að skattleysismörkin mundu verða leiðrétt. Þau hefðu átt að fylgja launavísitölu frá 1988 en samkvæmt því ættu þau að vera 150 þúsund á mánuði í dag. Með hækkun persónuafsláttar um 7 þúsund krónur á mánuði fer hann í 41 þús. á mánuði 2011 og skattleysismörkin munu hækka um 20 þúsund eða í 115 þúsund á mánuði. Þau hækka aðeins um 5.800 kr. næsta ár. Það verður komið árið 2011 þegar skattleysismörkin verða komin í 115 þúsund. Að vísu koma verðlagshækkanir til viðbótar. Ekki veit ég hvort ríkisstjórnin hækkar skattleysismörkin meira á kjörtímabilinu. En heldur er ég vantrúaður á að svo verði. 115 þúsund króna skattleysismörk eru langt frá því sem Samfylkingin lofaði fyrir síðustu kosningar. Betur má ef duga skal.

Bætur almannatrygginga eru alltaf hækkaðar þegar laun hækka samkvæmt almennum kjarasamningum. Hvað hækka þær mikið núna? Fram til ársins 1995 hækkaði lífeyrir aldraðra og öryrkja frá almannatryggingum sjálfvirkt þegar lágmarkslaun á almennum vinnumarkaði hækkuðu. En þá var skorið á þessi tengsl og ákveðið að bætur almannatrygginga skyldu taka mið af breytingum á launum og verðlagi. Þáverandi forsætisráðherra lýsti því þá yfir, að þessi breyting yrði ekki öldruðum og öryrkjum í óhag. Með því að laun hækka nú um 15-20 % við gildistöku kjarasamninga á lífeyrir aldraðra að hækka um sömu prósentur, 15-20%. Mér kæmi hins vegar ekki á óvart þótt stjórnvöld reyndu að þrýsta þessari hækkun til aldraðra niður. En ef staðið verður við yfirlýsingu forsætisráðherra frá 1995 er ekki unnt að skera hækkun til aldraðra niður. Þeir eiga rétt á sömu hækkun og launþegar, þ.e. 15-20%. Nú reynir á hvern hug stjórnvöld bera til aldraðra og öryrkja.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*


ICEBANK

**Víxlar Icebank hf. teknir til viðskipta á OMX Nordic Exhcange Iceland**

**Icebank hf., kt. 681086-1379, hefur birt verðbréfalýsingar vegna víxla bankans sem verða teknir til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland. Verðbréfalýsingarnar eru aðgengilegar almenningi frá og með 28. febrúar 2008 og er hægt að nálgast í 1 ár frá útgáfudegi á vefsetri útgefanda, www. icebank.is, og í prentuðu formi hjá útgefanda að Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík.**

**Eftirfarandi víxlaflokkar verða teknir til viðskipta:**

Víxlaflokkur að nafnvirði fjárhæð 3.000.000.000 kr. var gefinn út þann 3. desember 2007 og verða víxlar í þeim flokki að fjárhæð 270.000.000 kr. að nafnvirði teknir til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland 29. febrúar 2008. Auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland verður ICB 08 0312. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 12. mars 2008.

Víxlaflokkur að nafnvirði fjárhæð 3.000.000.000 kr. var gefinn út þann 3. desember 2007 og verða víxlar í þeim flokki að fjárhæð 300.000.000 að nafnvirði teknir til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland 29. febrúar 2008. Auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland verður ICB 08 0416. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 16. apríl 2008.

Víxlaflokkur að nafnvirði fjárhæð 3.000.000.000 kr. var gefinn út þann 3. desember 2007 og verða víxlar í þeim flokki að fjárhæð 1.370.000.000 kr. að nafnvirði teknir til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. 29. febrúar 2008. Auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland verður ICB 08 0514. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 14. maí 2008.

Umsjónaraðili töku til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland er Icebank hf.

Viðeigandi lýsingar útgefanda er hægt að nálgast í 1 ár frá útgáfudegi á vefsetri útgefanda: www. icebank.is og í prentuðu formi hjá útgefanda, Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík.

28. febrúar 2008


## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Vantar Ísland óvin?

**Sigurður Flosason bílstjóri skrifar:**

Vantar óvin fyrir Íslendinga? Eða er Ingibjörg Sólrún búin að finna hann? Miðað við fjárframlög til varnarmála á fjárlögum ársins 2008 hlýtur hann að vera fundinn. Varla samþykkir alþingi að verja til þessa málaflokks tveimur til þremur milljörðum króna nema Íslendingar eigi einhvern óvin. Á kaldastríðsárunum vissu allir að Rússagrýlan var óvinur Íslendinga, en hún reyndist frekar meinlaus og gaf upp öndina fyrir 10 til 20 árum. Fyrir 100 árum voru Grýla og Leppalúði helstu óvinir íslenskra barna en bæði eru þau löngu dauð og koma ekki til greina sem óvinir nema Ingibjörg Sólrún sé gengin í barndóm. Ósama bin Laden liggur úti á fjöllum í Asíu og getur þessvegna varla verið hættulegur óvinur auk þess sem við vitum ekki með vissu hvort hann er dauður eða lifandi. Og ekki getum við lagt í milljarða kostnað gegn óvini sem er kannski dauður. Eitthvað er lifandi af Talibönum í Afganistan þó að við höfum gert hvað við getum til að stuðla að fækkun þeirra, en ekki eru þeir trúverðugir óvinir til að splæsa milljörðum af almannafé til að verjast, enda búa þeir upp í fjöllum í fjarlægu landi.
Hund-Tyrkjann flæmdu forfeður okkar burtu með göldrum og sálmasöng, svo ekki er það hann.
Er það ósanngjörn krafa þeirra óbreyttu skattborgara á Íslandi sem greiða sinn hlut í varnarmálakostnaði fjárlaganna að þeir fái að vita hver sé óvinur okkar Íslendinga?

ENNEMM / SIA / NM32419




**RANDOM** HILLAN VAR HÖNNUÐ AF NEULAND INDUSTRIEDESIGN FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKIÐ MDF ITALIA. HILLAN SEM VAR HÖNNUÐ ÁRIÐ 2005 ER MARG-VERÐLAUNUÐ OG HLAUT M.A. **ELLE DECORATION INTERNATIONAL DESIGN AWARDS** OG **WALLPAPER DESIGN AWARDS** ÁRIÐ 2006.

81,6 CM Á BREIDD, 216,3 CM Á HÆÐ OG 25 CM Á DÝPT.

HEIMILIÐ ER HEILAGT, ÞESS VEGNA SKIPTIR ÖLLU HVAÐ ÞAR ER INNANSTOKKS










Á kaffihúsinu sem **Te & kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.**

LEIKARINN JOHN TURTURRO FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1957

*„Ég bý til lista yfir það sem ég á sameiginlegt og ekki sameiginlegt með persónunum sem ég leik.“*

***John Turturro er bandarískur leikari sem hefur leikið í yfir fimmtíu myndum og í myndum á borð við The Big Lebowski, O Brother, Where Art Thou? og Transformers.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 28. FEBRÚAR 1986**

## *Olof Palme skotinn til bana*

Olof Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar, var vinsæll stjórnmálamaður. Olof var þekktur fyrir að vilja lifa venjulegu lífi og vildi hann t.d. oftast fara út án þess að vera í fylgd með lífvörðum. Það má segja að sú ákvörðun hans hafi orðið honum að falli.

Olof Palme og Lisbet, eiginkona hans, voru á heimleið úr kvikmyndahúsi í miðborg Stokkhólms þegar þau urðu fyrir skotárás. Olof var skotinn í bakið af stuttu færi og eiginkona hans varð einnig fyrir skoti. Það var leigubílstjóri sem tilkynnti lögreglu um skotárásina. Tvær stúlkur sem voru vitni að skotárásinni reyndu allt sem þær gátu til þess að hjálpa forsætisráðherranum á meðan beðið var eftir að sjúkrabíllinn kæmi á staðinn.

Olof og kona hans voru flutt í skyndi á nærliggjandi sjúkrahús en þar lést Olof Palme skömmu eftir komuna. Árásarmaðurinn náðist ekki en tveimur árum seinna var eiturlyfjafíkillinn og smákrimminn Christer Petterson handtekinn fyrir grun um aðild að morðinu. Christer játaði ekki aðild sína að morðinu fyrr en löngu síðar í bréfi til kærustu sinnar.



**OLOF PALME** Varð fyrir skotárás ásamt eiginkonu sinni.

**MERKISATBURÐIR**

1710 Fjórtán þúsund manna her Dana tapar gegn sænskri hersveit í orrustunni um Helsingborg.

1920 Þilskipið Valtýr ferst ásamt 30 manns fyrir sunnan land.

1922 Bretar samþykkja sjálfstæði Egyptalands.

1935 Efnið nylon er fundið upp.

1940 Körfuboltaleikur er fyrst tekinn upp fyrir sjónvarp.

1983 Lokaþáttur MASH sýndur í Bandaríkjunum. 110 milljón manns horfa á.

1991 Fyrra Persaflóastríðinu lýkur.

2001 Jarðskjálfti upp á 6,8 á Richter mælist í Washington-ríki í Bandaríkjunum.



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður og ömmu,*

**Hrafnhildar Gísladóttur**

Álftamýri 4, Reykjavík.

**Sturla Sighvatsson**
**Björg Sighvatsdóttir** **Ólöf Ósk Þorsteinsdóttir**
**Skúli Sighvatsson** **Vassanta Idmont**
**Markús Idmont Skúlason**
**Sighvatur Snæbjörnsson.**



*Elskuleg kona mín, móðir okkar, amma og langamma,*

**Rannveig Eiríksdóttir**

Skerjavöllum 8, Kirkjubæjarklaustri,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands að kvöldi 25. febrúar.

**Einar Bárðarson**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Bjarni Sturluson**

skipasmíðameistari, frá Hreggsstöðum,

lést að Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 25. febrúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 6. mars kl. 11.00.

**Kristín Andrésdóttir**
**Valgerður Björk Einarsdóttir**
**Guðný Alda Einarsdóttir**
**Þórdís Heiða Einarsdóttir**
**Sturla Einarsson** **Freyja Valgeirsdóttir**
**Andrés Einar Einarsson** **Halldóra Berglind Brynjarsdóttir**
**Guðrún Björg Einarsdóttir** **Helgi G. Bjarnason**
**María Henley, Kristján Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær systir okkar, móðir, amma og langamma,*

**Ásta Marín Ástmannsdóttir,**

til heimilis að Grýtubakka 18, Reykjavík,

lést hinn 25. febrúar á hjartadeild Landspítalans. Ásta verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík 29. febrúar næstkomandi kl. 11.00.

**Valdís Ólafsdóttir**
**Ásta Kristín Bjartmarz**
**Sóley Lind Bergþórsdóttir**
**Júlía Sif Hjaltadóttir**
**og fjölskylda.**



**FORMAÐUR** Er ábyrgðarmaður fyrir því sem fellur til dúklagninga- og veggfóðrameistarafélagsins. FRETTABLADID/GVA

FÉLAG DÚKLAGNINGA- OG VEGGFÓÐRAMEISTARA: 80 ÁRA AFMÆLI

# Ganga í margs konar störf

Félag dúklagninga- og veggfóðrameistara fagnaði nýlega áttatíu ára afmæli sínu. Af því tilefni var haldið stórafmæli á Hótel Selfossi fyrir félagsmenn og velunnara félagsins. Þar mættu um tvö hundruð manns og fengu sjö þeirra gullmerki félagsins fyrir vel unnin störf. Félagið hefur á þessum áttatíu árum gætt hagsmuna félagsmanna og haldið iðngreinum sínum á lofti.

Einar Beinteinsson er formaður Félags dúklagninga- og veggfóðrarameistara. „Ég sem formaður stjórna öllum fundum og öðrum verkefnum sem falla til félagsins. Við erum sex manna hópur sem skipum stjórnina en alla tíð hafa störf stjórnarinnar verið sjálfboðavinna. Félagið er með aðsetur í Skipholti 70 í Reykjavík og rekur þar skrifstofu sem sinnir erindum félagsmanna og annarra sem leita til félagsins,“ segir Einar.

Félag dúklagninga- og veggfóðrameistara var stofnað fjórða mars árið 1928 í Baðstofu iðnaðarmanna í Reykjavík. Það var fyrsta félagið á Íslandi sem byrjaði með uppmælingu en það var í lok mars árið 1928. Þá var gefin út verðskrá fyrir skilgreind og uppmæld verk á vegum félagsmanna. Einar bendir á að félagsmenn þurfi að ganga í margs konar störf. „Við erum ekki bara að dúka og veggfóðra. Starfsemi okkar felur í sér að leggja teppi, strengja striga í gömul hús, flota gólf og svo klæðum við líka sundlaugar og þök. Félagsmenn eru þrjátíu og þrír, allt meistarar, en svo eru sveinarnir með sér félag. Alls erum við sveinar og meistarar um sjötíu manns.“ útskýrir Einar.

Það hefur verið í umræðunni að flótti sé frá námi í iðngreinum á Íslandi. „Það má alveg koma fram að við hvetjum fólk til að fara að læra iðngreinar og konur eru alltaf velkomnar. Vandamálið er, ef vandmál má kalla, að það vantar nýliða í stéttina en ég held að ungt fólk sé hrætt við iðngreinar vegna þess að þær eru oftar settar upp sem erfiðisvinna, en öll störf geta verið erfið þegar mikið er að gera.“

Og Einar bætir við að lokum: „Við hvetjum fólk til þess að kynna sér alla þætti iðngreina áður en það myndar sér skoðanir.“ **mikael@frettabladid.is**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jónas Reynir Jónsson**

frá Melum, Sólheimum 23, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju föstudaginn 29. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans, er bent á líknarstofnanir.

**Elín Þórdís Þórhallsdóttir**
**Elsa Jónasdóttir** **Gunnar Guðjónsson**
**Ína H. Jónasdóttir** **Eggert Sv. Jónsson**
**Þóra Jónasdóttir**
**Birna Jónasdóttir** **Gunnar F. Vignisson**
**barnabörn og fjölskyldur.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Ingimundarson**

Snartarstöðum, Núpasveit,

sem lést mánudaginn 25. febrúar á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Húsavík, verður jarðsettur frá Snartarstaðakirkju laugardaginn 1. mars kl. 14.00.

**Sigríður Guðný Kristjánsdóttir**
**Guðný María Sigurðardóttir** **Jón Halldór Guðmundsson**
**Kristjana Ólöf Sigurðardóttir** **Gunnar Bragi Ólason**
**Inga Friðný Sigurðardóttir** **Sólmundur Oddsson**
**Halldóra Sigurðardóttir** **Einar Guðjónsson**
**og barnabörn.**

GOTT FÓLK

# BYLGJAN Í FYRSTA SÆTI




### BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Hlustendur Bylgjunnar eru í eftirsóttasta markhópnum og stærsta neysluhópnum. Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 12-54 ára í 7. viku 2008.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!




# Besti afþreyingar-vefurinn 2007

Samtök vefiðnaðarins völdu **visir.is** besta afþreyingarvefinn fyrir árið 2007.

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn sem hlýtur verðlaunin Afþreyingarvefur ársins 2007 er í senn fræðandi, áhugaverður, yfirgripsmikill og vinsæll en hefur um leið mikið afþreyingargildi. Vefurinn inniheldur allt sem góður afþreyingarvefur þarf að hafa, vel unninn texta, gott myndmál, útvarpsefni, sjónvarpsefni, sem og síaukna aðkomu notenda, sem er eitt af því sem skiptir sífellt meira máli hjá framsæknum vefjum í dag. Vefurinn verður að teljast inni í daglegum rúnti íslenskra netverja enda einn af fjölsóttustu vefjum landsins."

VÍSIR.IS ...ég sá það á visir.is



Sjá vef Samtaka vefiðnaðarins – svef.is


# STUÐ MILLI STRÍÐA Fyrsta skrefið að lægra vöruverði

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** ER HÆTTUR AÐ LÁTA BJÓÐA SÉR HVAÐ SEM ER



Í gær fór ég í búð til að kaupa mér úlpu. Eftir að hafa skoðað mig um í búðinni endaði ég með eina sem mér leist ágætlega á. Ég missti þó snögglega áhugann eftir að ég leit á verðmiðann og sá að hún kostaði tæpar 35 þúsund krónur. Ég gat ekki skilið hvernig hægt væri að selja ekki merkilegri úlpu en svo fyrir svo mikinn pening.

Staðreyndin er hins vegar sú að það er hægt. Það er hægt því hér á landi er fullt af fólki sem er gerilsneytt öllu sem kallast verðvitund og lætur bjóða sér nánast hvað sem er.

Í haust fór ég í ferðalag til Íran. Þar er verðlag eins frábrugðið því sem við eigum að venjast og hugsast getur. Mér hefur því þótt sérstaklega gaman síðan ég kom heim að benda fólki á nýju Diesel-gallabuxurnar mínar sem ég keypti þar á 1.800 krónur íslenskar. Það er um það bil einn tíundi af því verði sem maður greiðir fyrir buxur af þessu tagi hér á landi. Ég notaði því auðvitað tækifærið og keypti þrennar slíkar úti í Íran.

En hvernig má það vera að sams konar gallabuxur geti kostað tíu sinnum meira hér á landi en í Mið-Austurlöndum? Framleiðslukostnaður er sá sami og ef eitthvað er þá gæti ég ímyndað mér að milliliðirnir séu fleiri þegar buxur af þessu tagi eru keyptar í Íran. Hugsanlega er ögn dýrara að flytja buxurnar alla leið til Íslands en það er ekki svo dýrt að verðið eigi að tífaldast. Svarið er ósköp einfalt: Framleiðendur og seljendur vilja auðvitað græða eins mikið og þeir geta á vörum sínum og land eins og Ísland, þar sem verðvitund er af skornum skammti, hlýtur því að vera paradís kaupmannsins.

Ég held það sé hollt að hugsa sig aðeins um þegar maður er að versla. Gefa sér þó ekki sé nema eina mínútu til að velta því fyrir sér hvert raunvirði vörunnar er og vega svo og meta hvort maður sé virkilega til í að borga uppsett verð. Fyrsta skrefið að lægra vöruverði hér á landi er nefnilega ekki upptaka evrunnar eða skattalækkanir stjórnvalda. Fyrsta skrefið er verðvitund neytenda.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**Gullnu reglur Græna ljóssins**

**1** ***Ekkert hlé***
Myndin sýnd í einum rykk

**2** ***Minna af auglýsingum***
Sýning myndarinnar byrjar fyrr

**3** ***Engin truflun***
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

**græna ljósið**
*- Ekkert hlé á góðum myndum*

FRÉTTABLAÐIÐ Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.

Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

www.graenaljosid.is - Skráðu þig í Bíóklúbbinn og þú færð sendan boðsmiðakóða á Miða.is alla frumsýningardaga

**!** **Kl. 17.15**

*Þorgrímur Þráinsson flytur fyrirlestur sem nefnist „Að gera makann hamingjusaman“ á Bókasafni Kópavogs í dag kl. 17.15. Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröðinni „Ástin í ýmsum myndum“ og er Þorgrímur þriðji fyrirlesarinn sem varpar ljósi á ástina fyrir gesti safnsins.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sinfó og rómantísk píanóverk

Tveir af tónlistarjöfrum nítjándu aldarinnar leggja til verkin á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld. Þeir eru ólíkir um margt þó báðir hafi þótt vera framúrstefnumenn á sínu sviði og báða megi kenna við rómantíska tímabilið.

Franz Liszt er frægastur fyrir að vera einn mesti píanósnillingur sögunnar og verður einna helst líkt við poppstjörnur nútímans. Auk tónleikahalds fékkst Liszt við tónsmíðar og var afkastamikill og frumlegur á því sviði. Verk hans fyrir píanó eru eins og nærri má geta gjarnan ævintýralegar flugeldasýningar sem krefjast nánast ómennskrar færni af flytjendum. Svo er um píanókonsert nr. 2 sem er hér á dagskrá. Verkið sveiflast milli blússandi spilagleði og blíðrar ljóðrænu og óhætt að spá því að allir geti notið þess ferðalags. Enginn sem ann tilþrifamiklum píanóleik má missa af þessum tónleikum.



**EWA KUPIEC** Pólskur píanósnillingur.

„Dómkirkjur í tónum“ er algeng lýsing á sinfóníum Antons Bruckners og á það vel við þriðju sinfóníuna, sem stundum er kennd við Wagner enda tileinkaði Bruckner starfsbróður sínum og átrúnaðargoði verkið. Mikilfenglegt verk sem lætur engan ósnortinn.

Ungur Pólverji, Ewa Kupiec, glímir við konsert Liszts, en hún þykir einn fremsti píanóleikari Póllands þó ung sé að árum. Stjórnandi á tónleikunum er eistneski hljómsveitarstjórinn Arvo Volmer.

**> Ekki missa af…**

Útvarpsættinum Í sviðsvængnum sem er á dagskrá Rásar 1 kl. 22.20 í kvöld. Í þættinum ræðir Bjarni Jónsson, leikskáld og leikstjóri, við Matthías Johannesen, ljóðskáld, leikskáld og ritstjóra, um ferilinn og leikhúsið.

# Iðandi svæði

Febrúarsýning Íslenska dansflokksins að þessu sinni var eins og ferskur gustur af stóra sviði Borgarleikhússins, hún er fáguð, sýnir samstilltan flokk, er í senn átakamikil og skemmtileg. Hún var frumsýnd á föstudag fyrir fullu húsi, þau fáu sæti sem voru ekki setin voru á dreif í salnum. Hópurinn var blandaðri en oft áður á frumsýningum Íd. Skiptir það máli? Já, samsetning og stærð Íd er stöðugt áhyggjuefni. Það er eins með grunninn fyrir starfsemi Íslensku óperunnar og Íslenska dansflokksins, grunnur þeirra er í raun ekki okkar hundrað ára hefð í menntuðum söng og dansi, heldur hitt að einhverjir hafi áhuga á þessari liststarfsemi, ekki sem iðkendur heldur sem áhorfendur. Almennur og víðtækur áhugi réttlætir stöðuga starfsemi á þessu sviði. Sundrist hann og dreifist er styrkjum til flokka óperu og listdans betur komið í dreifðari staði. Og satt best að segja eru kraftar svo dreifðir í þessum deildum lista að menn eiga stöðugt að hafa vara á: eru framfarir nógar? Eini fastinn í þessum flokkum eru þeir sem sitja fastast í stjórnunarstöðum, verða þar eilífar augnakerlingar, jafnvel þótt mjöðmin sé orðin stirð og þyrfti að setja stálkúlu í liðinn.

Íslenski dansflokkurinn er ekki stór. Hann líður meðal annars fyrir það að þeir sem hafa lagt sig eftir dansasmíð, flestallt konur, hafa ekki náð þeim stöðuga árangri sem þarf til að ná þroska. Dansahöfundar okkar þroskast ekki með tilhlýðilegum hætti. Því byggir Íd að mestu leyti á erlendum dansahöfundum og hefur sýnt bestan árangur þegar hann lendir í samstarfi við hugmyndaríka höfunda útlenda. Á föstudag voru á ferðinni tveir Skandinavar, annar með gamalt upphitað verk í íslenskum búningi og búningum. Þannig vinnur Strömgren. Hinn er ungur höfundur, dansari sem er að snúast í samningu, Alexander Ekman. Hann þreifar líka fyrir sér í kvikmyndavinnslu með dansarana, gerir tilraun með hermihljóð og kastar dönsurunum óhræddur inn í hreyfimynstur aldraðra.



**LISTDANS** Úr verkinu Kvart eftir Jo Strömgren sem sýnir Íslenska dansflokkinn á góðu róli.

MYND/ÍD/GOLLI

Rýmið skiptir meginmáli í dansverkum sem þessum: stóra svið í Borgarleikhúsinu var valið sem leiksvæði dansflokksins á sínum tíma sökum þess. Tilraunir með danssköpun á smærri sviðum í húsinu, þá einkum nýja sviði, hafa fallið mér miður í geð. Ég man ekki til þess að nokkru sinni hafi Íd unnið á litla sviðinu sem með hringsviði í miðju gæti þó verið einkar spennandi kostur fyrir flokkinn, skapað nálægð og gert dansininn þar að þrívíðu fyrirbæri. Hvað skyldi ráða því að flokkurinn hefur aldrei sest þar að? Þar gæti verið pláss fyrir um 200 áhorfendur sem virðist vera nærri kjörhópi fyrir flokkinn og þýddi að dansararnir fengju tækifæri til samfelldari sýningarhalds. Mætti nýr leikhússtjóri LR beina sambýlingum sínum í Íd þangað einhvern vetrarpart.

Bæði Strömgren og Ekman afmarka plássið þótt rýmið standi opið. Strömgren með hvítum flötum, fyrst einum minni fyrir svartklæddan tvídans og síðar stærri flöt fyrir átta dansara. Þrengingin skapar tilfinningu fyrir rýminu, fókuserar átakamikinn og ákafan dans sem byggir víða á tvídanstilbrigðum sem eru flutt í röðum. Miðin í dansinum eru hrein og sögulaus, þróun varla til staðar utan uppbyggingar í magnaðri tónlist eftir Pohjonen. Er langt síðan maður hefur séð hópinn svo samstilltan og fullvissan í tökum við ögrun höfundarins. Einfalt verk en fallegt. Búningar einfaldir en með bringuskrauti sem var næstum ofaukið.

Í hópnum eru enn dansarar sem hafa glatt augun í langan tíma: Corbett og Katrín Ingvadóttir sem þrátt fyrir háan starfsaldur dansara eru snörp. Yngri liðar hópsins eru ekki síður manni til gleði, Lorens og Aðalheiður Halldórsdóttir. Í raun eru fátíðar sýningar flokksins þess valdandi að gestur missir samband við þetta fólk, það þyrfti tíðari heimsóknir á þessar fáu sýningar sem dansflokkurinn er með hér til að tengslin yrðu styrkari, eða fleiri en eina heimsókn á hverja sviðsetningu. Þessa sýningu gæti ég vel hugsað mér að sjá aftur.

Síðara stykkið var úr allt annarri átt: hugmyndin um dansandi gamalmenni er í sjálfu sér skopleg, rétt eins og dansandi börn – eða fullorðna sem við sjáum fyrst taka á sig gervið og síðan aldurinn sem þau klæðast fyrirhafnarlítið. Aftur festist athyglin við einstaklinga: Peter Anderson, Katrínarnar báðar. Og hér málar höfundurinn aftur í rýmið margar sögur eða mynstur með löngum göngum í ferningi og yfir mörg svífandi portrett. Þetta var hrein skemmtun, nautn og engu líkara en hópurinn frelsaðist við aldurinn, og fjörbrotin sem höfundurinn teiknaði með nokkrum skissum. Fyrirferðarmest var slagur við tónlist yfir eldhúsborði, leikur með gulrætur, sósur og hveiti. Kostulegt drama og glæsilega flutt af Enderson og Guðmundi Elíasi.

Sem vakti aftur spurningar um sambandsleysi hópsins við mímuna, leikinn, og þá um leið hvernig svona hópur er leiddur áfram. Þessi sýning Íd var gleðilegur áfangi, eins og sem betur fer, verður okkar – fárra – sem fylgjum flokknum. Sýningin á skilið að fá mikla og góða aðsókn. Það er missir að sjá hana ekki.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**LISTDANS**

Íslenski dansflokkurinn

**Kvart**

eftir Jo Strömgren
Tónlist: Kimmo Pohjonen
Búningar: Steinunn Sigurðardóttir, Iðunn Andersen
Ljós: Aðalsteinn Stefánsson

**Endastöð**

eftir Alexander Ekman
Tónlist: eftir ýmsa
Leikmynd og myndband: Alexander Ekman
Búningar: Bregje van Balen

★★★★

Flott sýning og skemmtileg á tveimur athyglisverðum norrænum dansverkum


FRINGE

GARDÍNURNAR KOMNAR AFTUR



NÝJAR VÖRUR

LITIR
SVARTUR, HVÍTUR, RAUÐUR, GRÆNN OG BLÁR

VERÐ
7.990 KR.

Opið alla daga vikunnar
Askalind 1, Kópavogur. Sími 568 9700.

habitat

# Myndskreytingar meistara?

Ítalskir fræðimenn telja nú líklegra en ekki að myndskreytingarnar í litlu skákþrautariti eftir stærðfræðinginn Luca Pacioli, sem uppi var á 15. öld, séu eftir Leonardo da Vinci.

Ritið kallast Da Ludo Schacorum og var skrifað í kring um aldamótin 1500. Flestar myndskreytingar í skákgáturitum frá þessum tíma voru fremur grófar og notuðust við bókstafi eða tölustafi til að gefa skákmennina til kynna. Í riti Paciolis standa falleg og listfeng tákn fyrir skákmennina sem þykir benda til að sannur listamaður hafi myndskreytt það.

Að auki er vitað að Pacioli og da Vinci voru góðir vinir og að da Vinci myndskreytti rit Paciolis um stærðfræði. Því er ekki ólíklegt að listamaðurinn hafi aftur tekið að sér svipað verkefni fyrir vin sinn. - vþ



**LEONARDO DA VINCI** Tók sér ýmislegt fyrir hendur á lífsleiðinni.

# Unnið með smáheima

Myndlistarmaðurinn Egill Sæbjörnsson opnar sýningu í sýningarsalnum i8, Klapparstíg 33, í dag kl. 17. „Ég sýni þrjár nýjar vídeóinnsetningar þar sem tölvuteiknaðar hreyfimyndir blandast saman við hversdagslega hluti. Þessu fylgir viss hljóðheimur; ekki beint lög heldur frekar tónar,“ segir Egill aðspurður um verkin á nýju sýningunni en þess má geta að verkin í i8 eru öll unnin á þessu ári.

Verkin sverja sig í ætt við fyrri sýningar Egils. „Ég hef áður sýnt blöndu af vídeóverkum og hversdagslegum hlutum, til að mynda á samsýningu í Listasafni Íslands og í Nýlistasafninu, þannig að ég hef unnið töluvert með þetta tiltekna form myndlistar. Það er í raun löng þróunarsaga á bak við formið þar sem að ég byrjaði að vinna með tölvugerðar teiknimyndir þegar ég hóf myndlistarnám á árunum 1994 og 1995. Það sem heillar mig við þessa vinnu er hversu vel hreyfimyndir og vídeóverk eru til þess fallin að skapa smáheima þar sem ýmis ævintýri geta gerst.“

Egill hefur verið búsettur erlendis í níu ár en hann



býr nú í Berlín. „Ég hef engin áform um að flytja aftur heim, en ég gæti þó vel hugsað mér það, allavega í nokkur ár. Listalífið hér heima er skemmtilegt og mikið af listamönnum sem eru að gera góða hluti sem gaman væri að bralla eitthvað með,“ segir Egill að lokum.

Sýning Egils stendur yfir í i8 til 29. mars næstkomandi. - vþ



**STRENGJASVEIT LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS** Æfir af kappi fyrir tónleikana á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Strengjasveit LHÍ leikur Dvorák og Þorkel

Hinir árlegu tónleikar strengjasveitar Listaháskóla Íslands fara fram næstkomandi sunnudag kl. 17 í Seltjarnarneskirkju. Á efnisskránni verða verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson og Antonin Dvorák.

Flutt verða verkin Columbine fyrir flautu og strengi eftir Þorkel Sigurbjörnsson og Serenata no. 1 op. 22 fyrir strengi eftir Antonin Dvorák. Einleikari á flautu í verki Þorkels er Rut Berg Guðmundsdóttir. Stjórnandi strengjasveitarinnar er Gunnar Kvaran sellóleikari.

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.



**HAFNARBORG** Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.

# Sýningarlok, sjáið nú!

**Vert er að benda á tvær áhugaverðar myndlistarsýningar sem renna báðar sitt skeið á næstu dögum. Í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, stendur nú yfir sýning á verkum í eigu safnsins. Sýningin er sérleg afmælissýning, enda fagnar Hafnarborg 25 ára afmæli á árinu. Áhugasamir hafa enn nokkra daga til stefnu, en sýningunni lýkur á mánudaginn.**

**Á Café Karólínu og Karólínu Restaurant á Akureyri hafa undanfarnar vikur staðið yfir sýningar þeirra Steins Kristjánssonar og Brynhildar Kristinsdóttur. Þessum sýningum lýkur báðum á morgun og því er norðlenskum myndlistarunnendum ekki til setunnar boðið.**

**- vþ**




SKRIFSTOFUHÚSGÖGN
SEM AUÐVELDA VINNUNA

Falleg og stílhrein hönnun

Kinnarps skrifstofuhúsgögnin eru falleg og stílhrein. Margar útfærslur, sérsniðnar að þörfum hvers og eins. Hafðu það gott í vinnunni - kynntu þér úrvalið hjá Pennanum.

Reykjavík - Hallarmúli 4 - sími 540 2000
Akureyri - Hafnarstræti 91 - 93 - sími 540 2180

penninn@penninn.is

Kinnarps

Penninn - auðveldar vinnuna

H:N markaðssamskipti / SÍA

LÓKAL
Alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík
5.- 9. marz

Tryggðu þér miða
á www.midi.is
Takmarkaður sýningafjöldi



Þátttakendur:

New York City Players
Vivarium Studio
Erna Ómarsdóttir og Lieven Dousselare
Nature Theatre of Oklahoma
Þjóðleikhúsið
Draumasmiðjan
Sokkabandið



GLITNIR
ICELANDAIR
Fjárlaganefnd Alþingis
Reykjavíkurborg
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Dagskrá og nánari upplýsingar á
www.lokal.is

# Betri eru margir inni í húsi en einn úti á túni!

Það hlýtur að hafa verið rosalega gaman að vera hippi! Allt var svo kósí og allir voru svo meðvitaðir um hvað var rétt og hvað var rangt. Að vísu var reykt svolítið af hassinu og tekið svolítið af LSD-inu og haldið svolítið framhjá sjálfum sér og öðrum en samt… hlýtur að hafa verið gaman.

Það virðist vera gegnumgangandi hugmynd núna að hinir svokölluðu hippar hafi verið einhvers konar grímuballstjúttarar því æ oní æ er verið að endurlifa, endurgera, endurmynda þennan tíma án þess að fjalla um hið raunverulega innihald. Þeir ungu, sem núna horfa á þennan tíma, sjá líklega fyrst og fremst eingöngu ytri gervi, þ.e. búningana, eitthvað pínulítið af tónlistinni en gleyma úr hvaða bylgju, af hvaða rótum þessi stemmning reis.

Lukas Moodysson er fæddur 1969, ári eftir stúdentauppreisnirnar. Móðir hans var rithöfundur (Gun Åkerblom) og aðeins 17 ára gamall gaf hann út ljóðabók sem vakti talsverða athygli. Þessi leiksýning sem frumsýnd var um helgina í Borgarleikhúsinu byggir á kvikmyndinni hans „Tillsammans“ sem sýnd var hérlendis fyrir nokkrum árum.

Hér er um að ræða endurlit listamanna sem sjálfir voru ekki uppi á þessum tíma að undanskildum Árna Pétri sem bjó í kommúnu og þekkir líklega hvert einasta orð og hverja einustu stunu úr þrengslunum. Hér er leikið jöfnum höndum á ensku og íslensku og skemmtilegt að sjá erlenda leikara meðal íslenskra sem bæði féllu vel inn í heildina og gott ráð að staðfæra umhverfið og textann upp á íslenskan veruleika þó það orki nú líklega tvímælis hversu glaðir íslenskir hippar urðu þá er Franco gaf upp öndina, en það er annað mál. Búningarnir voru skemmtilegir og ýktir enda samsettir með augum nútímamanna.

Það er ekkert heilagt við tímann né heldur hugmyndirnar en engu að síður verða klisjurnar svolítið grímuballslegar.

Leikhópurinn Vesturport vinnur þétt og vel saman og eins og Gísli Örn Grétarsson segir í viðtali hafa leikararnir allir lent í því sama og íbúar þeirrar kommúnu sem hér er kynnt.

Fjöldinn allur af ólíkum persónum býr saman í þröngum vistarverum og þess vegna verða ákveðnar reglur að gilda. Þessar reglur einskorðast við uppþvott og matargerð og eins er stranglega bannað að koma með sjónvarp inn á heimilið.

Leikmyndin var gegnsætt hús á þremur hæðum, það sátu áhorfendur báðum megin við hana. Odin -teater-hópurinn gerði einmitt svona sýningu á tímum hippanna og fleiri hafa nú reyndar gert svipaða leikmynd en hér var hún svolítið íþyngjandi og ruglingsleg þar sem myndin sem horft var á varð óskýr vegna þess að stöðugt sást í mikinn mannfjölda hinum megin í salnum. Áhrifin voru þó ótvíræð, sem sagt ekkert einkalíf í kommúnu af þessu tagi, alltaf einhver með nefið oní öllum koppum.

Sagan sem byggt er á er heldur rýr og þess vegna verða persónurnar nokkuð þunnar og lítt trúverðugar.

Móðir með unga dóttur hverfur frá heimili sínu þar sem eiginmaðurinn lemur hana og skjóta hipparnir skjólshúsi yfir hana. Hún er alger andstæða hinna persónanna en lítið er gert með það og má segja að konan Elísabet sem Sara Dögg Ásgeirsdóttir léði lífi hafi vart gert annað en að gaufast um og kveikt í sígarettum fyrir hlé meðan að hléinu loknu var hún orðinn ýktari hippi en nokkur annar. Hér hefði verið kjörið tækifæri til þess að byggja upp svolítið dýpri persónu því einmitt þessi kona er sú sem tekur mestum breytingum í verkinu.

Það var ansi lítið kjöt á beinum flestra persónanna en faðirinn sem leitar að eiginkonu og dóttur, drykkfelldur og með önnur gildi en þau sem ráða í þessu húsi, verður flott andstæða og skilar Rúnar Freyr Gíslason því hlutverki mjög vel.

Nokkur eftirminnileg gullkorn eru í sýningunni, eins og það að rjúka upp á háaloft og taka trommusóló þegar maður verður pirraður og eins æðiskast Georgs sem Ólafur Darri, með sinni mjúku og hlýju nærveru, lék, þar sem hann var búinn að fá nóg af væli ástkonu sinnar sem saknaði annars manns og hann þeytti henni út á götu.

Áhorfendur voru glaðir í lokin og hávær stemning í gleðirússi þar sem allt var orðið svo gott æsti fólk upp úr sætum sínum.

Á heildina litið var þetta helst til of löng sýning, skemmtileg eftir hlé.

**Elísabet Brekkan**



**LEIKLIST** Myndir úr kommúnulifnaði í Svíþjóð skópu skemmtilegt bíó sem verður að langri og framan af leiðinlegri leiksýningu. MYND/

**LEIKLIST**

**Kommúnan**

eftir Lukas Moodysson
Leikmynd: Börkur Jónsson
Leikgervi: Sigríður Rósa Bjarnadóttir
Búningar: Ríkey Kristjánsdóttir
Ljós: Halldór Örn Óskarsson
Leikgerð og leikstjórn: Gísli Örn Garðarsson

★★★

Ung kynslóð skoðar liðinn tíma og sér bara umbúðir.



# Erna frumsýnir í Frakklandi

Dansarinn Erna Ómarsdóttir frumsýnir leikrit sitt The Talking Tree 6. mars næstkomandi í Frakklandi. Mun hún sýna leikritið í tilraunaleikhúsinu Le Quarte á franskri listahátíð sjötta til áttunda mars og hinn níunda verður verkið síðan sýnt hérna heima á leiklistarhátíðinni Lókal.

„Þetta er jaðarleikhús þar sem listirnar mætast og maður fær mjög mikið frelsi til að gera það sem manni dettur í hug,“ segir Erna um franska leikhúsið. „Þetta verk er búið að þróast frá því vorið 2006. Þetta tré er búið að vera að vaxa inni í mér síðan þá og koma fram við ýmis tækifæri,“ segir hún. „Þetta er mjög mannlegt tré sem segir sögur. Það er þrjú þúsund ára gamalt og er búið að upplifa ýmislegt. Það segir sínar sögur af fólki, furðuverum og örlögum.“

Ókláruð útgáfa af The Talking Tree var sýnd hérlendis í september í fyrra og hefur verkið tekið miklum breytingum síðan þá. Verkið verður sýnt í Tjarnarbíói klukkan 22 og óttast Erna að hún komist ekki heim í tæka tíð því hún flýgur heim frá Frakklandi samdægurs. „Það er búið að vera mikið af lestarverkföllum og þetta verður smá áhætta. En það á alveg að ganga upp.“ - fb



**ERNA ÓMARSDÓTTIR** Erna frumsýnir verkið The Talking Tree sjötta mars í Frakklandi.



**SOWETO** Suður-afríski kórinn Soweto syngur í Laugardalshöll áttunda október.

# Soweto til Íslands

Suður-afríski gospelkórinn Soweto kemur fram á tónleikum í Laugardalshöll áttunda október á vegum 2B Company og Thorsson. Kórinn, sem er 26 manna, er sjóðheitur um þessar mundir því hann fékk nýlega Grammy-verðlaunin 2007 fyrir frábæran flutning og sviðsframkomu.

Soweto hefur komið fram með mörgum af þekktustu tónlistarmönnum heims, þar á meðal Bono úr U2. Einnig hefur hann skemmt landa sínum Nelson Mandela. Tónleikar Soweto hafa fengið mjög góða dóma og líkti gagnrýnandi dagblaðsins New York Times kórnum við raddir frá himnum.

Miðasala á tónleikana hefst nítjánda ágúst.


ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
27. febrúar
28. febrúar
2.mars
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



Þjóðleikhúsið um helgina
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



Baðstofan e. Hugleik Dagsson
sýn. lau 1/3 örfá sæti laus
norway.today e. Igor Bauersima
sýn. fim. 28/2, uppselt fös. 29/2 örfá sæti laus
Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. fös 29/2, lau. 1/3 örfá sæti laus
Pétur og úlfurinn e. Bernd Ogrodnik
sýningar sun. 2/2 örfá sæti laus
Skilaboðaskjóðan e. Þorvald Þorsteinsson
Sýningar sun. 2/3 örfá sæti laus

Salurinn
ÞRIÐJUDAGUR 4. MARS KL. 20
TÍBRÁ: KVIKHLJÓÐ.
TÓNLIST ÞURÍÐAR JÓNSDÓTTUR OG SCIARRINO Í SAMTALI VIÐ MYNDLIST OG VÍDEÓ.
LAUGADAGUR 8. MARS KL. 13
MEISTARI MOZART.
STRENGJA-OG PÍANÓKVINTETT
TÓNLEIKAR KENNARA TÓNÓ KÓP.
LAUGADAGUR 8. MARS KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGBÓK JAZZINS.
TÓNLIST COLES PORTERS.
KRISTJANA STEFÁNS & FÉLAGAR.
SUNNUDAGUR 9. MARS KL. 16
SÖNGLÖG JÓRUNNAR VIÐAR.
HELGA RÓS OG GUÐRÚN DALÍA
BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

VATNSMÝRI 102 REYKJAVÍK
NIÐURSTÖÐUR ÚR HUGMYNDA-SAMKEPPNI UM VATNSMÝRI
SÝNINGIN ER SÝND ÁFRAM
29. FEBRÚAR–30. MARS
Á HÁSKÓLATORGI HÁSKÓLA ÍSLANDS
AÐGANGUR ÓKEYPIS
OPIÐ 10:00 – 20:00 VIRKA DAGA
OG 10:00 – 18:00 UM HELGAR



Reykjavíkurborg
HÁSKÓLI ÍSLANDS



áður ~~4.480~~ nú 990




áður ~~1.699~~ nú 699




áður ~~2.980~~ nú 790




áður ~~4.280~~ nú 890




áður ~~6.480~~ nú 1.890




áður ~~3.480~~ nú 490

# Stóri BÓKAMARKAÐURINN Perlunni

**28. febrúar til 9. mars**
**Opið 10–18 alla daga**

- Stóri bókamarkaðurinn opnar með pompi og prakt í Perlunni í dag!
- Frábært úrval. Ótrúlegt verð.
- Rétta bókin bíður þín hjá okkur.




áður ~~4.490~~ nú 1.490




áður ~~4.790~~ nú 1.990




áður ~~4.990~~ nú 690

Yfir 10.000 titlar!




áður ~~5.480~~
nú 1.980




áður ~~4.990~~
nú 1.990




áður ~~4.690~~
nú 1.990



áður ~~12.990~~
nú 5.990




áður ~~2.690~~
nú 1.290




áður ~~4.680~~
nú 1.990




áður ~~4.480~~
nú 1.990

STÓRI BÓKAMARKAÐURINN PERLUNNI

Allt að 90% afsláttur!



**> TORTÍMANDI FÆR FRUMSÝNINGARDAG**

Framhaldsmyndaæðið og sú hefð Hollywood að dusta rykið af gömlum hetjum eru síður en svo komin upp á hillu, því nú hefur verið tilkynnt að fjórða myndin í Tortímanda-flokknum verði frumsýnd 22. maí 2009. Viðræður eru í gangi við **Christian Bale** sem leikur Leðurblökumanninn en myndin á gerast þegar vélarnar hafa tekið völdin.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Dano skýst upp á stjörnuhimininn

Paul Dano er að verða einhver eftirsóttasti ungi kvikmyndaleikarinn í Hollywood um þessar mundir. Frammistaða hans í Little Miss Sunshine og nú síðast There Will Be Blood hefur vakið mikla athygli á þessum unga leikara.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru leikur Dano á móti Brian Cox í Good Heart, kvikmynd Dags Kára, sem blaðamaður Empire taldi að liti út fyrir að vera Cocktail með slæmum tönnum.

Dagur og félagar hans hjá ZikZak virðist hafa næmt auga fyrir upprennandi stjörnum frá Bandaríkjunum því eins og mörgum er enn í fersku minni var Ryan Goosling fyrst ráðinn í hlutverk Danos. Sá var hins vegar tilnefndur til Óskarsverðlauna skömmu síðar fyrir frammistöðu sína í Half Nelson og kom íslensku kvikmyndinni ekki að í þéttskipaðri dagskrá sinni í kjölfarið. Dagur og félagar ættu ekki að vera á flæðiskeri staddir með Dano enda hefur lítið spurst til Gooslings síðan þá og kvikmyndir hans hafa litla athygli hlotið.

Dano getur hins vegar valið úr kvikmyndum um þessar mundir. Hann leikur meðal annars í nýjustu kvikmynd Spikes Jonze á móti Forest Whitaker og James Gandolfini. Þá hefur Dano einnig verið ráðinn í kvikmynd um félagsfræðitilraun Stanford-háskólans þar sem nemendur skiptu með sér hlutverkum fanga og fangavarða.



**UPPRENNANDI** Paul Dano leikur aðalhlutverkið í nýjustu kvikmynd Spikes Jonze og í kvikmynd um félagsfræðitilraun Stanford-háskólans.



**NÆMT NEF** Dagur Kári og félagar hans hjá ZikZak hafa næmt auga fyrir upprennandi stjörnum en Dano leikur á móti Brian Cox í Good Heart.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

**UNDERDOG**

Hundurinn Shoeshine verður óvænt fyrir tilraun hjá dr. Barsinister sem veldur því að hann öðlast ofurkrafta. Jack Unger tekur hann upp á sína arma og Shoeshine trúir honum fyrir hvað hafi gerst. Framhaldið er síðan óútreiknanlegt eins og mátti gera ráð fyrir.



*Leikstjóri: Frederik Du Chau*

*Aðalhlutverk: Jason Lee og James Belushi*

*Dómur IMDB: 3,8/10*



**DIVING BELL AND THE BUTTERFLY**

Jean-Dominique Bauby, ritstjóri Elle, fékk heilablóðfall aðeins 43 ára og lamaðist. Bauby gaf síðar út ævisögu sína þar sem hann sagði frá þeim sálrænu átökum sem áttu sér stað innra með honum og þeim stöðum sem hann heimsótti en aðeins í huganum. Myndin þykir gríðarlega áhrifamikil og var meðal annars tilnefnd til fjögurra Óskarsverðlauna og fékk tvenn verðlaun á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

*Leikstjóri: Julian Schnabel*

*Aðalhlutverk: Mathieu Amalric og Emmanuelle Seigner*

*Dómur IMDB: 8,3/10*



**DARK FLOORS**

Finnska Eurovision-stjarnan Lordi er hugmyndasmiðurinn á bak við hryllingsmyndina Dark Floors en þeir Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson eru meðframleiðendur hennar. Lordi kemur hingað til lands í dag og verður viðstaddur frumsýninguna en Dark Floors segir frá björgunaraðgerð föður sem reynir að forða dóttur sinni frá spítalavist á fremur skuggalegu sjúkrahúsi.

*Leikstjóri: Peter Riski*

*Aðalhlutverk: Lordi og Noah Huntley*

*Dómur IMDB: 4,8/10*

**BE KIND REWIND**



Jerry verður fyrir því óláni að heilinn í honum segulmagnast með þeim afleiðingum að hann eyðileggur allar myndbandsspólur á myndbandaleigu vinar síns. Til að mæta þörfum viðskiptavina leigunnar ákveða þeir félagar að endurgera allar vinsælustu myndirnar, þeirra á meðal Ghost Busters og Robocop.

*Leikstjóri: Michel Gondry*

*Aðalhlutverk: Mos Def og Jack Black*

*Dómur IMDB: 7,6/10*

# Af Juno og Jamie Lynne

**Litla, sæta gamanmyndin um Juno MacGuff hefur unnið hug og hjörtu áhorfenda og gagnrýnenda um allan heim. Ekki eru þó allir á eitt sáttir um boðskap myndarinnar og telja sumir hana bregða upp glansmynd af einu erfiðasta vandamáli bandarískra unglingsstúlkna.**



**UMDEILD** Þótt Juno sé lítil og sæt gamanmynd þá hefur hún verið harðlega gagnrýnd fyrir að láta það líta út sem smámál að eiga von á barni.

Kvikmyndin Juno verður tekin til sýninga í kvikmyndahúsum Reykjavíkur um helgina. Myndin segir frá Juno, ungri stúlku með munninn fyrir neðan nefið, sem „lendir“ í því að verða ólétt. Hún ákveður hins vegar að gefa barnið frá sér, fær mikinn stuðning heiman frá og líf hennar heldur áfram sinn vanagang eftir allt saman.

**Siðferðislegur vandi Bandaríkjanna**

Kynlíf og hvers kyns kynhegðun er oftar en ekki þyrnir í augum Bandaríkjamanna. Róttækir og íhaldssamir kristnir söfnuðir hafa sterk ítök í bandarísku þjóðlífi og langflestir þeirra leggja mikið upp úr siðsamlegu líferni innan veggja hjónaherbergisins sem utan. Margir hafa hvatt til „skírlífis fyrir hjónaband“ til að stemma stigu við ótímabærum þungunum. Fóstureyðingar eru stöðugt þrætuepli í bandarískri umræðu og forseti Bandaríkjanna, George W. Bush, er andvígur þeim og hefur talað opinskátt um þá andstöðu sína í fjölmiðlum og á þingi.

Bandarískir siðapostular hafa hins vegar vaknað upp við vondan draum í ljósi vinsælda Juno. Þeir hafa margir hverjir gagnrýnt kvikmyndina fyrir að draga upp frekar léttúðuga mynd af barnshafandi unglingsstúlkum. Aðrir telja hins vegar að þarna kristallist einhver mesti vandi bandarísku fjölskyldunnar og það þurfi ekki að leita langt út fyrir sögusvið hvíta tjaldsins til að finna hliðstæður í bandarísku þjóðlífi. Árlega er talið að yfir 750 þúsund stúlkur á aldrinum 16-20 verði barnshafandi og árið 2006 gerðist það í fyrsta skipti í fimmtán ár að þessi tala hækkaði. Þess má geta að fóstureyðingar í Bandaríkjunum ekki verið færri í þrjátíu ár.

**Skrítnar fyrirmyndir**

Juno gæti líka bara verið spegilmynd af fyrirmyndum bandarískra unglinga og þar kemur Spears-fjölskyldan sterkt inn í. Enginn skyldi vanmeta áhrif hinnar föllnu poppdrottningar Britney Spears og fjölskyldu hennar og sá bandarískur fjölskyldufræðingur sig knúinn til að skrifa lærða grein um að Spears-fjölskyldan væri holdgervingur hinnar dæmigerðu bandarísku fjölskyldu. Allt virðist slétt og fellt á yfirborðinu en svo kemur upp úr kafinu að foreldrarnir hafa ekki haft hugmynd um hvað táningurinn á heimilinu er að gera.

Ólétta Jamie Lynne Spears varð mikið hitamál á sínum tíma. Þótt nafn þessarar sautján ára gömlu stelpu sé yfirleitt tengt við stóru systur er hún gríðarlega vinsæl meðal grunnskólakrakka í Bandaríkjunum fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Zoey 101. Þeir eru því ófáir sem vilja kenna bæði Juno og Jamie um sífellt fleiri ótímabærar þunganir. Og telja að kvikmyndir á borð við Knocked Up geri lítið úr þeim veruleika sem fylgir því að eignast barn. Þar sé þeirri skoðun haldið á lofti að barneignir séu bara smá hraðahindrun á veginum sem auðvelt sé að komast yfir. Eða eins og Juno segir sjálf í lok kvikmyndarinnar. „Við látum síðan bara eins og að þetta hafi aldrei gerst.“



**BROSTNAR FYRIRMYNDIR** Jamie Lynne Spears og Spears-fjölskyldan hefur verið skotspónn bandarískra siðapostula.

# Sigurjón sagður vera að endurgera Festen

Sigurjón Sighvatsson er á vefsíðu imdb.com sagður vera að leggja drög að því að endurgera dönsku dogmamyndina Festen eða The Celebration. Mun Sigurjón hafa fengið leikstjórann David Mamet til að skrifa og leikstýra myndinni.

Vefsíðan hefur uppfært upplýsingar sínar um íslenska kvikmyndaframleiðandann og þar er greint frá því að Sigurjón sé með tuttugu kvikmyndir á teikniborðinu. Þeirra á meðal er Dark Highway, sem Kiefer Sutherland hefur verið orðaður við, og The Knockout Artist, sem byggð verður á bók Harry Crewes og væntanlega leikstýrt af Sean Penn. Þá er einnig talið líklegt að hafist verði handa við endurgerð norsku gamanmyndarinnar Elling en bandaríski leikstjórinn Jay Roach mun væntanlega stjórna ferðinni þar.



**Í NÓGU AÐ SNÚAST** Sigurjón Sighvatsson hefur samkvæmt kvikmyndavef imdb.com tuttugu kvikmyndir á teikniborðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Midday Cowboy sigurvegari

Stuttmyndin Midday Cowboy eftir spænska leikstjórann Alberto Blanco fékk fyrstu verðlaun á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni The Northern Wave Film Festival sem var haldin í Grundarfirði um síðustu helgi. Nam verðlaunaupphæðin hundrað þúsund krónum.

Í öðru sæti var myndin Anonymous eftir Cristian Pozo og hlaut hann sjötíu þúsund krónur í sinn hlut. Fyrstu verðlaun í tónlistarmyndbandaflokki, eða sextíu þúsund krónur, hlutu pólsku leikstjórarnir Przemyslaw Adamski og Mciej Szupica fyrir myndband sitt við lagið Dziwny jest ten kraj eftir Pink Freud.

Þrjár hljómsveitir sem áttu tónlistarmyndbönd á hátíðinni tróðu upp á föstudeginum, þær BB&Blake, hljómsveitin Sometime og spænska sveitin Appledog sem kom sérstaklega til landsins til að spila á hátíðinni. Menningarsjóður Vesturlands hefur ákveðið að veita hátíðinni aftur styrk á næsta ár og má því búast við að þessi menningarviðburður verði héðan í frá fastur liður í menningarlífi Vesturlands.



**MIDDAY COWBOY** Mynd spænska leikstjórans Alberto Blanco hlaut fyrstu verðlaun á hátíðinni.



# BIOTHERM




MÓTAÐU
LÍKAMANN

Veldu daglega prógrammið þitt

# BIOTHERM dagar í Hagkaupum Holtagörðum, Kringlunni og Smáralind, 28. febrúar - 5. mars

Biotherm vörurnar eru ferskar og byggjast upp á virkum, náttúrulegum innihaldsefnum

**Body Resculpt** línan er með hnitmiðaða virkni til þess að endurmóta líkamann.

Láttu snyrtifræðing Biotherm ráðleggja þér út frá þínum óskum og þörfum, hvort sem það varðar andlitshúðina eða líkamann.

Íþróttataska ásamt Celluli Intense Peel 40 ml og Massage Drain Peel 40 ml grennandi og vatnslosandi líkamskremum, fylgir með þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 6000 kr. eða meira, meðan á Biotherm dögum stendur.*



*Gildir meðan birgðir endast. Fleiri gerðir í boði.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**Þráirðu sumar?**

*Svindlaðu þá aðeins og „grillaðu“ banana í ofninum þínum. Skerðu rauf eftir honum endilöngum, stingdu uppáhaldssúkkulaðinu ofan í, vefðu inn í álpappír, bakaðu í ofni og borðaðu svo ásamt vanilluís. Þá er lítið mál að ímynda sér að hann sé í raun endirinn á heilmikilli grillmáltíð.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN ESTHER TALÍA CASEY LEIKKONA

# Reynir að forðast tilfinningamat



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Ætli það sé ekki bara brauð og ostur. Það er svona snarlið yfir daginn.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:** Maðurinn minn á það til að töfra fram alveg dýrindis máltíðir. Hann gerir alveg rosalega góða indverska rétti sem eru í miklu uppáhaldi hjá mér. Annars eru Sjávarkjallarinn og Fiskmarkaðurinn uppáhaldsveitingahúsin mín, þar kemst maður í matarvímu.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Ókrydduð ýsa með engu finnst mér ekkert sérlega góð.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Ég kann að búa til ótrúlega gott túnfisksalat sem er frekar hollt. Það er svona aðalleyndarmálið mitt.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Ég reyni nú að borða engan tilfinningamat, eins og maður kallar það, en það gerist auðvitað stundum. Þá finnst mér best að fá mér gott, nýbakað brauð með osti og gott te – það slær á þunglyndið.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Ég á alltaf til ost. Svo er alltaf til hellingur af krukkum, með sultum og því um líku.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Ég segi bara pass við því.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Það er örugglega eitthvað á Sjávarkjallaranum. Ég hef fengið dúfubringur og kengúrukjöt og einhvern tíma flugfiskahrogn. Það er svona framandi matur sem gaman er að prófa. Svo borðaði ég líka kínverska deserta og nammi eins og drekaaugu í Singapore. Það var allt alveg súpersætt.

# Gómsæt gúllassúpa

Veturinn hefur enn ekki yfirgefið okkur og súpur eru því enn ofarlega á vinsældarlistanum þegar kuldinn sækir að á kvöldin. Ungversk gúllassúpa vermir bæði maga og sál fyrir utan að bragðast og ilma alveg dásamlega vel. Margar þeirra uppskrifta sem er að finna á netinu gera ráð fyrir tómötum eða tómatpúrru, en samkvæmt ungverskri hefð eiga engin tómatar að koma nálægt gerð súpunnar. Þar er paprikan í aðalhlutverki. Þeir sem vilja fara að gömlum reglum sleppa því tómötunum og bæta frekar við paprikukryddi ef þarf. Sama lögmál gildir svo um gúllassúpuna og íslensku kjötsúpuna; hún er enn betri degi síðar og því um að gera að elda stóran skammt.

**GÚLLASSÚPA F. 8**

- 2 msk ólífuolía
- 2 bollar saxaður laukur
- 2 msk saxaður hvítlaukur
- 3 rauðar paprikur, saxaðar
- 3 msk tómatpúrra
- ½ kíló nautakjöt, skorið í munnbita
- ¼ tsk kúmenfræ
- 1 tsk paprikukrydd
- 6 bollar nautakraftur
- 1 msk sítrónusafi
- 1 bolli kartöflur, skrældar, í teningum
- Sjávarsalt
- Pipar

Hitið olíu og steikið lauk þar til hann er glær. Bætið hvítlauki, papriku og tómatpúrru út í, eldið í 10 mínútur. Bætið kjöti, kúmeni, paprikukryddi, krafti og sítrónusafa við. Látið malla í klukkutíma og kortér. Bætið kartöflum út í og látið sjóða þar til bæði kjöt og kartöflur eru meyrar. Smakkið til með sjávarsalti og pipar.



# Hollustufæði Eddu



**JÁKVÆÐ HOLLUSTUÆTA** Edda Björgvinsdóttir heldur fyrirlestur um heilnæmt mataræði og hvernig hægt er að verða „jákvæð hollustuæta“ hjá Manni lifandi á þriðjudag.

Edda Björgvinsdóttir leikkona heldur fyrirlestur um heilnæmt mataræði hjá Manni lifandi á þriðjudaginn. Fyrirlesturinn nefnist Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímsli? en eins og nafnið gefur til kynna verður fyrirlesturinn á léttari nótunum. Edda mun segja frá eigin reynslu af tilrauninni til að gerast „jákvæð hollustuæta“ og hvernig mataræði og jákvætt hugarfar tengjast. Þá verður einnig komið inn á þau eiturefni sem við innbyrðum frá degi til dags og hvernig lélegur kokkur getur búið til gómsæta heilsurétti – að því er fram kemur á heimasíðunni madurlifandi.is.

Fyrirlesturinn fer fram í húsnæði Manns lifandi að Borgartúni 24 og hefst klukkan 17.30. Skráning fer fram á netfanginu madurlifandi@madurlifandi.is, en nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni.








**SÆKIR Í STERKT** Arnar Steinn Þorsteinsson heillaðist af hinum mörgu skólum kínverskrar matargerðar þegar hann stundaði háskólanám í borginni Guang Zhou og sækir nú helst í sterkan mat. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Augun opnuðust í Kína

**Arnar Steinn Þorsteinsson stundaði háskólanám í kínversku í borginni Guang Zhou í suðurhluta Kína. Hann segir augu sín hafa opnast fyrir matargerð á þeim tíma.**

Arnar er með B.A.-gráðu í kínversku en hana fékk hann frá háskóla í borginni Guang Zhou. „Það er mjög mikil matarmenning þar og borgin er nokkurs konar matarhöfuðborg Kína í hugum margra þó það megi auðvitað deila um það,“ segir Arnar. „Þarna er ekki bara að finna kantónskan mat heldur alla skólana innan kínverskrar matargerðar og annan asískan mat líka. Svo var ekki verra að veitingastaðirnir voru oft opnir allan sólarhringinn. Ég held að metið mitt hafi verið að fara fjórum sinnum út að borða á einum sólarhring, að morgni, í hádeginu, um kvöldið og svo eftir tjútt,“ útskýrir Arnar og hlær við. Hann segir það einmitt reginmisskilning að eitthvað sé til sem heiti kínverskur matur. „Það eru svo margir skólar í matargerðinni en svo er þetta allt sett undir einn hatt. Veitingastaðir í Kína eru yfirleitt svæðisbundnir og það er oft munur á milli héraða,“ útskýrir hann.

Arnar segist hafa uppgötvað sterkan mat við flutninginn til Kína og sækir nú að mestu leyti í hann. Szechuan-piparinn, sem er að finna í uppskriftinni, er einmitt í sterkara lagi. „Ef maður bítur í kornið dofnar munnurinn svolítið. En það er vel hægt að nota kóríander í staðinn eða sleppa því bara að bíta í hann,“ bendir Arnar á.

**MAPO TOFU**

- 500 g stinnt tofu
- 250 g svínahakk
- 1 msk soja sósa
- klípa af maíssterkju
- 2 grænir laukar, t.d. vorlaukur
- 1 hvítlauksgeiri
- 2 msk. olía til steikingar
- 2 msk. svartbaunasósa
- ½ tsk. chili-þykkni
- ½ tsk. hvítlauksmauk
- 2 msk. vatn eða kjúklingakraftur
- 1 tsk szechuan-piparkorn eða mulinn, þurrkaður kóríander

Látið vökvann renna af tofu-inu og skerið í mátulega stóra kubba. Leggið hakkið í löginn í u.þ.b. 20 mínútur.

Skolið græna laukinn og skerið skáhallt í 3 cm bita. Brytjið hvítlaukinn smátt.

Hitið wokpönnuna á meðalháum hita. Bætið olíu á pönnuna. Þegar olían er orðin heit er bætt við chiliþykkni og hvítlauk og steikið þar til ilmar, á að giska 30 sek. Bætið hakkinu við og steikið þar til hakkið er nokkurn veginn eldað í gegn. Lækkið niður í miðlungshita og bætið svartbaunasósu og tofu-kubbum á pönnuna. Látið krauma við miðlungshita þar til tofu-ið er brúnað, u.þ.b. 8-10 mín. Bætið við vatni/kjúklingakrafti eins og þörf er á. Sáldrið szechuan-piparkornum eða kóríander og græna lauknum yfir réttinn rétt áður en hann er borinn fram.

Berist fram með gufusoðnu grænmeti og hrísgrjónum. Það má sáldra hvítlauk yfir grænmetið við gufusuðuna ef vill.

# Áhugamenn um Havana Club

Rottweiler-hundarnir Þorsteinn Lár Ragnarsson og Erpur Eyvindarson hafa tekið höndum saman við Globus um kynningu á Havana Club-rommi. Bæði Þorsteinn og Erpur hafa lengi verið áhugamenn um þetta aðalsmerki Kúbu og hafa oftar en ekki flaggað flösku merktri Havana Club í tengslum við tónleika. „Öllum hljómsveitum fylgir eitthvað áfengi. Í sveitaballamenningunni hefur það helst verið flatur pilsner, en við höfum verið með Havana,“ segir Þorsteinn, en nú hyggst hann með Erpi breiða út boðskapinn. „Við erum nýbúnir að stofna klúbb í kringum þetta, Maradona Social Club,“ útskýrir Þorsteinn, en fyrsta klúbbkvöldið fór fram á Hótel Keili, sem Þorsteinn rekur, síðastliðið fimmtudagskvöld. Með aðstoð útsendara Globus voru



**MARADONA SOCIAL CLUB** Þeir Þorsteinn Lár Ragnarsson og Erpur Eyvindarson eru á meðal meðlima Maradona Social Club sem hefur það á stefnuskránni að auka veg og vanda Havana Club-romms hér á landi. MYND/ÞORGILS JÓNSSON

eiginleikar Havana Club kynntir útvöldum einstaklingum og drykkir blandaðir til fræðslu. „Okkur hefur fundist leiðinlegt að það er verið að blanda mojito, sem er nánast þjóðardrykkur Kúbu, úr rommi eins og Bacardi, sem hefur ekki verið kúbanskt í mörg, mörg ár,“ útskýrir Þorsteinn. „Kúbverjarnir myndu segja að það væri ekki alvöru mojito,“ bætir hann við.

Eftir stofnfund Maradona Social Club er stefnan nú sett á að fræða reykvíska barþjóna um gæði Havana Club, sem klúbburinn vonast til að skili sér að lokum í aukinni meðvitund um kúbanskt romm, enda er yfirlýst stefna klúbbsins að auka veg og vanda Havana Club.






**Allt sem þú þarft...** **...alla daga**

# Kompudagar í smáauglýsingunum

**18.– 29. febrúar. Verð frá 990 kr.**

Ertu að drukkna í drasli? Vantar þig pláss? Er grillið fast í geymslunni? Er ekki kominn tími á vorhreingerningu? Skráðu smáauglýsinguna á visir.is eða hringdu í **síma 512 5000** og seldu gamla dótið með lítilli fyrirhöfn.

> BORÐAR FYRIR BARN



**Kate Moss** hefur breytt mataræði sínu með það fyrir augum að auka frjósemi. Fyrirsætuna ku langa í annað barn, en fyrir á hún dótturina Lilu, fimm ára. Fyrir utan að neyta meira járns og ávaxta hyggst Moss hætta að drekka kaffi og reykja.

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Óttast að Amy sé fallin á ný

Vinir söngkonunnar Amy Winehouse hafa grátbeðið hana um að fara aftur í meðferð. Þeir óttast að hún sé á leiðinni á botninn með eiturlyfjaneyslu sinni á ný. Amy kláraði eiturlyfjameðferð sína fyrr í þessum mánuði en síðan þá hefur hún verið á hraðri niðurleið. „Hún er í slæmu ástandi og greinilega undir áhrifum eiturlyfja. Við teljum að eina leiðin sé að hún fari aftur inn á meðferðarstofnun en hún neitar því,“ segir vinur hennar í viðtali við breska blaðið The Sun. Eiginmaður Amy, Blake Fielder-Civil, tekur undir þessar áhyggjur vina hennar. Hann hefur hótað að banna henni að heimsækja sig í fangelsið þar sem hann dvelur, láti hún ekki af krakkneyslu sinni.

„Amy var farin að reykja kannabisefni og drekka stíft um leið og hún losnaði úr meðferðinni. Neyslan hefur svo bara aukist og allir sem hafa séð hana síðustu daga hafa áhyggjur af ástandi hennar. Hún er á hraðri niðurleið.“



**FALLIN** Söngkonan Amy Winehouse er farin að neyta eiturlyfja á ný eftir að hafa klárað meðferð fyrr í þessum mánuði. Vinir hennar óttast um söngkonuna. Það gerir eiginmaður hennar einnig. NORDICPHOTOS/GETTY

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Tom Cruise** og **Katie Holmes** undirbúa nú veislu til heiðurs nýfæddum tvíburum **Jennifer Lopez**. Á gestalista eru meðal annars **John Travolta**, **Eva Longoria** auk **Beckham**-hjónanna.




GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIÐJAN.IS










# Dramatískt hjá Dior

**Sýning Johns Galliano fyrir tískuhús Christians Dior í París á dögunum sló heldur betur í gegn. Sýningarstúlkurnar virtust klipptar út úr tískublöðum frá sjöunda áratugnum og ef marka má litagleðina fá blár, grár og svartur harða samkeppni um vinsælustu litina í haust.**



**FÆR 200 MILLUR FYRIR ÆVISTARFIÐ** Paul Mawhinney rýnir í plötuumslag.

# Risa plötusafn selst á slikk

Stærsta plötusafn í einkaeigu var selt á uppboði á EeBay á dögunum. Safnið átti Paul Mawhinney í Philadelpiu í Bandaríkjunum. Hann byrjaði að kaupa plötur árið 1951 og hefur verið óstöðvandi síðan. Í safni hans eru þrjár milljónir platna og 300 þúsund geisladiskar – samtals um 6 milljón lög. Safnið rúmaði allar tegundir dægurtónlistar og margar plöturnar voru mjög verðmætar og afar fágætar.

Safnið er vandlega flokkað og geymt í raka- og hitastjórnuðu vöruhúsi. Verðmæti safnsins var varlega metið á 50 milljón dali (rúmlega 3 milljarða íslenskra króna).

Ástæðuna fyrir sölunni segir eigandinn vera þá að hann verði 69 ára á árinu og hann vill fara að lifa lífinu með fjölskyldunni. Hann setti lágmarks tilboðsverð fyrir safnið 3 milljón dali og fékk lítið meira en það, því safnið var selt til írsks safnara á 3.002.150 dali (um 200 milljónir íslenskra króna).




Biblía 21. ALDAR

Biblían gefur mér meiri trú á lífið. Lestur hennar veitir mér hugarró. Hún auðveldar mér að takast á við verkefni dagsins og framtíðarinnar.

*Árni Sigfússon*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




**BRJÓSTIN SEM NORÐMENN HÖFNUÐU** Lene Alexandra bendir stolt á þá.

# *Norðmenn hafna brjóstgóðu Lene*

Norska þjóðin ákvað að senda Maríu Haukaas Storeng í Eurovision í ár með lagið Hold On Be Strong. Ein af þeim sem veittu Maríu harða samkeppni var söngkonan Lene Alexandra, sem keppti með laginu Sillycone Valley. Norðmenn eru guðhræddir og teprulegir og völdu hina settlegu Maríu fram yfir hina óskammfeilnu Lenu, en hún gerir mikið út kynþokkann, bæði með holdlegum myndböndum og lögum eins og „My Boobs are OK“ („Bobbingarnir mínir eru í lagi“).

Lene er 26 ára og hefur setið fyrir ber í blöðum. Hún gerði allt vitlaust í alþjóðlegu götupressunni á dögunum þegar hún og söngkonan í Basshunter komu fram með þá fullyrðingu að þær hefðu farið í trekant með popparanum Robbie Williams. Robbie þrætti fyrir trekantinn en sagði engu að síður að hann hefði ekki fúlsað við honum, enda væru stúlkurnar „helv… glæsilegar“.

EUROVISION **86 DAGAR TIL STEFNU**

Heimilið Börn Snyrtivörur Dömur Herrar

# Estée Lauder
# Gjöfin þín

## Ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 3.900 eða meira.*

Færðu 7 daga skammt af Hydra Complete rakakremi, Perfectly Clean hreinsi og andlitsvatni. Fullkomnaðu útlitið með nýjum Hydra Lustre varalit – Tender Rose, Pure Color augnskugga – Metallic og Projectionist mascara. Þetta allt ásamt tveimur fallegum snyrtitöskum.

** meðan birgðir endast*





**Nýtt:** ESTÉE LAUDER REVELATION rakakrem

Láttu húð þína líta betur út, líða betur og hjálpaðu henni að vinna bug á fyrstu merkjum öldrunar.

**Nýtt.** Revelation Rakakrem sem gerir húðina bjartari og hamlar gegn öldrun.
Nú geturðu hrakið á brott fyrstu einkenni öldrunar húðarinnar - ójafnari lit og dauflega áferð, þurrklínur, smáhrukkur, með þessu yndislega og endurnærandi rakakremi.
Á augabragði ljær það húðinni létta blæju geislandi fullkomnunar og með tímanum stuðlar það að áferðarfallegri, jafnlitri húð fyrir tilstilli sérstakrar efnahvatatækni sem gerir hana bjartari (Skin Clarifying Enzyme Technology).
Samstillt C-vítamín blandan magnar áhrifin og hjálpar til við að hægja á smáhrukkumyndun. Húðin öðlast heilbrigðara og þróttmeira yfirbragð, geislar af lífsorku.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

Nýtt í bíó
Laugarásbíó Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 8 og 10.10 | L |
| RAMBO | kl. 6, 8 og 10.30-P | 16 |
| JUMPER | kl. 10 | 12 |
| LOVEWRECKED | kl. 6 | L |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.30 ÍSL TAL | L |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!



SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 5%

| | | |
|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| 27 DRESSES LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| JUMPER | kl. 6 - 8 - 10.10 | 12 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 4 - 6 - 8 | |
| CLOVERFIELD | kl. 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.40 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | |
| JUMPER | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BEFORE THE DEVIL KNOWS | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 6 - 8 - 10 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 5%

| | | |
|---|---|---|
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5.50 - 9 | 16 |
| INTO THE WILD | kl. 6 - 9 | 7 |
| ATONEMENT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 5%

| | | |
|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 8 - 10 | |
| RAMBO | kl. 5.50 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.50 ÍSLENSKT TAL | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |
| JUMPER | kl. 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5:15 - 8:30 - 10:10 | 16 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5:15 - 8:30 | VIP |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| MR. MAGORIUMS.. | kl. 5:50 | L |
| SWEENEY TODD | kl. 10:10 | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 8 | 16 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 6:10 - 8:20 - 10:30 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5:30 - 8 - 10 | L |
| JUMPER | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| MR. MAGORIUMS... | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| NO COUNTRY FOR OLD... | kl. 10:10 | L |
| JUMPER | kl. 8 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | sýnd lau og sun. | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 8 - 10 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| UNTRACEBLE | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2: THE STREETS | kl. 8 | 7 |
| CHARLIE WILSONS WAR | kl. 10:10 | 12 |
| RAMBO | kl. 8 | 16 |
| NO COUNTRY FOR... | kl. 10 | 16 |


# Emilíana Torrini snýr aftur

Emilíana Torrini er komin á kreik og vonast til að koma út nýrri plötu á þessu ári. Emilíana stimplaði sig rækilega inn með síðustu plötu, Fisherman's Woman, sem kom út í byrjun árs 2005 og það er ljóst að nýrrar plötu frá henni er beðið með mikilli eftirvæntingu.

„Ég á um tíu ný lög og ég er alveg ólm í að koma út plötu í september. Ég er orðin mjög eirðarlaus," sagði Emilíana nýlega í viðtali við aðdáendasíðu á netinu. „Platan er ólík þeirri síðustu, bæði hvað lög og hljóðheim varðar. Nýju lögin eru ólík innbyrðis og ég held að næsta plata verði eins konar millibilsástand. Tónlistin er að breytast en ég hef það á tilfinningunni að breytingin verði ekki fullkomnuð fyrr en á næstu plötu á eftir þessari. Kannski."



**NÝ PLATA Í SEPTEMBER** Emilíana Torrini fylgir eftir Konu sjómannsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Emilíana vinnur sem fyrr með Dan Carey. Hann var nánasti samverkamaður hennar á Konu sjómannsins og samdi með henni Kylie Minogue-smellinn Slow á sínum tíma. Þá semur Eg úr hljómsveitinni Eg & Alice með henni eitt lag eins og síðast.

Í viðtalinu er einnig talað um bernskubrek Emilíönu, tökulagaplöturnar „Merman" og „Crouçie d'où là", sem hún gerði með Jóni Ólafssyni. Þessar plötur urðu metsöluplötur á Íslandi fyrir jólin 1995 og 1996. Margir eldheitir aðdáendur vilja ólmir eignast þessar plötur en þær hafa verið ófáanlegar lengi. Emilíana vill ekki sjá að þær séu endurútgefnar. „Samband mitt við þessar plötur er skrítið og ég er eiginlega búin að afneita þeim. Mamma tók þær stolt úr hillunni og spilaði fyrir kærastann minn um síðustu jól. Ég hafði ekki heyrt þetta síðan ég tók plöturnar upp. Það var kvalafullt að hlusta á þetta ... mér líkaði það alls ekki. Mamma hló en kærastinn roðnaði."

**- glh**

# Biblíulestur veldur deilum

**Félag íslenskra leikara hefur í tölvupósti hvatt félagsmenn sína til að taka ekki þátt í að lesa Nýja testamentið inn á hljóðbók sem útgefandinn JPV er að undirbúa í samvinnu við Blindrabókasafnið.**



**EGILL ÖRN JÓHANNSSON** Framkvæmdastjóri JPV segir að deilan við Félag íslenskra leikara sé á misskilningi byggð.

Ástæðan er launataxtinn sem JPV bauð leikurunum fyrir að vinna verkið, eða fimm þúsund krónur á klukkustund. „Þetta eru alltof lágir taxtar að okkar mati," segir Randver Þorláksson, formaður Félags leikara. Hrafnhildur Theódórsdóttir, sem situr í stjórn félagsins, er á sama máli. „Það sem JPV vildi miða sig við var taxti sem Blindrabókasafnið borgar eftir. Leikarar hafa unnið þar nánast í sjálfboðavinnu en bókasafnið borgar fjögur til fimm þúsund krónur fyrir hverja innlesna klukkustund. JPV fannst þeir vera í sömu aðstöðu og Blindrabókasafnið. Þetta er ekkert stórmál af okkar hálfu. Við sögðum bara nei takk," segir Hrafnhildur. „Þeir höfðu engan áhuga á að hækka greiðsluna og töldu að þeir myndu manna þetta með öðrum hætti og það er bara þeirra mál."

## Móðgun fyrir leikara

Hrafnhildur segir að þessi laun séu móðgun fyrir leikarastéttina. „Mér finnst þetta ansi langt seilst því á bak við hverja upptekna klukkustund er mjög mikil vinna. JPV var að bjóða fimm þúsund krónur sem verktakagreiðslu fyrir innlesna klukkustund sem er kannski þriggja til fjögurra tíma vinna. Þá á leikari eftir að skila sköttum og skyldum greiðslum þannig að tímagjaldið hans sem launamanns hefði verið kannski átta hundruð krónur."



**RANDVER ÞORLÁKSSON** Randver segir að taxtarnir fyrir lesturinn séu alltof lágir.

## Á misskilningi byggt

Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri JPV, segir að málið sé á misskilningi byggt og harmar að stjórn Félags íslenskra leikara hafi sent tölvupóstinn út. Forlagið hafi farið í verkið í samstarfi við Blindrabókasafnið og forsvarsmenn þess hafi bent þeim á launataxtann. Hafi þeir ákveðið að borga hærri launataxtann af þeim tveimur sem bókasafnið hefur notast við. Tekur hann fram að annar af leikurunum tveimur sem voru beðnir um að lesa inn á hljóðbókina hafi gert það án athugasemda en hinn hafi ekki sætt sig við launakjörin.

## Níðingskaup fjarri lagi

„Ég er síðasti maður í heimi til að segja að þetta sé hár taxti, málið snýst ekkert um það. Málið snýst um að við notuðum þann taxta hjá þeim aðila sem er að vinna verkið með okkur. Við fundum þetta ekkert upp," segir hann. „Að það hafi verið meining okkar að bjóða eitthvað níðingskaup er fjarri lagi."

Bætir hann við að málið hafi aldrei komist svo langt að rætt hafi verið um að hækka launagreiðsluna. „Sú staða kom aldrei upp að við þyrftum að taka á því. Við notuðumst við það sem okkur var sýnt að væri í notkun."

**freyr@frettabladid.is**

# Langur vegur upp að altarinu

Eftir að hafa verið brúðarmær í 27 skipti er röðin núna komin að Jane að verða brúðurin.

Hér er á ferðinni enn ein rómantíska gamanmyndin frá draumasmiðjunni. Frá handritshöfundi The Devil Wears Prada kemur 27 Dresses í leikstjórn Anne Fletcher, leikstjóra dansmyndarinnar Step Up. Aline Brosh McKenna hefur verið margt lofuð fyrir handrit sitt að Prada sem tókst ágætlega en ekki er hægt að segja það sama hér. Ólíkt Prada eru fá góð samtöl í myndinni. Þó leynast góðar línur inn á milli sem einhver broddur er í en eru úr takt við restina af myndinni.

Ágætis tími fer í að Jane neiti Kevin ítrekað um stefnumót vegna óendurgoldinnar ástar hennar á yfirmanni sínum. Þessi atburðarás þreytist fljótlega og dregur mikið úr sjarma Jane þar sem Kevin er einn ferskasti persónuleiki myndarinnar.



James Marsden fer vel með hlutverk Kevins og fær bestu línurnar sem kaldhæðinn reynslubolti þegar kemur að brúðkaupum. Heigl, sem leikur Jane, stóð sig með prýði í Knocked Up og Grey's Anatomy-þáttunum og sleppur hér með skrekkinn, þó hefði verið gaman að sjá hana örlítið fyndnari og hressari. Heigl tekst þó vel að sýna sjúklega þráhyggju persónu sinnar.

**Vignir Jón Vignisson - Topp5.is**

**KVIKMYNDIR**

**27 Dresses**

Leikstjóri: Anne Fletcher. Aðalhlutverk: Katherine Heigl, James Marsden.

★★

Í 27 Dresses er búið að hnýta saman margar þaulþekktar klisjur og staðlaðar persónur sem áhorfendur hafa margoft séð í myndum.

# Styðja D´Angelo

Styrktartónleikar fyrir bandaríska saxófónleikarann Andrew D´Angelo, sem á við erfið veikindi að stríða, verða haldnir á Organ á föstudagskvöld. Fram koma Kira Kira, Benni Hemm Hemm, Ólöf Arnalds, HOD-tríó, Óskar Guðjónsson og Hilmar Jensson, sem skipuleggur jafnframt tónleikana. Auk þess munu DJ Johnny Sexual og DJ Kira Kira þeyta skífum.

Andrew, sem leikur með Hilmari í hljómsveitinni Tyft, er eins og svo margir Bandaríkjamenn án sjúkratrygginga og þar af leiðandi eru veikindin mikill baggi á honum og hans fjölskyldu. Ráðgerðir eru styktartónleikar fyrir hann víða um heim, m.a. í New York, Boston, Belgíu, Hollandi, Noregi og á Ítalíu. Ennfremur er hægt að fá fréttir af líðan hans og senda honum framlag á síðunni www.andrewdangelo.com.



**ANDREW D´ANGELO** Bandaríski saxófónleikarinn á við alvarleg veikindi að stríða.

# Mynd Jóhönnu á blúsplötu

Tækniteiknarinn Jóhanna Hjálmtýsdóttir tók ljósmyndina sem prýðir umslag nýjustu plötu blúsarans Davids Honeyboy Edwards, Roamin' and Ramblin'. Honeyboy, sem spilaði hérlendis fyrir tveimur árum, er afar virtur meðal blúsara. Hlaut hann á dögunum bandarísku Grammy-verðlaunin fyrir nýjustu plötu sína, The Last of the Great Mississippi Delta Bluesmen.

„Ég bauð honum í mat þegar hann kom hingað og tók myndir af honum. Nýlega var fólk beðið um að senda myndir sem það ætti af honum. Ég sendi þessa og hún var valin," segir Jóhanna, sem er áhugaljósmyndari. „Ég þekki Mike Pollock sem flutti inn Honeyboy og mig langaði að bjóða honum í mat og fékk það. Það var algjörlega ógleymanlegt. Hann sagði ekki mikið en það var mjög sterkt að hafa hann í heimsókn og ég tók pínu vídeóbrot af honum að spila. En hann var voða þreyttur enda var hann 91 árs þarna." Jóhanna eldaði villibráðarsteikt lambalæri ofan í blúsarann og virtist hann kunna vel að mæta kræsingarnar. „Umboðsmaðurinn sem var með honum sagðist aldrei hafa séð manninn borða eins mikið," segir hún.




**UMSLAGIÐ** Ljósmynd Jóhönnu af Honeyboy prýðir umslag plötunnar Roamin' and Ramblin'.



**JÓHANNA HJÁLMTÝSDÓTTIR** Jóhanna brá á leik fyrir ljósmyndara og stillti sér upp á sama stað David Honeyboy Edwards gerði fyrir hana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þrátt fyrir að hafa tekið myndina á plötuumslagi þessa fræga blúsara hefur Jóhanna ekki fengið krónu fyrir. „Ég vona bara að ég fái diskinn. Ég ætlast ekki til að fá neina greiðslu enda skrifaði ég ekki undir neina samninga." - fb



**HUGH GRANT** Leikarinn er ánægður með starf Marie Curie-samtakanna.

# Fékk hjálp frá „englum"

Leikarinn Hugh Grant hefur óskað eftir því að bresk stjórnvöld leggi meira upp úr meðhöndlun sinni á sjúklingum sem liggja fyrir dauðanum. Grant fylgdist með móður sinni deyja úr krabbameini og segir að Marie Curie-samtökin sem sinntu henni hafi staðið sig eins og englar.

„Þetta er kannski klisja en þau eru það. Þau mættu á staðinn, önnuðust móður mína, spjölluðu og gerðu þetta allt mögulegt," sagði Grant. Bætti hann því við að meirihluti fólks vildi deyja heima hjá sér en ekki nógu margir vissu af þjónustunni sem Marie Carie-samtökin bjóða upp á. „Fólk óttast að það verði byrði á fjölskyldunni ef það liggur heima hjá sér en ef þú hefur Marie Carie-hjúkrunarfræðing til staðar sem sér um allt saman er það raunhæfari möguleiki," sagði hann. Samtökin hafa farið fram á háa fjárveitingu til að geta breitt starf sitt út víðar um landið.



**CORAL** Íslenska rokksveitin Coral spilar lög af sinni fyrstu plötu á tónleikunum.

# Fagnar sinni fyrstu plötu

Íslenska rokksveitin Coral heldur útgáfutónleika á Organ í kvöld í tilefni af sinni fyrstu plötu, The Perpetual Motion Picture, sem kom út fyrir jólin.

Platan, sem hefur fengið jákvæðar viðtökur rokkunnenda, var tekin upp að mestu í Gróðurhúsi Valgeirs Sigurðssonar. Á tónleikunum ætlar Coral að spila plötuna í heild sinni auk nokkurra nýrra laga. Tónleikarnir hefjast upp úr klukkan 21 og er aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar um Coral má sjá á síðunni www.myspace.com/coralspace.



## Úrslitaleikur í Egilshöll í kvöld

Fram og ÍR mætast í úrslitaleik Reykjavíkurmóts karla í knattspyrnu í Egilshöll kl. 19.15 í kvöld. Landsbankadeildarlið Fram hefur tuttugu og fjórum sinnum unnið mótið en 2. deildarlið ÍR er að leika til úrslita í fyrsta skiptið. ÍR vann A-riðil mótsins eftir sigur gegn Fjölni í lokaleik liðsins en niðurstaða riðilsins lá þó ekki fyrir fyrr en í fyrradag þegar kæra Valsmanna á hendur KR-ingum var látin niður falla og úrslit leiks liðanna látin standa óbreytt. Ef Valur hefði unnið kæruna hefði liðið sigrað riðilinn. Fram fór hins vegar með sigur af hólmi í B-riðli mótsins.



sport

sport@frettabladid.is

HALLDÓR INGÓLFSSON: ER MEIDDUR Á HNÉ EN VONAST TIL ÞESS AÐ VERA MEÐ Á LOKASPRETTI N1-DEILDARINNAR

# *Óskandi að enda ferilinn með titli í lok móts*

Reynsluboltinn Halldór Ingólfsson, 39 ára, hefur verið mikilvægur hlekkur í toppliði Hauka í N1-deild karla í vetur, en meiðsli hafa þó sett strik í reikninginn hjá honum eftir að hann fékk högg á hnéð í desember síðast liðnum. Halldór hefur leikið þrettán af átján leikjum Hauka í N1-deildinni í vetur og hefur því þurft að hvíla nokkra leiki og ekki getað æft á fullu þess á milli.

„Eftir að ég fékk höggið á hnéð þá hef ég bólgnað upp alltaf þegar eitthvað álag er á hnénu og þurft að hvíla mig vel og ekkert getað æft að ráði á milli til þess að geta spilað sem flesta leiki," sagði Halldór sem er ánægður með gengi Haukaliðsins í vetur og telur liðið vera á þeim slóðum sem búist var við í upphafi móts í herbúðum félagsins..

„Við erum vissulega í þægilegri stöðu eins og er með fjögurra stiga forystu á toppnum þegar tíu leikir eru eftir en ég tel þó ekki að liðið sé endilega að koma á óvart. Það hefur alltaf verið stefna Hauka í gegnum tíðina að vera í toppbaráttunni og tímabilið í ár var þar engin undantekning. Þrátt fyrir að liðið hafi átt frekar dapurt tímabil í fyrra. Við vissum alveg að við værum með mannskap í að vera í toppbaráttunni og það er góð blanda hjá okkur af ungum og efnilegum leikmönnum sem eru að koma upp og eldri og reyndari mönnum inn á milli og þess fyrir utan erum við með góðan þjálfara í Aroni Kristjánssyni," sagði Halldór sem hyggst leggja skóna á hilluna í lok þessa tímabils.



„Ég er ekki búinn að afskrifa þetta tímabil ennþá og vonast náttúrulega eftir því að geta hjálpað liðinu eitthvað á lokasprettinum. Ef það gengur ekki upp þá hef ég engar áhyggjur af því að það komi ekki bara maður í manns stað, þar sem það er mikið af efnilegum og góðum strákum að koma upp hjá Haukaliðinu í ár. Ég er svo hins vegar búinn að ákveða að hætta endanlega eftir tímabilið og það væri óskandi að enda ferilinn á einum titli í lok móts," sagði Halldór sem útilokar ekki að snúa sér að þjálfun þegar hann hættir sjálfur að spila.

„Það er allt til í dæminu og ég mun skoða það sem kemur upp í þeim málum þegar þar að kemur," sagði Halldór að lokum.



**7. APRÍL 1991** Guðríður Guðjónsdóttir tekur við bikarnum eftir að hafa skorað 6 mörk í sínum 11. bikarúrslitaleik. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

### BIKARÚRSLITALEIKIR GUÐRÍÐAR Á FERLINUM:

Guðríður Guðjónsdóttir hefur skorað 67 mörk í þeim 12 bikarúrslitaleikjum sem hún hefur spilað á ferlinum, en það gera 5,6 mörk að meðaltali í leik.

**1976**
Skoraði 1 mark í 15-17 tapi fyrir Ármanni eftir vítakeppni.
**1978**
Skoraði 4 mörk í 13-11 sigri á FH.
**1979**
Skoraði 5 mörk í 11-8 sigri á KR.
**1980**
Skoraði 9 mörk í 20-11 sigri á Þór Akureyri
**1982**
Skoraði 5 mörk í 19-9 sigri á ÍR.
**1984**
Skoraði 10 mörk í 25-20 sigri á ÍR.
**1985**
Skoraði 9 mörk í 21-14 sigri á Val.
**1986**
Skoraði 11 mörk í 23-18 sigri á Stjörnunni.
**1987**
Skoraði 4 mörk í 14-13 sigri á FH.
**1990**
Skoraði 2 mörk í 16-15 sigri á Stjörnunni.
**1991**
Skoraði 6 mörk í 19-14 sigri á Stjörnunni.
**1995**
Lék ekki með vegna meiðsla en stjórnaði Fram til 22-21 sigurs á Stjörnuni eftir framlenginguu.
**1996**
Lék ekki með vegna meiðsla en stjórnaði Fram sem tapaði fyrir Stjörnunni eftir framlenginguu.
**1999**
Skoraði 1 mark í 17-16 sigri á Haukum.
**2008**
Stjórnar Fylki gegn Stjörnunni.

N1 DEILD KVENNA
Fimmtudagur 28. febrúar
Valur - Akureyri
Vodafone höllin kl. 18.15

# Bikar-Gurrý mætir í Höllina á ný

**Guðríður Guðjónsdóttir hefur orðið tólf sinnum bikarmeistari og á laugardaginn mætir hún með Fylki í bikarúrslitaleikinn. Þetta er bikarúrslitaleikur ungu stelpnanna í Fylki, þar á meðal hjá Sigríði Hauksdóttur, dóttur hennar, en Guðríður var kominn 12 vikur á leið með hana þegar hún varð bikarmeistari 1991.**

**HANDBOLTI** Hið unga lið Fylkis kom flestum á óvart með því að komast alla leið í bikarúrslitaleik kvenna á dögunum en þar spilaði örugglega stóra rullu að þjálfari liðsins, Guðríður Guðjónsdóttir, veit það manna best hvað það er að komast í og fagna sigri í bikarúrslitaleik í Höllinni.

„Það er ótrúlega gaman að líta til baka og rifja þetta upp því þetta eru stærstu leikirnir fyrir utan Evrópuleiki og aðra stærri leiki. Þetta er alltaf stærsti leikurinn á vetrinum í handboltanum," segir Guðríður sem hefur fengið að kynnast því oftar en allir að spila slíka leiki.

Guðríður hefur tekið þátt í fjórtán bikarúrslitaleikjum á sínum ferli þar af tólf sinnum sem leikmaður. Guðríður hefur aðeins tapað tvisvar sinnum bikarúrslitaleik, þeim fyrsta í vítakeppni árið 1976 (15 ára gömul) og svo árið 1996 þegar hún sleit krossband í hné viku fyrir bikarúrslitaleik og hennar stelpur töpuðu fyrir Stjörnunni í framlengingu.

Guðríður hefur reyndar lent í því tvisvar að meiðast skömmu fyrir bikarúrslitaleik því auk þess að slíta krossbönd fyrir úrslitaleikinn 1996 þá hafði hún slitið liðband í þumli árið á undan sem kostaði hana úrslitaleikinn sem Fram vann eftir tvíframlengdan leik gegn Stjörnunni.

Hún hefur farið fimm sinnum alla leið sem spilandi þjálfari og varð síðast bikarmeistari fyrir níu árum, þá á 38. aldursári, þegar Fram vann 17-16 sigur á Haukum. Guðríður var þá bara að æfa með b-liðinu og í rauninni hætt en vegna meiðsla leikmanna í meistaraflokknum komu þær gömlu aftur inn. Þær mættu á nokkrar æfingar fyrir úrslitaleikinn og hjálpuðu síðan til við að landa bikarnum í eitt skiptið til viðbótar.

„Síðasti titillinn var algjör rúsína. Við vorum bara eitthvað að leika okkur í Old-girls en svo kallaði Gústaf þjálfari í okkur og spurði hvort við gætum hjálpað aðeins til. Þessi síðasti bikarúrslitaleikur var alveg ótrúlegur en hann fór fram á sextugsafmælinu hans pabba og liðið labbaði allt upp í Framheimili með bikarinn þar sem hann hélt upp á veisluna og þetta var því alveg ótrúlegur dagur," rifjar Guðríður upp.

Guðríður varð fjórum sinnum bikarmeistari undir stjórn föður síns, Guðjóns Jónssonar, frá 1978 til 1982 og að þessi sinni leikur dóttir hennar undir hennar stjórn.

Guðríður á þrjú börn og hún náði því að verða bikarmeistari þegar hún var orðin ólétt af tveimur þeirra. Guðríður var komin tólf vikur á leið með Sigríði Hauksdóttur þegar hún var bikarmeistari 1991 en sex árum fyrr var hún komin 19 vikur á leið með soninn Guðjón árið 1985.

„Þessi leikur þegar ég var komin 19 vikur á leið var mjög eftirminnilegur. Þá var þriggja vikna pása eftir að Íslandsmótið kláraðist og ég bara tímdi eki að sleppa þessum eina leik sem var eftir. Gústaf Björnsson var að þjálfa okkur og hann sagði mér bara að klára þetta en ég spilaði reyndar bara sókn í leiknum og það gekk bara glimrandi og við unnum leikinn. Þá var farið að sjást vel á manni en 1991 vissi þetta enginn nema ég og þjálfarinn," segir Guðríður en dóttir hennar Sigríður spilar vinstra horn.

„Hún er nú ekki lík mömmu sinni og er kannski ekki að spila mikið en hún hefur þó verið að koma inn á," segir Guðríður en dóttir hennar er aðeins sextán ára og hefur því nægan tíma.

Guðríður veit að Fylkisliðið er ungt og reynslulítið en hún segir það skipta mestu máli í leiknum að stjórna spennustiginu og hún ætlar að reyna að sjá til þess að sínar stelpur kikni ekki í hnjánum við að koma inn í Höllina. Það er þó ljóst að Fylkisliðið hefur allt að vinna en flestir búast við sigri Stjörnunnar.

ooj@frettabladid.is



**13. FEBRÚAR 1999** Guðríður Guðjónsdóttir var síðast bikarmeistari árið 1999 þá á 38. aldursári. Hér eru hún með Sigríði dóttur sinni og bikarinn í leikslok. Sigríður spilar nú með Fylki undir stjórn móður sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR ÞÓR



**13. FEBRÚAR 1999** Guðríður stjórnar sigursöngnum í lokin á bikarúrslitaleiknum 1999. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR ÞÓR



**16. APRÍL 1986** Guðríður Guðjónsdóttir var óstöðvandi og skoraði 11 mörk í 23-18 sigri á Fram í bikarúrslitaleiknum 1986 sem fram fór í Seljaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/BRYNJAR GAUTI



**7. APRÍL 1991** Guðríður Guðjónsdóttir fagnar hér bikarmeistaratitlinum eftir 19-14 sigur á Stjörnunni í úrslitaleik. Guðríður er þarna komin tólf vikur á leið að dóttur sinni Sigríði sem spilar einmitt undir hennar stjórn um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Iceland Express deild kvenna:*

**Keflavík-Haukar 106-58**
**Stig Keflavíkur:** Kesha Watson 34 (9 stolnir, 8 frák., 6 stoðs.), Birna Valgarðsdóttir 22 (19mín.), Susanne Biemer 15, Rannveig Randversdóttir 11, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 10, Halldóra Andrésdóttir 7, Margrét Kara Sturludóttir 4 (8 fráköst, 5 varin), Hrönn Þorgrímsdóttir 3.
**Stig Hauka:** Telma Björk Fjalarsdóttir 14 (17 frák.), Kristrún Sigurjónsdóttir 11, Unnur Tara Jónsdóttir 10 (7 frák., 7 stolnir), Helena Hólm 9, Guðbjörg Sverrisdóttir 7, Svanhvít Skjaldardóttir 2, Bryndís Hreinsdóttir 2, Sara Pálmadóttir 2, Kristín Fjóla Reynisdóttir 1.

**Fjölnir-Hamar 50-78**

### *Ítalski fótboltinn:*

**Lazio-Reggina 1-0**
Emil Hallfreðsson lék allan leikinn fyrir Reggina.
**Inter-Roma 1-1**
0-1 Francesco Totti (35.), 1-1 Javier Zanetti (88.)

### *Skoski fótboltinn:*

**Hearts-Rangers FC 0-4**
0-1 Jean-Claude Darcheville (25.), 0-2 Darcheville (44.), 0-3 Nacho Novo (53.), 0-4 Novo (70.).
Eggert Gunnþór Jónsson lék fyrstu 64 mínútur leiksins með Hearts.

Slaven Bilic, þjálfari Króatíu, hefur komið Martin Taylor til varnar eftir harða tæklingu á Eduardo da Silva:

# Meiðslin láta tæklinguna líta verr út

**FÓTBOLTI** Sóknarmaðurinn Eduardo da Silva, sem ökklabrotnaði illa eftir ljóta tæklingu Martins Taylor í leik Arsenal gegn Birmingham í ensku úrvalsdeildinni um síðustu helgi, fékk í gær að snúa heim af sjúkrahúsi. Slaven Bilic, þjálfari Króatíu, segir tæklinguna hafa verið slys.

Eduardo verður í gifsi næstu sex til átta vikur áður en hann getur hafið endurhæfingu að fullu og stefnt er á að hann geti farið að hlaupa að nýju eftir um sex mánuði. Þetta eru góð tíðindi fyrir fótboltaáhugamenn þar sem fljótlega eftir að atvikið átti sér stað var talið alveg eins líklegt að Eduardo myndi aldrei spila fótbolta aftur.

Í yfirlýsingu á opinberri heimasíðu Arsenal kemur fram að Eduardo sé afar þakklátur fyrir þann stuðning sem hann hefur fengið síðustu daga.

„Eduardo hefur fengið fjöldann allan af stuðningsbréfum og velfarnaðarskilaboðum sem fólk úr öllum áttum hefur sent og hann vill koma þökkum til allra viðkomandi,“ segir í yfirlýsingunni.

Martin Taylor hefur fengið annars konar bréf vegna atviksins og þar á meðal eru svívirðingar og hótanir frá reiðum aðdáendum Eduardos. Þar munu króatískir aðdáendur vera í miklum meirihluta en Eduardo er ein helsta stjarna króatíska landsliðsins og ljóst er að hann getur ekki leikið með liðinu á lokakeppni Evrópumótsins í sumar eins og til stóð.

Slaven Bilic, þjálfari Króatíu, ásakar Taylor hins vegar ekki fyrir atvikið og kvað í raun allt hafa farið á hinn versta mögulega veg.

„Meiðslin láta tæklinguna líta verr út. Þú sérð margar tæklingar sem þessa í viku hverri og Eduardo var óheppinn og á öðrum degi hefði útkoman ekki verið svona slæm. Ég held að Eduardo viti líka að þetta var ekki viljandi hjá Taylor,“ sagði Bilic í viðtali við útvarpsstöðina BBC 5 Live en hann lék á sínum tíma í miðju varnar hjá bæði West Ham og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

Samkvæmt Alex McLeish, knattspyrnustjóra Birmingham, mun Taylor vera í öngum sínum yfir atvikinu.

„Martin var skelfingu lostinn þegar hann sá löppina á Eduardo og hann hefur verið langt niðri síðan atvikið átti sér stað. Liðsmenn Birmingham hafa því þurft að hughreysta hann síðustu daga,“ sagði McLeish í viðtali við BBC Sport. **- óþ**



**HRÆÐILEGT** Eduardo da Silva er hér borinn af velli eftir eina umtöluðustu tæklingu síðari ára í ensku úrvalsdeildinni. NORDIC PHOTOS/GETTY



**34 STIG** Kesha Watson var í stuði gegn Haukum í gær. VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS

Iceland Express-deild kvenna:

# 48 stiga tap meistarana

**KÖRFUBOLTI** Keflavíkurkonur stigu stórt skref í átt að deildarmeistaratitlinum með því að vinna 48 stiga stórsigur á Íslandsmeisturum Hauka, 106-58, í Keflavík í Iceland Express-deild kvenna í gær. Haukastelpur mættu Kanalausar og greinilega án alls sjálfstrausts til leiks því liðið sá aldrei til sólar í leiknum. Keflavíkurpressan át upp hverja sóknina á fætur annarri og Haukaliðið tapaði alls 38 boltum í leiknum. Leiðir skildi endanlega í stöðunni 13-11 í lok fyrsta leikhluta því Keflavík vann síðustu þrjár mínútur hans 16-3, komst í 29-14 eftir hann og var liðið síðan komið 26 stig yfir í hálfleik, 56-30. Keflavík gaf samt ekkert eftir, var yfir 87-43 fyrir lokaleikhlutann áður en að Haukarnir náðu að koma muninum niður fyrir fimmtíu stigin í lokin.

Kesha Watson lék lausum hala og var með 34 stig, 9 stolna bolta og 8 fráköst í liði Keflavíkur og Birna Valgarðsdóttir skoraði 22 stig á aðeins 19 mínútum. Þá var Rannveig Randversdóttir með 11 stig og Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir skoraði 10.

Hjá Haukum var Telma Björk Fjalarsdóttir með 14 stig og 17 fráköst, Kristrún Sigurjónsdóttir skoraði 11 stig og Unnur Tara Jónsdóttir var með 10 stig og 7 stolna. **- óój**





* Fjármögnunarleiga m.v. 60 mán. lán í erlendri myntkörfu (50% chf og 50% jpy) með 20% útborgun, með og án/vsk.

www.renault.is

ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

www.atvinnubilar.is

**RENAULT, LEIÐANDI MERKI Í ATVINNUBÍLUM Í EVRÓPU!** Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi. Notagildi, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; þægindi vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn inn stóran hluta úr degi; sparneytni svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu. Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.

**B&L ATVINNUBÍLAR**
GRJÓTHÁLSI 1 - SÍMI 575 1200 - RÁÐGJAFASÍMI 575 1224/25 - WWW.BL.IS

RENAULT



**FRÍÐA MEÐ** Fríða Rún Þórðardóttir er ein af íslensku keppendunum á mótinu en hún er enn á fullu að keppa.
FRÉTTANBLAÐIÐ/TEITUR

NM öldunga í frjálsum:

## Lengi lifir í gömlum æðum

**FRJÁLSAR** Norðurlandameistaramót öldunga fer fram í Laugardalshöllinni um helgina og eru 264 keppendur skráðir til leiks.

Þetta er fjölmennasta innanhússmót í frjálsíþróttum sem fram hefur farið frá upphafi hér á landi en þar keppa 193 erlendir keppendur auk 71 Íslendings. Flestir keppendur eru frá Íslandi en 69 koma frá Finnlandi, 66 frá Noregi, 40 frá Svíþjóð og 18 frá Danmörku.

Keppendum er skipt niður eftir fimm ára aldursbili, yngsti aldursflokkur er 35-39 ára og elstu keppendur eru í aldursflokki karla 90-94 ára, en elsti keppandi mótsins er Haraldur Þórðarson en hann verður 92 ára á þessu ári. Næstelsti keppandinn kemur frá Finnlandi, en hann er fæddur 1918 og verður því 90 ára á þessu ári.

Á mótinu eru keppt í öllum venjubundnum innanhússgreinum, en auk þess er keppt í lóðkasti og 3.000 metra göngu sem eru sérstakar greinar á öldungamótum. - óój

# Þrjár vígstöðvar á lokasprettinum

**Það verður hart barist um deildarmeistaratitilinn, fjórða sætið og síðustu sætin inn í úrslitakeppnina í lokaumferðum í Iceland Express-deild karla en Fjölnir og Hamar þurfa lítil kraftaverk til þess að bjarga sér.**

**KÖRFUBOLTI** Iceland Express-deild karla hefst á ný í kvöld eftir bikarúrslitaleikjahlé og framundan eru síðustu fjórar umferðirnir í deildinni. Það má segja að vígstöðvarnar í deildinni séu í kringum deildarmeistaratitilinn, fjórða sætið í úrslitakeppnina og síðustu tvö sætin inn í úrslitakeppnina. Það er því mikið í húfi á lokasprettinum.

Keflavík, Grindavík og KR berjast um deildarmeistaratitilinn og þar stendur topplið Keflavíkur langbest að vígi þrátt fyrir að hafa aðeins tveimur stigum meira en Grindavík og KR. Keflavík er nefnilega með betri innbyrðisstöðu gegn báðum liðum og til þess að koma Keflavík af toppnum þá þurfa KR-ingar og Grindvíkingar að fá fjórum stigum meira í lokaumferðunum.

Grindvíkingar eru einnig með betri innbyrðisstöðu en KR og hreppa því annað sætið verði liðin jöfn að stigum. Grindvíkingar eiga hins vegar eftir erfiðari leiki því þeir eiga bæði eftir að sækja Njarðvík og Snæfell heim og mæta svo ÍR í kvöld en Breiðhyltingar unnu einmitt Íslandsmeistara KR í síðasta leik. Keflavík á eftir að spila við þrjú af fjórum neðstu liðunum og vinni liðið þá verður það deildarmeistari og fær heimavallarrétt út úrslitakeppnina.

Skallagrímur, Snæfell og Njarðvík eru öll með 20 stig og í harðri baráttu um fjórða sætið sem gefur heimavallarrétt í fyrstu umferð úrslitakeppninnar. Njarðvík og Skallagrímur eiga eftir að mætast í Njarðvík og þá eiga Njarðvíkingar einnig eftir að fá Grindavík í heimsókn. Skallagrímur á einnig eftir að heimsækja Íslandsmeistara KR og fá topplið Keflavíkur í heimsókn og því ljóst að verkefni þessara tveggja liða eru mjög erfið á lokasprettinum.

Snæfellingar eiga aftur á móti eftir heimaleiki gegn Grindavík og ÍR en útileikirnir eru gegn liðum í hópi fjögurra neðstu í deildinni. Snæfellingar, sem eru nýkrýndir bikarmeistarar og hafa unnið níu af ellefu leikjum á þessu ári, eru líklegastir í dag til þess að hreppa fjórða sætið.



**ÓSAMMÁLA** Spennustigið verður mikið í lokaumferðunum og þar mun reyna mikið á samskipti dómara og þjálfara. Hér sjá Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, og Sigmundur Már Herbertsson eitthvert atvik greinilega ekki á sama hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjögur lið eiga möguleika á að næla sér í síðustu tvö sætin inn í úrslitakeppnina. ÍR-ingar standa best að vígi en þeir eru í sjöunda sæti með tveimur stigum meira en Tindastóll og Þór Akureyri, en Stjörnumenn eru hins vegar aðeins með tólf stig og eiga næsta leik á móti Íslandsmeisturum KR. Lið Tindastóls og Þórs eru jöfn í innbyrðisviðureignum og því kemur heildarstigatala liðanna til með að ráða röðinni endi þau jöfn að stigum.

Útlitið er allt annað en bjart hjá silfurliðum bikarúrslita tveggja síðustu ára. Fjölnir er í raun sex stigum frá öruggu sæti því liðið er fjórum stigum á eftir Stjörnunni og með lakari útkomu úr innbyrðisleikjum liðanna. Fjölnir er líka með lakari stöðu innbyrðis gegn Tindastól en á mesta möguleikann á að ná liði Þórs, ekki síst þar sem þau eiga eftir að mætast þar sem Grafarvogsliðið getur unnið upp fjögurra stiga tap frá því í fyrri leiknum.

Hamarsmenn standa enn verr að vígi en Fjölnismenn, því þeir eru sex stigum á eftir Stjörnunni og þurfa að auki að vinna upp 20 stiga tap frá fyrri leiknum þegar liðin mætast í næstsíðustu umferðinni í Hveragerði. Bæði lið þurfa því á litlum kraftaverkum að halda til þess að vera áfram í hópi þeirra bestu á næsta tímabili.

Hér til hliðar má sjá hvernig fyrsta umferð úrslitakeppninnar liti út ef hún hæfist núna, en einnig hvernig hún verður samkvæmt spá Fréttablaðsins en við búumst við að KR, Snæfell, Njarðvík og Stjarnan komi til með að bæta stöðu sína í lokaumferðunum og að norðanliðin Þór og Tindastóll missi naumlega af úrslitakeppninni. ooj@frettabladid.is

### HVERNIG LÍTUR ÞETTA ÚT?

**Ef úrslitakeppnina hæfist núna:**

| | |
|---|---|
| Keflavík-Tindastóll | Grindavík-ÍR |
| KR-Njarðvík | Skallagrímur-Snæfell |

**Spá Fréttablaðsins:**

| | |
|---|---|
| Keflavík-Stjarnan | KR-ÍR |
| Grindavík-Skallagrímur | Snæfell-Njarðvík |




Bandaríkjamaður Hauka þarf að taka sér hvíld eftir að hafa fengið heilahristing í leik á dögunum:

## Hardy er farin heim

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar Hauka í kvennaboltanum hafa skipt um bandaríska leikmanninn sinn fyrir lokasprettinn í Iceland Express-deild kvenna, en Kiera Hardy verður að taka sér hlé frá körfuboltaiðkun eftir að hafa fengið heilahristing í leik gegn Val á dögunum.

Hardy var ekki sjálfri sér lík í framhaldinu, klikkaði meðal annars á öllum 14 skotum sínum í seinni hálfleik í Valsleiknum og klikkaði síðan á 22 skotum (af 28) í bikarúrslitaleiknum á móti Haukum. Þegar Hardy var sett í frekari skoðun kom í ljós að hún þyrfti að taka sér hvíld.

Kiera Hardy var með 26,5 stig og 5,8 stoðsendingar að meðaltali í leik í Iceland Express-deildinni, en hún skoraði samtals 110 þriggja stiga körfur í leikjunum 22 eða fimm að meðaltali í leik.

Haukar hafa leitað til Greebu Barlow um leika með liðinu það sem eftir lifir tímabilsins. Barlow er 26 ára og 178 cm bakvörður sem útskrifaðist úr St.Johns skólanum árið 2006. Hún var með 9,3 stig, 3,1 fráköst og 2,1 stoðsendingu að meðaltali á lokaári sínu í St. Johns-skólanum.



**FÉKK HEILAHRISTING** Kiera Hardy spilar ekki fleiri leiki með Haukum.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Barlow hefur leikið í Púertó Ríkó og æfði meðal annars með WNBA-liðinu Los Angeles Sparks í fyrra en var látin fara 30. apríl eða daginn áður að undirbúningstímabilið hófst. - óój

Magnús Þór Gunnarsson fyrirliði Keflavíkur:

## Erfiður febrúar

**KÖRFUBOLTI** Það hefur lítið gengið í febrúar hjá Magnúsi Þór Gunnarssyni, fyrirliða Keflavíkur, í Iceland Express-deild karla.

Magnús hefur aðeins skorað 5,3 stig að meðaltali í þremur deildarleikjum liðsins í þessum mánuði þrátt fyrir að spila 27 mínútur í leik. Það hafa aðeins fimm af 20 skotum hans og tvö af fjórum vítum farið rétta leið í síðustu þremur leikjum og nú er svo komið að þessi mikla skytta hefur ekki náð að brjóta tíu stiga múrinn í fjórum leikjum í röð.

Það er ekki eins og Magnús Þór sé að leggja til á öðrum vígstöðvum því þetta er einnig lélegasti mánuður hans í stoðsendingum (2,7) og fráköstum (2,7) á þessum tímabili.

Magnús Þór lék vel fyrir áramót og var þá með 11,8 stig og 5,2 stoðsendingar í leik auk þess að hitta úr 39 prósentum skota sinna. Keflvíkingar þurfa á því að halda að fyrirliðinn komist í sitt gamla form. - óój



**LÍKT VIÐ DROGBA** Amauri hefur verið borinn saman við Didier Drogba vegna hæfileikanna og hárgreiðslunnar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Amauri, Palermo:

## Verður ítalskur þegn í apríl

**FÓTBOLTI** Brasilíski framherjinn Carvalho De Oliveira Amauri hefur heldur betur slegið í gegn með Palermo í ítölsku Serie A-deildinni í vetur og skorað grimmt. Hann hefur hins vegar til þessa ekki verið kallaður í brasilíska landsliðið og hefur nú í hyggju að sækja um ítalskt vegabréf eftir að hafa dvalið á Ítalíu í meira en fimm ár.

„Amauri fær að öllu óbreyttu ítalskt vegabréf 30. apríl næstkomandi og verður þá löglegur með ítalska landsliðinu,“ sagði Mariano Grimaldi, talsmaður Amauri, í samtali við Kiss Kiss útvarpsstöðina í gær.

Ítalska dagblaðið Corriere dello Sport fer fögrum orðum um Amauri en honum hefur oft verið líkt við Didier Drogba, leikmann Chelsea, á velli þar sem hann þykir kraftmikill og skartar reyndar einnig svipaðri greiðslu og Fílabeinastrendingurinn.

Samkvæmt ítölskum fjölmiðlum í gær er talið afar líklegt að Roberto Donadoni, þjáfari Ítalíu, muni hafa samband við Amauri hið fyrsta um möguleikann á að leika fyrir Ítalíu, það er að segja ef Dunga, þjálfari Brasilíu, stekkur ekki til áður. - óþ



**ENDURKOMA** Gary Neville spilaði í 60 mínútur fyrir varaliðið United í fyrrakvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Leikmenn á batavegi:

## Styttist í Agger og Neville

**FÓTBOLTI** Gary Neville, 33 ára varnarmaður Manchester United, tók mikilvægt skref í baráttu sinni við að komast aftur á fullt skrið með Englandsmeisturunum þegar hann lék í 60 mínútur í varaliðsleik gegn Liverpool í fyrrakvöld.

Hægri bakvörðurinn hefur ekkert leikið með aðalliði United í tæpt ár eftir að hafa meiðst á kálfa og ökkla en hann hefur nokkrum sinnum reynt að koma aftur eftir meiðslin en þá hafa lítilvæg meiðsli tekið sig upp og hann þurft að bíða enn lengur.

Neville komst hins vegar ómeiddur í gegnum þann klukkutíma sem hann spilaði að þessu sinni og það væri sannarlega byr í báða vængi fyrir United á lokasprettinum að fá Neville aftur í aðalliðið.

Liverpool vann leikinn 2-0 með mörkum Xabi Alonso og Harry Kewell en aðdáendur félagsins geta einnig verið ánægðir með að Daniel Agger lék með að nýju eftir fimm mánaða fjarveru vegna meiðsla og ætti að snúa aftur í aðalliðið von bráðar. - óþ

Málefni Chelsea hafa verið í brennidepli hjá breskum fjölmiðlum eftir tapið gegn Tottenham um helgina:

# Farið að hitna undir Grant hjá Chelsea?

**FÓTBOLTI** Það hefur mikið gengið á í herbúðum Chelsea síðustu daga og breskir fjölmiðlar hafa farið mikinn í umfjöllun sinni um félagið. Þar ber hæst gagnrýni á liðsval knattspyrnustjórans Avram Grant í úrslitaleik deildarbikarsins.

Chelsea tapaði 2-1 í framlengdum úrslitaleik deildarbikarsins gegn nágrönnum sínum í Tottenham um síðustu helgi en sögusagnir í kjölfarið um vaxandi óánægju leikmanna Chelsea-liðsins með aðferðir Grant við tilkynningu á liðinu fyrir leikinn hafa vakið athygli.



**UNDIR PRESSU** Breskir fjölmiðlar vilja meina að starf Avrams Grant hjá Chelsea sé í hættu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Grant mun hafa kosið að tilkynna byrjunarliðið aðeins rétt fyrir leik og þá kom í ljós að stórstjörnurnar Michael Ballack og Joe Cole voru ekki í byrjunarliðinu.

Breskir fjölmiðlar vilja meina að umræddir leikmenn séu afar ósáttir með vinnubrögð Grants sem og reyndar sé vaxandi óánægja meðal stuðningsmanna félagsins með hans störf.

Grant virðist þó eiga hauk í horni í fyrirliðanum John Terry sem hefur varið knattspyrnustjóra sinn í liðsvali hans. „Hann heldur valinu út af fyrir sig fram í lengstu lög og þannig hefur það verið hjá honum til þessa. Leikmennirnir verða bara að sætta sig við það og þetta heldur okkur öllum á tánum,“ sagði Terry í viðtali við BBC Sport. Terry lét hins vegar í ljós óánægju sína með síðustu æfingu fyrir bikarúrslitaleikinn og átti hörð orðaskipti við aðstoðarstjórann Henk ten Cate og hefur hollenski þjálfarinn staðfest að fúkyrðin hefðu flogið þeirra á milli en að það væri nú gleymt og grafið. Breskir fjölmiðlar vilja hins vegar meina að atvikið undirstriki ólguna sem er í herbúðum félagsins um þessar mundir. Til að bæta gráu ofan á svart þá fjallaði Sky Sport um möguleg vandræði Grant við að afla sér UEFA PRO þjálfunargráðunnar sem er nauðsynleg til þess að hann stýri Chelsea áfram en hann er með undanþágu sem stendur.

Þrátt fyrir neikvæða umfjöllun í breskum fjölmiðlum er Chelsea enn þá að keppa á þremur vígstöðvum, í ensku úrvalsdeildinni, enska FA-bikarnum og Meistaradeild Evrópu. - óþ



## > Jason Priestley

Jason Priestley gerði garðinn frægan þegar hann lék í hinni geysivinsælu þáttaröð Beverly Hills 90210. Hann var kosinn af tímaritum úti um allan heim sem einn fallegasti karlmaður í heimi og fékk hlutverk í kvikmyndum í kjölfarið. Jason leikur meðal annars í kvikmyndinni Sleep Murder sem er sýnd í kvöld á Stöð 2 kl. 01.35.



# dagsk

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR TEKUR MIÐVIKUDAGSKVÖLDIN FRÁ FYRIR SKRÍPALEIK

# *Stórskemmtileg stúdía í fáránleika*

Loksins, loksins kemst líf mitt aftur í fastar skorður. Tyra er snúin aftur. Ef svo ólíklega vill til að einhver hafi fylgst náið með þessum pistlum mínum gæti sá hinn sami hafa tekið eftir því að afstaða mín til veruleikaþátta markast yfirleitt af því að ég vil sjá þeim útrýmt af sjónvarpsskjánum. Bara ekki Tyru. Ó, nei.

Ég skal að vísu viðurkenna það að þetta form sjónvarpsþátta – þar sem einn dettur út í hverri viku af því að hann er ekki nógu góður söngvari, hönnuður, fyrirsæta, ferðamaður, bílstjóri, eða hvað það nú er – er orðið frekar þreytt. Mér er sama um það hvað varðar America's Next Top Model en Skjárinn hóf sýningar á tíundu þáttaröðinni í gær.



TYRA BANKS

Mér er líka alveg sama um þá gagnrýni að eftir að hafa verið krýnd nýjasta ofurfyrirsæta Bandaríkjanna hverfur vinningshafinn af sjónarsviðinu í einu og öllu, fyrir utan kannski eins og eina auglýsingu fyrir konukvöld á bar í heimabæ sínum. Þessir þættir geta fæstir státað af því að krýna nýtt átrúnaðargoð ungra barna og ég þekki að minnsta kosti engan sem getur talið upp alla vinningshafa í American Idol.

Að horfa á America's Next Top Model er svona svipað fyrir vinkvennahópinn minn og þegar við stálumst í varalitina hennar mömmu þegar við vorum sjö ára og horfðum stórum augum á brjóstahaldarana á þvottasnúrunni. Í klukkutíma á viku erum við hluti af fáránlegum heimi tískunnar, þar sem eitt súkkulaðistykki jafngildir táraflóði og tilfinningalegu uppnámi, og týpurnar eru hver annarri sjálfumglaðari og skrítnari. Þess vegna þýðir ekki neitt að horfa á eftirhermuþætti eins og Canada'a Next Top Model, hvað þá bresku útgáfuna eða þá áströlsku. Þar er engin snargeðveik Tyra sem brestur í söng eða leikur hund á nóinu til að sanna eigið ágæti. Þegar þessum klukkutíma er svo lokið stöndum við upp og hrósum happi yfir að vera ekki svo sætar að við eigum á hættu að verða þessum furðufuglum að bráð. En það gerir það ekkert minna skemmtilegt að fylgjast með þeim. Miðvikudagskvöld eru hér með frátekin.

## EKKI MISSA AF



▶ **16.00 Manchester United The Movie** STÖÐ2BÍÓ



▶ **19.00 Hollyoaks** SIRKUS



▶ **20.40 My Name is Earl** STÖÐ2



▶ **21.00 Life** SKJÁREINN



▶ **21.30 Trúður** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** e.
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Nýársprinsessan** e.
**18.00 Stundin okkar**
**18.35 Nýgræðingar** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 07/08 bíó leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu.
**20.45 Bræður og systur** Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðarîkt líf þeirra og fjörug samskipti.
▶**21.30 Trúður** (5:10) (Klovn II) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives IV) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**23.10 Anna Pihl** (2:10) e.
**23.55 Kastljós**
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.05 Invincible**
**08.00 Grace of My Heart**
**10.00 Manchester United. The Movie**
**12.00 Bee Season**
**14.00 Grace of My Heart**
**16.00 Manchester United. The Movie**
**18.00 Bee Season**
**20.00 Invincible**
**22.00 Evil Alien Conquerors** (Illar geimverur)
**00.00 Intermission**
**02.00 Call Me. The Rise and Fall of Heidi Fleiss**
**04.00 Evil Alien Conquerors**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Jack Osbourne - No Fear**
**08.55 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Studio 60**
**10.55 60 mínútur**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.45 Commander In Chief**
**15.30 Heima hjá Jamie Oliver**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Sabrina - Unglingsnornin, Nornafélagið, Doddi litli og Eyrnastór, Doddi litli og Eyrnastór
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag og íþróttir**
**19.25 The Simpsons**
**19.50 Friends**
**20.15 The New Adventures of Old Christine** Önnur þáttarröð þessa skemmtilega sjónvarpsþáttar með Juliu Louis-Dreyfus úr Seinfeld. Christina er nýfráskilin og á erfitt með að fóta sig sem einstæð móðir sérstaklega þar sem fyrrverandi eiginmaðurinn er kominn með nýja og miklu yngri Christine sem gamla Christine er í stöðugri samkeppni við.
▶**20.40 My Name Is Earl**
**21.05 Flight of the Conchords**
**21.30 Numbers**
**22.15 ReGenesis** (Genaglæpir) Hörkuspennandi nýir spennuþættir sem lýsa má sem blöndu af CSI og X-Files.
**23.05 Radioland Murders**
**00.50 Cold Case**
**01.35 Sleep Murder**
**03.05 The Craft** (e)
**04.45 Numbers**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 FA Cup 2008** (Middlesbrough - Sheffield Utd.) Útsending frá leik Middlesbrough og Sheffield Utd. í ensku bikarkeppninni.
**17.00 Spænska bikarkeppnin** (Barcelona - Valencia) Útsending frá leik í spænsku bikarkeppninni.
**18.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**19.35 Inside the PGA** Skyggnst bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
**20.00 Inside Sport** Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
**20.30 Utan vallar** Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
**21.45 Heimsmótaröðin í póker** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**22.40 Ultimate Blackjack Tour 1** Sýnt frá Ultimate Blackjack Tour þar sem margir af slyngustu spilurum heims mæta til leiks.
**23.35 Utan vallar**

## SÝN2

**15.40 Birmingham - Arsenal** Útsending frá leik Birmingham og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**17.20 Fulham - West Ham** Útsending frá leik Fulham og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**20.30 PL Classic Matches**
**21.00 PL Classic Matches**
**21.30 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**22.30 4 4 2**
**23.55 Coca Cola mörkin**

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.45 Vörutorg**
**16.45 Innlit / útlit** (e)
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**19.00 Fyrstu skrefin** (e)
**19.30 Game tíví** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 Everybody Hates Chris** Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. Chris býðst til að færa bíl pabba síns en keyrir alla leið í skólann til að ganga í augun á stelpu.
**20.30 The Office** Framhald frá síðasta þætti. Jólapartístríðið heldur áfram á skrifstofunni og Michael reynir að rétta úr kútnum eftir að kærastan sparkaði honum.
▶**21.00 Life** Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök. Crews og Reese rannsaka morð á brúður sem var myrt á brúðkaupsnóttinni. Brúðguminn liggur undir grun en Crews er ekki sannfærður. Hann er staðráðinn í að láta saklausan mann ekki dúsa í fangelsi. Crews heldur einnig áfram að rannsaka morðið sem hann var sakaður um og finnur mikilvæga vísbendingu.
**22.00 C.S.I. Miami**
**22.50 Jay Leno**
**23.35 The Drew Carey Show**
**00.00 America's Next Top Model** (e)
**01.00 Dexter** (e)
**01.50 High School Reunion** (e)
**02.40 NÁTTHRAFNAR**
**02.40 Less Than Perfect**
**03.05 Vörutorg**
**04.05 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ2 KL. 20.15
### The New Adventures of old Christine

Önnur þáttarröð þessa skemmtilega sjónvarpsþáttar með Juliu Louis-Dreyfus úr Seinfeld. Christina er nýskilin og á erfitt með að fóta sig sem einstæð móðir sérstaklega þar sem fyrrverandi eiginmaðurinn er kominn með nýja og miklu yngri Christine sem gamla Christine á í stöðugri samkeppni við.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Aðþrengdar eiginkonur
### Sjónvarpið kl. 22.25

Desperate Housewives
Nýjasta syrpan í hinni geysivinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. Aðalhlutverk: Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Svörtu sönggyðjurnar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.00** Fréttir
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Í sviðsvængnum: Matthías Johannessen
**23.10** Krossgötur

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (133:260)
**16.30 Hollyoaks** (134:260)
**17.00 Talk Show With Spike Feresten**
**17.25 Special Unit 2** (10:19)
**18.15 Wildfire** (11:13)
▶ **19.00 Hollyoaks** (133:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**19.30 Hollyoaks** (134:260)
**20.00 Talk Show With Spike Feresten** Spike Feresten er einn af höfundum Seinfelds og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fá áhorfandann til að veltast um af hlátri.
**20.25 Special Unit 2** (10:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**21.15 Wildfire** Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.
**22.00 Gossip Girl** (8:22)
**22.45 The Closer** (13:15)
**23.30 Nip/Tuck** (7:14)
**00.15 Bandið hans Bubba** (4:12)
**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn stöðvarinnar þeir Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæđal eru í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Nútímafólk** Randver Þorláksson sjallar við Hjálmar H. Ragnarsson tónskáld og rektor Listaháskóla Íslands. Umræðuefnin eru lífið og listin.
**21.30 Úrval úr Mér finnst**

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Penge **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Natur til hele banden **12.50** Hvad er det værd? **13.20** Godt arbejde **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Boogie Update **15.30** Pucca **15.35** Kim Possible **16.00** Barda **16.30** Fandango med Sebastian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Rejseholdet **20.00** TV Avisen **20.25** Ærlig talt **20.50** SportNyt **20.55** Truslen fra dybet **21.35** Hul igennem **22.20** Blind Justice **23.00** Boogie Update

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Migrapolis **11.40** Spekter: Spionen **12.35** 'Allo, 'Allo! **13.05** Landsbylegane **14.00** Fabrikken **14.30** Heilt vilt **14.55** Sketsj **15.05** Hannah Montana **15.30** Megafon **16.00** NRK nyheter 1**6.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Ørdna - Samisk kulturmagasin **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **16.58** Barne-tv **17.00** Den lille blå dragen **17.10** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Predikanten **21.30** Uti vår hage 2 **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Standup: Jack Dee live fra Apollo **23.30** P3tv live **0.30** Kulturnytt **0.40** Norsk på norsk jukeboks **2.00** Sport Jukeboks

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Varför, Ouafa? **11.35** Lantz i P4 **13.30** Skärgårdsdoktorn **14.30** Dubbat **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.15** Karamelli **16.45** Sagoträdet **17.00** Bolibompa **17.20** Lycka är... **17.25** Krumelurdjur **17.30** Mamma Spindels alla små kryp **18.00** Bobster **18.15** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Brottet **21.00** Debatt **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.25** Uppdrag Granskning **23.25** Klass 9A **23.55** Out of Practice **0.15** Sändningar från SVT24




## MORGUNMATURINN



*„Það er cappuchino, ristað brauð og ávextir. Þetta er mjög góð blanda og hressandi.“*

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari.

# Egill Helgason predikar í kirkju

„Já, ég er búinn að verða við bón hans, ætla að predika eftir Grikklandsdvölina síðla sumars,“ segir sjónvarpsmaðurinn Egill Helgason sem hefur tekið séra Baldur Kristjánsson á orðinu og ætlar að predika í Strandarkirkju í sumar. Baldur skoraði fyrir skemmstu á Egil að predika hjá sér.

Egill sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki vera í neinum vafa um að grískir andar ættu eftir að svífa yfir vötnum í predikun sinni enda segist sjónvarpsmaðurinn vera hallur undir grísku rétttrúnaðarkirkjuna. „Þetta verður eitthvað voðalega íhaldssamt og mun örugglega snúast um fjölskyldugildin enda eru þau í hávegum höfð í Grikklandi.“ Egill er einnig hrifinn af prestum kirkjunnar en þeir klæðast yfirleitt svörtu, eru með mikið skegg og eru kvæntir. Ganga um göturnar með eiginkonur sínar og börn. „Ólíkt þeim í rómversk-kaþólsku kirkjunni. Mér finnst skírlífið sem þar er ástundað meðal prestanna eitthvað undarlegt.“

Egill tekur þó fram að helsta ástæðan fyrir því að hann láti verða af þessu sé sú að Strandarkirkja sé mögnuð bygging á mögnuðum stað. Predikunarboðið kom á bloggsíðu Baldurs eftir skoðanaskipti gömlu samstarfsfélaganna af Tímanum um hvort pólitík ætti heima í guðshúsi. Baldri fannst í kjölfarið upplagt að bjóða Agli að predika og skrifaði að Egill væri eins og prestur í predikunarstól með sitt virðulega blogg í efsta sæti vefsíðunnar Eyjunnar. **- fgg**



**TEKINN Á ORÐINU** Séra Baldur bauð Agli að predika og hefur Egill nú þekkst boðið.

**ELDKLERKURINN EGILL** Sjónvarpsmaðurinn ætlar að predika í Strandarkirkju eftir Grikklandsdvölina.



**LÁRÉTT 2.** hæfileika **6.** 2 eins **8.** krá **9.** leturtákn **11.** tveir eins **12.** ráðagerð **14.** iðja **16.** klafi **17.** beiskur **18.** segi upp **20.** hef leyfi **21.** svikull.

**LÓÐRÉTT 1.** listi **3.** í röð **4.** vörurými **5.** dýrahljóð **7.** sælindýrstegund **10.** nytsemi **13.** flan **15.** fimur **16.** heyskaparamboð **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** kk, **8.** bar, **9.** rún, **11.** rr, **12.** áform, **14.** starf, **16.** ok, **17.** súr, **18.** rek, **20.** má, **21.** flár.

**LÓÐRÉTT: 1.** skrá, **3.** áb, **4.** farmrúm, **5.** urr, **7.** kúfskel, **10.** not, **13.** ras, **15.** frár, **16.** orf, **19.** ká.




VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR: HÁLFS ÁRS VINNA VIÐ STÓRMYND TIL EINSKIS

# Valdís svikin í Hollywood

„Svona er bara Hollywood. Annars er þetta mjög viðkvæmt pólitískt mál og ég vil helst ekki tjá mig um það,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn og klipparinn Sigvaldi J. Kárason. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru hann og Bafta-verðlaunahafinn Valdís Óskarsdóttir ekki par sátt við vinnubrögð aðstandenda kvikmyndarinnar Vantage Point sem fjölmiðlar hér á landi greindu frá að þau myndu klippa.

Risinn Sony framleiðir myndina en með helstu hlutverk fara þau Sigourney Weaver, Forest Whitaker og Dennis Quaid. Myndin sýnir morð á forseta Bandaríkjanna frá sjö sjónarhólum og hefur hlotið misjafna dóma. Annar Íslendingur kemur við sögu en tónskáldið Atli Örvarsson semur kvikmyndatónlistina.

Málið snýr að kreditlista kvikmyndarinnar en í kvikmyndahúsum þar vestra er klipparanum Stuart Baird eignaður allur heiðurinn. Nöfn Valdísar og Sigvalda líða síðan hjá samhliða smiðum og öðrum minni spámönnum. Hið sama gildir einnig um dóm Screen Daily en þar er Baird titlaður aðalmaðurinn á bak við klippinguna. Hvergi er hins vegar minnst á verk Valdísar né Sigvalda. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins geta Valdís og Sigvaldi þó ekkert aðhafst.

Þau unnu að klippingu Vantage Point í hálft ár í Lundúnum. Þegar þau voru við það að leggja lokahöndina á verk sitt vildi Sony fá nýjan mann í brúna. Baird tók í kjölfarið við verkinu og Valdísi og Sigvalda var gert að taka sitt hafurtask og fara.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þykir íslensku kvikmyndagerðarmönnunum sú útgáfa sem Baird lét í hendurnar á Sony sláandi lík þeirra eigin útgáfu af myndinni. Af einhverjum ástæðum hefur Baird hins vegar tekist að fá það í gegn að vera titlaður sem aðalklippari myndarinnar. Og vinnu þeirra Valdísar og Sigvalda er hvergi getið í því samhengi.

Stuart Baird er feykilega virtur í Bandaríkjunum og átti meðal annars heiðurinn af klippingu Bond-myndarinnar Casino Royale, tveimur fyrstu Lethal Weapon-myndunum og Superman. Baird hefur tvívegis verið tilnefndur til Óskarsverðlauna; annars vegar fyrir Gorillas in the Mist og hins vegar Superman frá árinu 1979.

Valdís vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir viðbrögðum hennar. Vantage Point verður frumsýnd á Íslandi í næsta mánuði. **freyrgigja@frettabladid.is**



**VERKINU STOLIÐ** Valdís Óskarsdóttir og Sigvaldi Kárason klipptu stórmyndina Vantage Point. Annar klippari var fenginn til verksins og virðist hann hafa nýtt sér vinnu þeirra og hirt heiðurinn af. Valdís vildi ekkert tjá sig um Vantage Point við Fréttablaðið, hvorki um dóm Screen Daily né aðkomu Stuart Baird.



**SÖKUDÓLGUR?** Stuart Baird er eignaður allur heiðurinn af Vantage Point og hvergi minnst á framlag Valdísar né Sigvalda J. Kárasonar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það hefur mikið borið á athafnamanninum **Jóni Ólafssyni** síðustu mánuði. Jón kynnir vatn sitt, Icelandic Glacial, um allan heim og mikið hefur verið fjallað um uppgang hans og fyrirtækis sonar hans. Mikil ferðalög fylgja umsvifum Jóns og fyrir vikið er hann aðeins með annan fótinn hér á landi. Um þessar mundir standa yfir endurbætur á húsi hans í miðborg Reykjavíkur en það lætur athafnamaðurinn ekki á sig fá. Þegar hann er hérlendis dvelst hann ætíð í glæsilegri svítu á Hilton-hótelinu.



**Eiríkur Hauksson** verður ekki meðal álitsgjafa í sam-norrænum þáttum um Eurovision. Þættirnir hafa verið slegnir af eftir að sló í brýnu með Norðmönnum og Svíum. Norðmenn munu hafa í hyggju að halda áfram með slíka þáttagerð en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Eiríkur ekki vera spenntur fyrir slíku. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er ekki á teikniborðinu neinn samnorrænn þáttur hjá RÚV en þeir í Efstaleitinu hafa þó fullan hug á því að kynna væntanlega keppinauta **Regínu Óskar** og félaga hennar í Euroband-inu.



Og þrátt fyrir að margir kunni að hafa horn í síðu þessarar Eurovision-keppni þá er því ekki að leyna að Eiríkur Hauksson hefur nýtt þá athygli sem hann fékk fyrir Valentines Lost mjög vel. Innan örfárra daga verður frumsýnd finnsk heimildarmynd um rauðhærða rokkgoðið og frændur Finna, Rússar, hafa einnig tekið miklu ástfóstri við Eurovision-stjörnuna. Þannig heldur til að mynda rússneskur aðdáendaklúbbur úti myndarlegri heimasíðu sem er eingöngu tileinkuð Eika. **-hdm/fgg**






# Þórir tvíbrotinn í ítölsku Ölpunum

„Ég veit eiginlega ekki hvað gerðist, það síðasta sem ég man var að ég stóð uppi í brattri brekku og var að fylgjast með syni mínum á hægri niðurleið. Næsta sem ég man er að ég lá þarna í brekkunni og maðurinn við hliðina og blóðslettur úti um allt,“ segir sjónvarpsfréttamaðurinn Þórir Guðmundsson sem rifbeins- og viðbeinsbrotnaði í skíðaferð á Ítalíu á fimmtudaginn í síðustu viku. Pólskur skíðakappi missti stjórn á ferð sinni niður fjallið og keyrði hann niður. Sá pólski skarst eitthvað í andlitinu en báðir eru þeir þó á batavegi.

Þórir var ásamt fjölskyldu sinni í ítölsku Ölpunum, nánar tiltekið í Madonna di Campiglio. Og ferðin hófst reyndar ekki betur en svo að fréttamaðurinn náði sér í flensu og gat því ekki staðið á skíðum í byrjun. Þórir hafði því ekki rennt sér niður brekkur Alpanna nema í tvo daga þegar slysið batt enda á ferðina.

Þórir var fluttur á sjúkrahús með sjúkrabíl ásamt Pólverjanum og segir fréttamaðurinn að vel hafi farið á með þeim á leiðinni. „Enda var þetta bara slys,“ segir hann og þakkar fyrir að hann var með hjálm sem hann telur að hafi bjargað miklu. Þórir kom síðan heim um helgina og bjóst við því að vera frá vinnu í nokkrar vikur. **- fgg**



**SLASAÐUR STJÖRNUFRÉTTAMAÐUR** Þórir Guðmundsson ber sig vel þrátt fyrir að hafa stórslasast í skíðaferð á Ítalíu á dögunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

Opnum **nýja verslun** á Smáratorgi 1 í Kópavogi!

Full búð af nýjum vörum og verð sem enginn leikur eftir.

OUTLET 10

Sími 534 4450

SMÁRATORGI 1

FAXAFENI 10

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




**BAKÞANKAR**
Ólafs Sindra Ólafssonar

## *Aðal rasisti bloggheima*

Þrennt er verulega athyglisvert við nýgenginn dóm yfir Gauki Úlfarssyni vegna þeirra ummæla hans að Ómar R. Valdimarsson sé ekki bara rasisti, heldur erkirasisti.

**Í FYRSTA** lagi er það ósamræmið á milli þess annars vegar að beita fullum þunga á þann sem kallar mann rasista fyrir að leggja nýbúa í einelti og flimta með illan aðbúnað erlendra verkamanna og hins vegar þess að horfa algjörlega framhjá því þegar sami maður er sagður á mála hjá alþjóðlegu glæpagengi.

**Í ÖÐRU** lagi er verulega einkennilegt að Ómar skuli sækja af svo miklum þunga gegn Gauki þegar hann er sjálfur höfundur keimlíkra ummæla og gæti því fengið bjúgverpilinn beint í hnakkann aftur. En Ómar fullyrti fyrir nokkru að skiljanlega gæti einhverjum virst að í borgarráði Reykjavíkur sætu rasistar sem meinuðu múslimum um byggingu mosku vegna húðlitar og annarra fordóma.

**Í ÞRIÐJA** lagi (og það sem mér finnst athyglisverðast) er að miðað við dóminn þá fengu báðir aðilar að taka með sér leynigesti í dómssalinn – og það gesti sem áður hafa komið við sögu skyldra mála.

**AF** einhverjum ástæðum þótti ástæða til að setja deiluefnið í það samhengi að annar væri til hægri í stjórnmálum en hinn til vinstri – það virtist raunar hafa verið eina vörn Gauks (og vonlaus sem slík). Þá hlýtur að vakna minningin um það þegar Þórbergur fékk á baukinn fyrir að kalla Hitler heilalausan öskurapa. Þá sat Þórbergur hnípinn á sakamannabekk með félaga Stalín á öxlinni en Ríkissaksóknari bar blak af Foringjanum. Foringinn vann, enda var þetta á þeim tíma þegar hann þótti meira móðins en stálmaðurinn. Nú, svona löngu seinna, sat Gaukur á bekknum undir væng verndarengilsins Steingríms J. en ránfuglinn stóð sperrtur á öxl Ómars og einblíndi soltineygður á gaukinn.

**ÞAÐ** kom auðvitað í ljós að hvorki gaukar né englar eiga roð í ránfugla. Og í einu vetfangi safnaðist Gaukur í hóp manna (þar á meðal föður síns) sem lúskrað hefur verið á með gullbryddaðri gaddakylfu velsæmisins. Og téður Ómar R. Valdimarsson, sem bar sig svo ósköp snautlega, stillti sér upp við hlið hinna fórnarlambanna: Guðs og Hitlers.

**VIÐ** megum þakka fyrir að einhverjir halda enn uppi vörnum fyrir lítilmagnann.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 27. febrúar, 58. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.44 | 13.41 | 18.48 |
| Akureyri | 8.34 | 13.25 | 18.18 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


